

VIKTORÍA HERMANNSDÓTTIR

*Skemmtilegt að blanda litum og svörtu saman*

• tíska • heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



BRÚÐKAUP

*Tíska, matur, skart og Hollywood-hjónabönd*

Sérblað um brúðkaup

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

2. apríl 2009 — 80. tölublað — 9. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Skilur reiði framhaldsskólanema

Átta þúsund manns hafa skorað á RÚV að sýna söngkeppnina.

FÓLK 54

### Hver er munurinn?

„Konum í Sádi-Arabíu eru enn meinuð ýmis mannréttindi, sem blökkumönnum voru áður meinuð í Suður-Afríku," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24

### Öðlaðist trú á eigin getu



Anna Margrét Sigurðardóttir er nýútskrifuð úr Prisma-diplómanámi.

TÍMAMÓT 32



### Sárt tap

Ísland tapaði gegn slökum Skotum á Hampden Park í gær.

ÍÞRÓTTIR 50

### VEÐRIÐ Í DAG




**VÍÐA VINDUR** Í dag verða austan 8-18 m/s, hvassast allra syðst og vestast. Rigning á suðurhluta landsins um hádegi en rigning eða slydda á láglendi á norðurhluta landsins síðdegis og í kvöld. Hiti 0-10 stig.

VEÐUR 4

# Milljarðatugir liggja án vaxta hjá Bretum

**Seðlabanki Bretlands tekur við öllum afborgunum af útlánum gamla Landsbankans þar í landi. Féð liggur þar vaxtalaust en um allt að 50 milljarða króna er að ræða. Féð mun renna upp í Icesave-skuldir Landsbankans síðar.**

**EFNAHAGSMÁL** Allt að 300 milljónir punda, eða rúmir fimmtíu milljarðar króna, liggja á sérstökum reikningi í nafni Landsbankans hjá seðlabanka Bretlands, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Inn á reikninginn renna afborganir af útlánum gamla Landsbankans í Bretlandi og hafa safnast upp eftir að eignir bankans voru frystar. Háar upphæðir renna inn á reikninginn í hverjum mánuði.

„Já, ég fékk upplýsingar um það í tengslum við viðræður um Icesave-reikninganna að Bank of England taki við öllum afborgunum af útlánum gamla Landsbankans og þar liggi þetta fé vaxtalaust," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. „Þetta eru háar upphæðir þó að þær vegi ekki þungt upp í öll ósköpin sem fylgja Icesave."

Páll Benediktsson, upplýsingafulltrúi skilanefndar gamla Landsbankans, staðfestir að afborganir af útlánum renni inn í seðlabankann breska. „Við eigum reikning þar sem þetta fé situr vaxtalaust. Hins vegar er ekki hægt að upplýsa um hversu há upphæðin er vegna þess að um viðskipti tveggja fjármálastofnana er að ræða, sem trúnaður er um." Páll segir að þó að féð hafi verið fryst þá sé það eign Landsbankans og muni síðar renna upp í skuldbindingar bankans í Bretlandi.

Steingrímur segir að þessi inneign Landsbankamanna hljóti að verða eitt af því sem samninganefnd Íslands um Icesave-skuldbindingarnar mun ræða á næstu vikum og mánuðum. „Ef ég skil þetta rétt verður þetta með þessum hætti á meðan frysting eigna bankans varir. Þetta þarf að ræða, frystinguna sjálfa og meðferð þeirra fjármuna sem þarna eru."

Stór hluti af frystum eignum gamla Landsbankans í Bretlandi er útlán. Féð sem hefur runnið inn í seðlabanka Breta, og mun renna til bankans þangað til niðurstaða fæst í samningum um Icesave, er afborganir þeirra lána. Féð sem nú er geymt á vaxtalausum reikningi gæfi af sér 500 milljónir króna á ári fyrir hvert prósent sem fengist í ávöxtun, til dæmis hér á landi.

- shá



**MÓTMÆLI** Eldar brunnu á götum fjármálakerfis Lundúna í gærkvöldi. Yfir 30 mótmælendur voru handteknir í mótmælum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Á fimmta þúsund mótmæltu fyrir upphaf fundar 20 helstu iðnríkja heims:

# Ruddust inn í Skotlandsbanka

**BRETLAND, AP** Óeirðalögregla tókst á við mótmælendur sem streymdu til Lundúna í gær til að mótmæla fundi tuttugu helstu iðnríkja heims sem fram fer í borginni.

Fréttastofan Sky segir frá því að einn mótmælandi hafi látist í gær, en hann hné niður í búðum mótmælenda. Talsmenn lögreglu segja að mótmælendur hafi grýtt flöskum í lögreglumenn þegar þeir fjarlægðu lík mannsins.

Mótmælendur brutust í gær í gegnum línu lögreglumanna og komust inn í Royal Bank of Scotland í fjármálahverfi London. Þá komust mótmælendur einnig inn í breska seðlabankann. Lögregla handtók yfir 30 mótmælendur, en lögregla telur að um eða yfir 4.000 manns hafi tekið þátt í mótmælunum.

Fundur hinna svokölluðu G20 ríkja hefst í Lundúnum í dag, en leiðtogar ríkjanna komu flestir til borgarinnar í gær.

- bj / sjá síðu 4



**GLEÐI** Haukastúlkur fögnuðu líkt og óðar væru eftir frábæran sigur á KR í oddaleik. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Iceland Express-deild kvenna:

## Haukastúlkur meistarar

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna í gærkvöldi með sigri á KR, 69-64, í æsilegum oddaleik að Ásvöllum.

Þetta var fyrsti oddaleikurinn í úrslitarimmu í íslenskum körfubolta síðan árið 2002.

Haukastúlkur leiddu lengstum en KR-stúlkur neituðu að gefast upp og komu alltaf til baka. Undir lokin reyndust taugar Haukastúlkna sterkari og þær fögnuðu sigri.

- hbg / sjá síðu 48

Stjórnarmaður í LÍÚ:

## Segir fyrningu boða gjaldþrot

**SJÁVARÚTVEGUR** Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra útvegsmanna, segir hugmyndir stjórnarflokkanna um fyrningu aflaheimilda, boða gjaldþrot útgerða landsins á fáum árum og í kjölfarið verði nýreist bankakerfi landsins einnig gjaldþrota.

Sigurgeir segir að í úttekt frá árinu 2003 sem Deloitte vann fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum, sem hann er framkvæmdastjóri hjá, hafi komið fram að fyrirtækið yrði gjaldþrota á sex árum miðað við fyrningartillögur þá. Við útreikningana notaði Sigurgeir ársreikninga stærstu útgerðarfélaga landsins frá 2001 til 2007.

- jse / sjá síðu 6










## SPURNING DAGSINS



*Tommi, ætlarðu ekki að kjósa Borgarahreyfinguna?*

„Maður í minni stöðu getur ekki verið pólitískur.“

Tómas Tómasson, Tommi í Hamborgarabúllunni, heldur sér í feiknaformi með nægri hreyfingu og borgaraáti.

Leitað samþykki lánardrottna dótturfélags Kjalars til nauðasamninga:

# Egla leitar nauðasamninga

**VIÐSKIPTI** Á fundi kröfuhafa í Eglu hf., sem haldinn var í gær, var samþykkt að leita samþykkis kröfuhafa til að fara fram á nauðasamninga. Stjórnin lagði tillöguna fram, en í henni felst að um 15 prósent af kröfum verði greidd á næstu mánuðum. Skuldir fyrirtækisins eru á níunda milljarð króna.

Fjórðungur kröfuhafa þarf að samþykkja til að beiðni um nauðasamninga verði tekin fyrir. Kristinn Hallgrímsson lögmaður bjóst við að sá stuðningur næðist strax eftir helgi, enda hefði komið fram víðtækur stuðningur við tillöguna á fundinum í gær. Gangi það eftir má gera ráð fyrir að nauðasamningar geti farið fram í maí.



**ÓLAFUR** Egla er dótturfélag Kjalars sem er í eigu Ólafs Ólafssonar, sem oft er kenndur við Samskip. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Egla er dótturfélag fjárfestingafélagsins Kjalars, sem er í eigu Ólafs Ólafssonar, sem oft er kenndur við Samskip. Kjalar á í deilum við Kaupþing um uppgjör framvirkra gjaldeyrissamninga. Kjalar vill að þeir séu miðaðir við gengi Evrópska seðlabankans í október á síðasta ári. Það er um helmingi hærra en það sem Seðlabanki Íslands notaðist þá við.

„Það liggur fyrir að Kjalar mun strax og fyrirtækið hefur mögulega á að fara í mál vegna þessara samninga,“ segir Kristinn. Hann segir að fái Kjalar kröfum sínum framgengt muni kröfuhafar í Eglu fá skuld sína greidda að fullu. **- kóp**

Röskva boðar til setuverkfalls:

# Vilja sumarannir við HÍ

**MENNTUN** Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands, boðar til setuverkfalls fyrir utan skrifstofu Háskólarektors í dag. Tilgangur setuverkfallsins er að knýja skólayfirvöld til að taka upp sumarannir við skólann.

Setuverkfallið hefst klukkan átta og þar verður setið til klukkan eitt eftir hádegi.

Könnun sem stúdentaráð gerði bendir til þess að tæplega 13.000 háskólastúdentar gætu verið án atvinnu í sumar. Fundað verður um málið í Háskólaráði í dag.

**- kg** / **sjá síðu 10**



**Á BÓLAKAF** Eins og sést fór bíllinn á bólakaf. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Slys við Kópavogshöfn:

# Bíll dróst með bát í höfnina

**SLYS** Ekki vildi betur til við sjósetningu báts í Kópavogshöfn í gær en að bíllinn, kerran og báturinn enduðu öll í höfninni. Eigandi var einn á ferð með bátinn í kerru og bakkaði niður þar til gerðan ramp. Af einhverjum orsökum fór bíllinn alla leið og á bólakaf í höfnina. Eigandanum varð ekki meint af volkinu.

Slökkvilið og lögregla komu á staðinn og kalla þurfti á kafara til að ná bílnum upp. Losa þurfti kerruna af bílnum í bólakafi og þá var loks hægt að koma taug í bílinn og draga hann upp með spili. Ekki er vitað hvað olli því að bíllinn rann af stað. **- kóp**

Um verk ríkisstjórnar:

# Jafnréttisráð með og á móti

**JAFNRÉTTI Jafnréttisráð fagnar aðgerðaáætlun gegn mansali, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar um kynjaða hagstjórn og tilkomu Jafnréttisvaktar, segir í tilkynningu.**

**Um leið er minnt á að algjörlega sé á skjön við anda jafnréttislaga að í nýskipaðri stjórn Seðlabanka séu fimm karlar og tvær konur og í sérnefnd um endurskoðun stjórnarskrár séu átta karlar og ein kona. Á sama hátt sé gagnrýnivert að í stjórn Kaupþings séu einungis konur.**

**Hafa skuli í huga og taka tillit til að samfélagið sé kynjað. - kóþ**

# Hart deilt við Hafró um skoðunarsvæði

**Hafrannsóknastofnunin hefur lagt fram tillögur að sérstökum hvalaskoðunarsvæðum. Hvalaskoðunarsamtök Íslands segja svæðin of lítil og hvalaskoðun geti lagst af. Hrefnuveiðimenn segja Hafró ganga of langt í að friða svæðin.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hvalaskoðunarsamtök Íslands og Félag hrefnuveiðimanna eru afar ósátt við tillögur Hafró um afmörkun svæða fyrir hvalaskoðun sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið kynnti á vef sínum í gær. Rannveig Grétarsdóttir, einn af forystumönnum Hvalaskoðunarsamtakanna og framkvæmdastjóri Eldingar, segir svæðin allt of lítil og að ef farið verði að þessum tillögum muni hvalaskoðun leggjast af hér á landi innan fárra ára.



**RANNVEIG GRÉTARSDÓTTIR**

Í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér segir: „Tillagan ber þess ríkulega merki að Hafró hefur frá upphafi verið málpípa hvalveiðimanna og hvalveiðistefnu stjórnvalda hverju sinni.“ Rannveig segir að samtökin hafi sent Steingrími J. Sigfússyni sjávarútvegsráðherra bréf þar sem þau krefjist þess að ræða þessi mál við hann áður en endanleg ákvörðun verði tekin.

Gunnar Bergmann Jónsson, formaður Félags hrefnuveiðimanna, segir tillögur Hafró ganga allt of langt í því að friða ákveðin svæði. Enn fremur segir hann að ekkert bendi til þess að hvalveiðar hafi neikvæð áhrif á hvalaskoðun. „Þau griðlönd sem útbúin eru á helstu veiðisvæðum hrefnuveiðimanna í Faxaflóa og Skjálfanda eru einnig út úr öllu korti, og hafna hrefnuveiðimenn alfarið þeirri nálgun,“ segir í tilkynningu frá honum. Hann segir einnig að hvalaskoðunarfyrirtækin hérlendis hafi ekki sýnt vilja til að koma á samvinnu við hvalveiðimenn.

**Tillaga að hvalaskoðunarsvæðum**




> Þau griðlönd sem útbúin eru á helstu veiðisvæðum hrefnuveiðimanna í Faxaflóa og Skjálfanda eru einnig út úr öllu korti…
>
> **GUNNAR BERGMANN JÓNSSON**
> FORMAÐUR FÉLAGS HREFNUVEIÐIMANNA

Hverju svarar Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, gagnrýni Hvalaskoðunarsamtakanna? „Auðvitað hefur Hafrannsóknastofnunin litið á hvali sem hverja aðra endurnýjanlega auðlind og við höfum lagt til aflamark við þessa stofan líkt og aðra nytjastofna. En við gengum til þessarar vinnu [að afmarka svæðin] á faglegum forsendum og reyndum að finna lausn byggða á staðreyndum og sanngirni sem allir gætu sætt sig við.“ Hann segir enn fremur allt benda til þess að veiðar utan svæðanna muni hafa afar lítil áhrif á hvalaskoðun innan þeirra. Svo verði veiðum dreift eftir ákveðnu kerfi þannig að þær fari fram í réttu hlutfalli við fjölda hvala á hverju svæði. Það ætti einnig að draga úr hugsanlegum áhrifum veiðanna á hvalaskoðun. Hann sagðist enn fremur skilja að tillögurnar myndu þýða umtalsverða skerðingu fyrir hvalveiðimenn.

**jse@frettabladid.is**



**NÝ STJÓRN** Búist er við að Netanyahu kynni nýja ríkisstjórn Ísraels á þingi landsins í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Netanyahu vill friðarviðræður:

# Mýkri afstaða til Palestínu

**ÍSRAEL, AP Benjamin Netanyahu, verðandi forsætisráðherra Ísraels, virtist sýna Palestínumönnum meiri sáttahug en áður í ræðu á ráðstefnu um efnahagsmál í Ísrael í gær. Þar hét hann friðarviðræðum við palestínsk stjórnvöld.**

**Friður er „sameiginlegt og varanlegt markmið allra Ísraela og ísraelskra ríkisstjórna, þar með talið minnar,“ sagði Netanyahu.**

**Kosningabarátta hans þótti einkennast af andstöðu við sjónarmið Palestínumanna, en stjórnmálaskýrendur segja hann þurfa að mýkja afstöðu sína eftir að Verkamannaflokkurinn féllst á að ganga inn í stjórn hans. - bj**

Sprengjudeild LHG kölluð út:

# Fann sprengju á Hengilssvæði

**LÖGREGLUMÁL** Göngumaður fann sprengju á Hengilssvæðinu í gær. Sprengjudeild Landhelgisgæslunnar var kölluð út og sprengdi hún sprengjuna á Sandskeiði á níunda tímanum í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni tók maðurinn sem fann sprengjuna hana með sér heim, en fjölskyldumeðlimur sá strax að um hættulega sprengju var að ræða.

Sprengjusérfræðingar segja að um hafi verið að ræða svokallaða riffilhandsprengju frá tímum seinni heimsstyrjaldarinna. **- bj**




Skýrslur endurskoðunarfyrirtækja um bankana í hendur sérstaks saksóknara:

# Fær loksins að sjá skýrslurnar

**VIÐSKIPTI** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari um bankahrunið, á von á því að verða kominn með skýrslur endurskoðunarfyrirtækjanna um gömlu viðskiptabankana í hendur í dag. Honum hefur hingað til verið neitað um aðgang að þeim vegna bankaleyndar, en í gær tóku gildi breytt lög um embætti hans sem rýmka valdheimildirnar.

Stóru endurskoðunarfyrirtækin unnu skýrslurnarnar síðasta haust fyrir Fjármálaeftirlitið og hafa þær fram að þessu verið sveipaðar leyndarhjúp. Fjölmiðlar hafa ekki fengið aðgang að þeim og Ólafur Þór ekki heldur. Öllum öðrum en Rannsóknarnefndinni um bankahrunið hefur verið svarað á þá leið að í skýrslunum sé of mikið af þagnarskyldum upplýsingum til að hægt sé að láta þær af hendi.

„Ég gerði ráðstafanir í dag [gær] til að nálgast þær [skýrslurnar] og við getum þá farið að rýna svolítið í þær og fóta okkur aðeins betur í þessu. Það er fyrsta skref,“ segir Ólafur Þór.

Ólafur segir að sér hafi borist nokkuð af ábendingum um saknæmt athæfi í aðdraganda bankahrunsins og hann hafi nú þó nokkur mál til rannsóknar, þar af nokkur umfangsmikil. Hann segist þó ekki geta tíundað nánar hvers eðlis málin séu. Þá fari einnig tími í það þessi dægrin að ráða nýtt starfsfólk til embættisins. **- sh**



**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Ólafur Þór ætlar nú að þaullesa skýrslurnar um gömlu bankana þrjá. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




Breska tríóið
## TIGER LILLIES
Íslenska óperan 29. maí - Miðaverð: 3.500




## LHASA DE SELA
Mexíkósk/kanadíska heimstónlistarkonan og söngvaskáldið, með hljómsveit.
Nasa 23. maí - Miðaverð: 3.500



Saxófónleikarinn og Grammy verðlaunahafinn **BOB MINTZER & STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR**
Fríkirkjan 30. maí
Akureyri 31. maí
Miðaverð: 2.900

# TRYGGÐU ÞÉR MIÐA
# Á LISTAHÁTÍÐ Í VOR




## Í ÓÐAMANSGARÐI
Færeysk ópera eftir Sunleif Rasmussen
Þjóðleikhúsið 22.- 23. maí
Miðaverð: 3.400



## DEBORAH VOIGT
Einsöngstónleikar
Háskólabíó 31. maí
Miðaverð: 6.900 / 6.400

»Voigt er bersýnilega á hátindi ferils síns.«
New York Times, 2008

Einstakur tónlistarviðburður





## HJALTALÍN undir stjórn DANÍELS BJARNASONAR
ásamt glæsilegri kammersveit.
Íslenska óperan 27. maí
Miðaverð: 2.500

BRENNIÐ ÞIÐ, VITAR!
LISTAHÁTÍÐ Í VITUM UMHVERFIS ÍSLAND




## Einleikstónleikar VÍKINGS HEIÐARS
Víkingur frumflytur eigin sönglagaumskrifanir á verkum eftir Sigvalda Kaldalóns, Emil Thoroddsen og Pál Ísólfsson.
Háskólabíó 17. maí
Miðaverð: 2.900



## VLADIMIR STOUPEL stjórnar KAMMERSVEIT REYKJAVÍKUR
Langholtskirkja 21. maí
Miðaverð: 3.000

## Goðsögnin GENNADÍ ROSDESTVENSKÍJ
STJÓRNAR SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS
Háskólabíó 29. maí
Miðaverð: 3.500 / 3.100






## Orbis Terræ –ORA
Margrét Vilhjálmsdóttir fer fyrir hópi 50 listamanna sem leggja undir sig Þjóðmenningarhúsið.
16. maí - Miðaverð: 3.450

## STOFUTÓNLEIKAR og HÚSLESTRAR
Örfá sæti
Miðaverð 1.500 / 1000



**Kynntu þér alla dagskrána á www.listahatid.is**

Götulistamenn frá Ástralíu, myndlistarsýningar í vitum, Trio Nordica, Völuspá, óperan Hel, norskar hjólhýsakonur, Hrafnhildur Arnardóttir, Hulda Hákon, Olga Bergmann, Náttúrugæslustöðin, Louisa Matthíasdóttir og Nína Tryggvadóttir.

## Miðasala á www.listahatid.is
## www.midi.is og í síma 552 8588

**Velkomin í Klúbb Listahátíðar! sjá www.listahatid.is**

Iceland Express Radisson SAS SAMSKIP FRÉTTABLAÐIÐ

15.–31. MAÍ
2009
# LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA

## GENGIÐ 01.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 121,67 | 122,25 |
| Sterlingspund | 175,08 | 175,94 |
| Evra | 160,99 | 161,89 |
| Dönsk króna | 21,611 | 21,737 |
| Norsk króna | 18,060 | 18,166 |
| Sænsk króna | 14,746 | 14,832 |
| Japanskt jen | 1,2277 | 1,2349 |
| SDR | 181,23 | 182,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
181,23 182,31

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kampakátir stangveiðimenn hófu veiðitímabil ársins í gær:

# Risaurriði strax á fyrsta degi

**STANGVEIÐI** Eftir langt vetrarhlé tóku stangveiðimenn fram búnað sinn í gær og vættu á nokkrum ám og vötnum. Vel aflaðist í Varmá í Hveragerði og sló þannig nokkuð á ótta manna um hrun í fiskstofnum í ánni eftir klórslysið mikla haustið 2007. Samkvæmt veiðivefnum votnogveidi.is náði borgarfulltrúinn Þorleifur Gunnlaugsson að landa afar vænum sjóbirtingi sem viðstaddir giskuðu á að væri á bilinu tólf til fjórtán pund áður en honum var sleppt aftur út í vorið. Veiði hófst einnig í gær í Tungufljóti, Tungulæk, Minnivallalæk, Litlá í Kelduhverfi og Vífilsstaðavatni svo dæmi séu tekin. - gar



**VIÐ VÍFILSSTAÐAVATN** Birgir Aðalbjarnarson var einn þeirra stangveiðimanna sem náðu úr sér vetrarhrollinum við Vífilsstaðavatn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kanadískur leigumorðingi:

# Játaði 27 morð á aldarfjórðungi

**KANADA, AP** Kanadískur maður sem starfaði sem leigumorðingi í aldarfjórðung hefur játað að hafa myrt alls 27 manns og reynt að myrða tólf til viðbótar.

Fórnarlömb Geralds Gallant voru meðal annars í mafíunni og vélhjólagengjum, en einnig saklausir vegfarendur. Gallant, sem í dag er 58 ára, er því einn mesti fjöldamorðingi Kanada.

Gallant afplánar nú lífstíðardóm fyrir morð sem hann framdi árið 2001. Hann sagðist í gær sjá eftir þeim skaða sem hann hafi valdið aðstandendum fólksins sem hann myrti. - bj

Jerusalem Post:

# Norðmenn andsnúnir Ísrael

**NOREGUR Ísraelska dagblaðið Jerusalem Post segir að andúðin á gyðingum hafi náð nýjum hæðum í Noregi. Hatrið fari þar stöðugt vaxandi. Í Gasastríðinu í vetur hafi mótmælin gegn Ísraelsmönnum verið áberandi í Ósló, að sögn Dagbladet.**



KRISTIN HALVORSEN

**Blaðið segir að nokkrir forystumenn Norðmanna, þar á meðal Kristin Halvorsen fjármálaráðherra og formaður norskra sósíalista, hafi leitt mótmælagöngu og hrópað slagorð gegn gyðingum.**

**Jerusalem Post er álitið vera eitt mesta þungavigtardagblað Ísraels og það hafi sem slíkt mikil áhrif á alþjóðavettvangi.** - ghs

Mannréttindanefnd SÞ:

# Bandaríkjamenn í stað Nýsjálendinga

**GENÚA, AP** Bandaríkjamenn virðast nú eiga greiða leið inn í mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna eftir að Nýsjálendingar ákváðu í gær að draga framboð sitt til baka. Nýsjálensk stjórnvöld telja að Bandaríkin geti haft meiri jákvæð áhrif í nefndinni.

Bandaríkjastjórn tilkynnti um framboð sitt á þriðjudag. Það er stefnubreyting frá því sem var í forsetatíð George W. Bush, sem vildi ekkert með nefndina hafa vegna gagnrýni hennar á Ísraelsmenn. Kosið verður um átján af 47 sætum 15. maí, þar af um sæti þriggja vestrænna ríkja. Auk Bandaríkjanna eru Noregur og Belgía í framboði. - sh

# Heimsbyggðin standi saman gegn kreppu

**Barack Obama Bandaríkjaforseti reyndi að stappa stálinu í kreppuhrjáða heimsbyggðina á blaðamannafundi í Lundúnum í gær. Þangað er hann kominn til að sitja fund G20-hópsins svonefnda um aðgerðir gegn kreppunni.**

**LONDON, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti hvatti í gær mestu efnahagsveldi heims til að snúa bökum saman til að mæta heimskreppunni sem á er skollin. „Við getum ekki mætt þessari áskorun nema með því að standa saman,“ sagði forsetinn eftir komu sína til Lundúna, þar sem leiðtogafundur svonefnds G20-hóps mestu efnahagsvelda heims hefst í dag.

Obama sagði ennfremur að fullyrðingar um að Bandaríkjamenn stæðu í deilum við aðrar þjóðir heims um þörfina á að dæla meiru af opinberu fé út í nafni kreppuvarna út í efnahagslífið væru „ýktar úr hófi“.

„Ég er algerlega sannfærður um að þessi fundur mun endurspegla gríðarlegan einhug um þörfina á samræmdum aðgerðum til að leysa þessi vandamál,“ sagði forsetinn á sameiginlegum blaðamannafundi með breska forsætisráðherranum Gordon Brown. Obama varaði einnig eindregið við því að þjóðir heims féllu í þá gryfju að grípa til verndarstefnu og viðlíka ráðstafana sem gerðu heimskreppuna á fjórða áratugnum dýpri og lengri en annars hefði orðið. „Það voru mistök sem við höfum ekki efni á að endurtaka.“

Seinna um daginn átti Obama tvíhliða fundi með Dmítrí Medvedev Rússlandsforseta og Hu Jintao Kínaforseta, auk þess að þiggja heimboð hjá Elísabetu II. Englandsdrottningu.

Eftir fundinn með Medvedev lýstu báðir forsetarnir því yfir að þeir vildu að nýtt samkomulag um takmarkanir á kjarnorkuvígvæðingu Rússlands og Bandaríkjanna yrði tilbúið þegar núgildandi samningur þar að lútandi rennur út í desember næstkomandi. Sá samningur, kallaður START, er frá árinu 1991, árinu sem Sovétríkin voru leyst upp og Rússland erfði vopnabúr þeirra.

Robert Gibbs, talsmaður Hvíta hússins, sagði að ekki hefði enn sem komið er verið samið um nýtt þak á fjölda kjarnaodda. Í núgildandi samningi eru þessi tvö stærstu kjarnorkuvopnabúr heims takmörkuð við á bilinu 1.700 til 2.200 kjarnaodda.

Fjöldamótmæli og öryggisráðstafanir vegna G20-fundarins voru mjög áberandi í bresku höfuðborginni í gær.

audunn@frettabladid.is



**FAGNAÐ** Barack Obama Bandaríkjaforseti og Michelle eiginkona hans heilsuðu Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Sarah konu hans á tröppunum framan við Downingstræti 10 í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> Ég er algerlega sannfærður um að þessi fundur mun endurspegla gríðarlegan einhug um þörfina á samræmdum aðgerðum til að leysa þessi vandamál
>
> BARRACK OBAMA
> FORSETI BANDARÍKJANNA



**SLYS** Margir deyja ár hvert vegna lélegs skipakosts. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjómennska hættulegust:

# Þúsundir deyja á sjó ár hvert

**RÓM, AP Þúsundir sjómanna farast á hverju ári vegna mannlegra mistaka, vanhæfni skipstjórnenda og lélegs skipakosts. Áætlað er að 24 þúsund farist á hverju ári af þeim fimmtán milljónum sem sækja sjó sér til lífsviðurværis.**

**Þetta er niðurstaða Matvælastofnunar SÞ, sem segir sjómennsku vera hættulegasta starf í heimi ef dauðsföll eru höfð sem viðmið. Árið 2003 áætluðu SÞ að tvær milljónir manna farist árlega í vinnuslysum. Um 80 prósent þeirra dauðsfalla eru rakin til mannlegra mistaka og vanrækslu.** - shá

Fjölmiðlafólk uggandi:

# Umbrotsmaður laminn til bana

**MOSKVA, AP** Umbrotsmaður á úthverfadagblaði í Moskvu, sem verið hefur gagnrýnið á rússnesk stjórnvöld, lést fyrr í vikunni eftir að hafa verið barinn til óbóta nálægt heimili sínu um liðna helgi. Þetta fullyrðir ritstjóri blaðsins þrátt fyrir að lögregla reki dauðsfallið til matareitrunar.

Ritstjórinn segir að ráðist hafi verið á sex starfsmenn dagblaða á sama svæðinu undanfarið. Umbrotsmaðurinn var að klára að brjóta um umfjöllun um meinta hagræðingu við bæjarstjórakjör. Talið er að sextán starfsmenn fjölmiðla hafi verið myrtir í Rússlandi frá árinu 1999. - sh


# BETRA START MEÐ EXIDE-RAFGEYMUM

Eigum fyrirliggjandi mikið úrval rafgeyma frá Exide, ýmsar stærðir og gerðir fyrir bíla, báta og önnur tæki. Gæðaframleiðsla sem reynst hefur afar vel við íslenskar aðstæður.



15% afsláttur

olís

EXIDE

Upplýsingar í síma 515 1100
Sendið pantanir á pontun@olis.is


## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**
Á laugardag verða suðlægar áttir ríkjandi með hlýindum. Skúrir sunnan og vestan til í fyrstu og bjart með köflum nyrðra. Úrkomulítið sunnan til síðdegis. Hiti 4-10 stig, svalast á Vestfjörðum. Á sunnudag slær fyrir norðaustan átt á Vestfjörðum með frosti og éljum. Skúrir sunnan til en bjart með köflum fyrir norðan og austan.



**Á MORGUN**
3-13 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

**LAUGARDAGUR**
5-10 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Amsterdam | 16° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 12° |
| Eindhoven | 16° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| New York | 17° |
| Orlando | 30° |
| Osló | 4° |
| París | 16° |
| Róm | 17° |
| Stokkhólmur | 10° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Gott í MATINN




EKKI MISSA AF GIRNILEGUM UPPSKRIFTUM

BLAÐINU VERÐUR DREIFT INN UM LÚGUR Í DAG OG Á MORGUN

## FÁÐU INNBLÁSTUR INN UM LÚGUNA

Í tilefni af markaðssetningu matargerðarlínunnar *Gott í matinn* frá Mjólkursamsölunni fá öll heimili í landinu sent glæsilegt tímarit með girnilegum og spennandi uppskriftum. Allir þeir sem elda geta gengið að því vísu að *Gott í matinn* samanstendur af úrvalshráefni sem hentar í allar tegundir matargerðar; frá hversdagsmat til veislumáltíða.



### NÝ VÖRULÍNA

Í *Gott í matinn* línunni eru bæði góðkunningjar úr eldhúsinu ásamt nýjum og spennandi vörum á borð við gríska jógúrt.




MANNGERÐIR Í ELDHÚSINU
ms.is/gottimatinn

### NÝR VEFUR

Finndu uppskriftir að gómsætum réttum með *Gott í matinn* vörunum á ms.is/gottimatinn.

ms.is/gottimatinn.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0479

**KJÖRKASSINN**



*Á Fjármálaeftirlitið að halda heimildum til að taka yfir stjórn fjármálafyrirtækja?*

| | |
|---|---|
| Já | 86,9% |
| Nei | 13,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hljópst þú apríl í ár?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Nauðgunarkærurnar fimm enn til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild:

# Hópnauðgunin í heimahúsi

**LÖGREGLUMÁL** Kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsakar enn fimm nauðgunarkærur, sem Fréttablaðið greindi frá um síðustu helgi. Í einu tilvikanna kærði ung kona fjóra karlmenn af erlendum uppruna fyrir nauðgun eða misbeitingu. Það atvik átti sér stað í heimahúsi aðfaranótt laugardagsins 21. mars eftir að konan hafði verið á skemmtistað.

Kærurnar fimm bárust til kynferðisbrotadeildar í síðustu viku.

Atvikin áttu sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Konurnar sem kærðu eru á aldrinum átján ára til fimmtugs.



**FIMM NAUÐGANIR** Fimm nauðgunarmál eru til rannsóknar hjá kynferðisbrotadeild.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins áttu hinar kærðu nauðganir sér stað á veitingahúsum og í gleðskap í heimahúsum eftir veru á skemmtistöðum.

Í fjórum tilvikum er einn gerandi kærður en í einu tilviki eru fjórir kærðir, eins og áður sagði. Einn karlmaður hefur verið yfirheyrður vegna síðastnefnda málsins en neitaði staðfastlega sök. Enginn er í varðhaldi vegna rannsóknar þess. Í síðastnefnda málinu er jafnframt um að ræða grun um misneytingu sem þýðir að til dæmis getur verið um að ræða ölvunarástand eða annmarka sem gera það að verkum að þolandi getur ekki spornað við verknaðinum. - jss

Þrjátíu ára valdatíð á enda:

# Minnihlutinn stýrir Böskum

**SPÁNN** Samkomulag um óformlegt minnihlutastjórnarsamstarf í Baskalandi á Norður-Spáni var formlega undirritað þar í gær. Miðju-vinstriflokkurinn PSOE samdi við PP, flokk hægrimanna, um að PSOE fari með völdin en PP verji stjórnina falli.

Þetta eru tveir stærstu flokkar Spánar, en í sjálfstjórnarhéraðinu Baskalandi hefur PNV, flokkur baskneskra þjóðernissinna sem fer rólega í sakirnar í sjálfstæðiskröfum, verið stærstur og farið með völdin í ein þrjátíu ár.

Forsætisráðherra Spánar er einnig í PSOE-flokknum. - kóþ






# Segir fyrningarleið ávísun á gjaldþrot

**Fyrning aflaheimilda sem stjórnarflokkarnir hafa boðað myndi þýða að skuldir sjávarútvegsins upp á 500 milljarða lentu á bönkunum og knésettu þá. Þetta er niðurstaða úttektar sem útgerðarmaður gerði á áhrifum fyrningarleiðar.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Ef næsta ríkisstjórn fer þá leið sem núverandi stjórnarflokkar boða og fyrnir veiðiheimildir verða útgerðir landsins gjaldþrota á fáum árum og í kjölfarið verður nýreist bankakerfi landsins gjaldþrota. Þar með legðust skuldir sjávarútvegsins, sem Seðlabankanum reiknast til að séu um 500 milljarðar króna, á íslenskan almenning.

Þetta er niðurstaða úttektar sem Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum sem einnig á sæti í stjórn Landssambands íslenskra útgerðarmanna, hefur gert.



**SIGURGEIR BRYNJAR KRISTGEIRSSON**

Hann segir að miðað við núverandi aðstæður verði 1,9 krónur af hverju þorskígildi eftir hjá útgerðarfyrirtækjunum þegar allur kostnaður hefur verið greiddur. „Það er nú allt og sumt," segir Sigurgeir Brynjar. „Og þarna á víst að vera gullnáman sem ýmsir stjórnmálamenn, meðal annars landsfundarfulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, telja að sé til staðar í sjávarútveginum og hægt sé að ná sér í hnefa til að stoppa í fjárlagagöt og fleira."

Hann segir enn fremur að sömu hugmyndir um fyrrningarleið hafi verið í umræðunni fyrir kosningarnar 2003. „Og þá fékk Vinnslustöðin endurskoðunarfyrirtækið Deloitte til þess að meta áhrif hennar á fyrirtækið. Þar var miðað við að félagið leigði af ríkinu þann kvóta sem það hefði misst vegna fyrningarinnar. Félagið stóð þá, líkt og nú, þokkalega miðað við það sem gerist í greininni. Niðurstaðan var hins vegar sú að það hefði orðið gjaldþrota á sex árum að því gefnu að leiguverð aflaheimilda frá ríkinu væri helmingi lægra en markaðsverð á leigumarkaði."



**FRÁ LANDSFUNDI SAMFYLKINGARINNAR** Stefna Samfylkingar og Vinstri grænna í sjávarútvegsmálum veldur framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar ugg. Útreikningar hans gefa til kynna að sé henni fylgt fari útgerðin og bankarnir á hausinn innan fárra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann segir brýna þörf vera nú á raunsærri aðgerðum. „Stjórnmálamenn hafa oft áður komið fram með svipaðar „reddingar" með hörmulegum aðgerðum," segir hann. „Lausnin átti einhvern tímann að felast í því að setja skuttogara í hvert pláss, loðdýrarækt á hvern bæ, fiskeldi hvar sem komið var, dot-com fyrirtæki og nú síðast gengu draumóramenn um í leiðslu fagnaðarerindis um Ísland sem fjármálamiðstöð veraldarinnar. Við verðum hreinlega að koma okkur á jörðina."

Við úttektina notaði hann ársreikninga fimmtán til átján stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins frá árinu 2001 til 2007 en þau hafa haft yfir að ráða 52 til 62 prósentum allra aflaheimilda við landið. jse@frettabladid.is






Bolungarvíkurkaupstaður samþykkir 25 veiðihús Kjarnabúðar við höfnina:

# Framkvæmdir í mikilli óvissu

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi sem gerir ráð fyrir að sjóstangveiðifyrirtækið Kjarnabúð reisi 25 veiðihús við hafnarsvæðið og er gert ráð fyrir að skipulagsstofnun afgreiði málið á næstu vikum eða dögum. En framkvæmdir eru enn í óvissu.



**HAUKUR VAGNSSON**

Málið olli nokkrum deilum í Bolungarvík en Kjarnabúðarmönnum þótti bæjarfélagið svifaseint við afgreiðslu málsins og setti það samning fyrirtækisins við þýsku ferðaskrifstofuna Kingfischer Reisen sem hljóðar upp á hundruð milljóna í uppnám. En nú þegar lausn þeirrar deilu er í sjónmáli hefur efnahagskreppan hins vegar sett strik í reikninginn.

„Þegar við vorum með allt fjármagnið klárt stoppuðu þeir [Bolungarvíkurkaupstaður] okkur af með óskiljanlegum hætti þannig að við gátum ekki farið af stað í fyrra," segir Haukur Vagnsson frá Kjarnabúð. „En nú samþykkja þeir þetta þegar allt er komið í kalda kol í fjármálum landsins með þeim afleiðingum að Ísland nýtur ekki trausts erlendis svo að við erum í algjörri óvissu með fjármagn sem við töldum okkur áður hafa tryggt okkur í Þýskalandi en þar virðast menn vera að kippa að sér höndum þar sem þeir taka ekki neinar bankaábyrgðir gildar frá íslenskum banka. Við förum líklegast þá leið að fá fleiri fjárfesta inn í þetta með okkur og við erum í þeirri vinnu núna."



**TEIKNINGAR FYRIR VEIÐIHÚSIN** Eitthvað á þessa leið mun svæðið líta út, ef Skipulagsstofnun samþykkir og peningar fást.

Elías Jónatansson bæjarstjóri segir að bæjarstjórnin hafi reynt að vinna að málinu eftir bestu getu en ferlið taki óneitanlega langan tíma. - jse




# weather report™

## Vandaður útivistarfatnaður á ótrúlegu verði!

Weather Report er sænskt útivistarmerki með áralanga reynslu í hönnun og framleiðslu á hágæða útivistarfatnaði. Áhersla er lögð á háþróuð efni, sem þola vel íslenskt veðurfar.
Sérlega rúmgóð og þægileg snið.

Andar | Vindhelt | Vatnshelt



Flíspeysa 2.999 kr



Flíspeysa 2.999 kr



Flíspeysa 2.999 kr



Flíspeysa 2.499 kr



Flíspeysa 2.499 kr



Flíspeysa 2.999 kr



Dömujakki úr öndunarefni 5.999 kr

Dömubuxur úr öndunarefni 4.999 kr



Herrajakki úr öndunarefni 5.999 kr

Herrabuxur úr öndunarefni 4.999 kr

24 OPIÐ ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Hagkaup

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hver segist vera lifandi sönnun þess að hamborgarar séu ekki fitandi?

2 Hvað heitir þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins?

3 Hver annast útgáfu blaðsins Húsfreyjan í 60 ár?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Breytingum á reglugerð um lögreglustjórasátt ætlað að létta álagi af dómstólum:

# Ljúka fleiri málum með sátt

**LÖGREGLUMÁL** Hægt verður að ljúka fleiri og alvarlegri málum með lögreglustjórasátt eftir að breyting á reglugerðum tók gildi. Breytingin ætti að leiða til þess að álag á dómstóla vegna minni háttar brota verði minna, segir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Það eru einkum umferðarlagabrot sem lögreglustjórar ljúka með sátt, og eingöngu ef sá sem brotið fremur samþykkir að fara þá leið, segir Valtýr. Brotin eru yfirleitt þannig að viðkomandi hefur verið staðinn að verki, til dæmis af lögreglumönnum í umferðareftirliti.

Fyrir breytinguna var hámarkssekt sem heimilt var að beita 300 þúsund krónur og hámarkstími ökuleyfissviptingar eitt ár. Eftir breytingarnar hafa hámörkin hækkað í 500 þúsund krónur og fjögurra ára sviptingu.

Það þýðir að hægt verður að ljúka til dæmis málum einstaklinga sem aka endurtekið, eða verulega, undir áhrifum áfengis eða undir áhrifum fíkniefna, án atbeina dómstóla. Þetta ætti einnig að stytta þann tíma sem tekur að ljúka málunum verulega og minnka kostnað þess sem brotið fremur.

Auk umferðarlagabrota er til dæmis hægt að ljúka minni háttar þjófnaðar- og auðgunarbrotum með lögreglustjórasátt, sem og minni háttar eignaspjöllum og minni háttar fíkniefnabrotum. - bj



**EFTIRLIT** Breytingarnar hafa mest áhrif á þá sem staðnir eru að alvarlegri umferðarlagabrotum. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint.

Átökin á Srí Lanka:

# Um 23 þúsund flúðu svæðið

**SRÍ LANKA, AP** Meira en 23 þúsund borgurum tókst að flýja stríðshrjáð svæði í norðurhluta Srí Lanka í mars en talið er að stjórnarherinn sé við það að vinna sigur á Tamíltígrunum á þessu svæði.

Tugir þúsunda óbreyttra borgara hafa verið tepptir meðan stjórnarhernum hefur tekist að króa Tamíltígra af á aðeins 21 ferkílómetra svæði á norðausturströnd Srí Lanka.

Í febrúar tókst nærri 33 þúsundum manna að flýja átakasvæðið. Átökin í mars áttu sér stað á minna svæði og því var erfiðara að flýja. - ghs

Akureyri og Grímsey:

# Sameiningarkosning í apríl

**STJÓRNSÝSLA Kosið verður um sameiningu Akureyrarbæjar og Grímseyjarhrepps samhliða alþingiskosningunum sem haldnar verða 25. apríl.**

**Samstarfsnefnd um sameininguna lagði kosninguna til og var hún samþykkt í sveitarstjórnum beggja sveitarfélaga. Reynist fleiri kjósendur í báðum sveitarfélögunum fylgjandi sameiningu tekur hún gildi 1. júní í sumar.**

**Fyrir fimm árum sameinuðust Akureyri og Hrísey. - bþs**

## ÞJÓNUSTA

### Vídeóleiga að pitsustað

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur samþykkt að innréttaður verði pitsustaður þar sem áður var söluturn og myndbandaleiga í Grímsbæ.

# 50 teknir í kannabismálum

**Lögreglan hefur frá áramótum handtekið nær fimmtíu einstaklinga fyrir kannabisræktun í hinum ýmsu umdæmum landsins. Á höfuðborgarsvæðinu voru 27 manns teknir í síðasta mánuði.**

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu handtók 27 manns í síðasta mánuði vegna kannabisræktana. Á landsvísu hafa um fimmtíu manns verið handteknir í tengslum við kannabisræktanir sem stöðvaðar hafa verið frá áramótum.

Fíkniefnadeildin á höfuðborgarsvæðinu hefur tekið 25 ræktanir frá áramótum sem í voru nær 6.000 plöntur. Í janúar og febrúar voru teknar tíu kannabisræktanir í umdæminu en fimmtán í síðasta mánuði.

Í fyrrinótt stöðvaði lögreglan umfangsmikla kannabisræktun í húsi í Hafnarfirði. Við húsleit fundust um 220 kannabisplöntur. Karlmaður á fertugsaldri var handtekinn.

Um miðjan dag í gær tók fíkniefnalögreglan svo ræktun á Norðurbakkanum í Hafnarfirði, þar sem á áttunda tug plantna voru á lokastigi ræktunar. Einn var handtekinn.

Þyngd þeirra plantna sem hafa verið teknar á höfuðborgarsvæðinu einu er samtals um 530 kíló. Ef gert er ráð fyrir að um fimmtán prósent af þyngd hverrar plöntu fari í sölu á götunni, sem er varlega áætlað, gerir það um áttatíu kíló af seljanlegum kannabisefnum. Götuverðmæti þeirra er um 270 milljónir. Séu teknar allar þær plöntur sem fíkniefnadeild lögreglu hefur lagt hald á frá áramótum, gert ráð fyrir að þær hefðu náð fullum þroska og miðað við fimmtíu grömm af nýtanlegu efni í hverri plöntu má gera ráð fyrir fíkniefnasölu á götunni upp á 920 milljónir króna.

Ef reiknaður er saman sá fjöldi þær plantna sem öll lögregluembætti í landinu hafa lagt hald á frá áramótum er hann nærri 7.000 talsins.

Þá hefur fíkniefnalögreglan gert upptæk um 6,6 kíló af maríjúana á árinu. Andvirði þess er um 22,4 milljónir. Umrætt efni var framleitt hér á landi. Flest málanna 25 sem komið hafa upp á höfuðborgarsvæðinu frá áramótum eru upplýst, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Nokkur mál eru þó til rannsóknar. jss@frettabladid.is



**KANNABISR** Fíkniefnalögreglan tók um miðjan dag í gær enn eina ræktunina, nú í Hafnarfirði.



N1

# Hollustu vörurnar

**N1** hefur fengið hreystikappana **Arnar Grant** og **Ívar Guðmundsson** til liðs við sig. Þeir eru meðal reyndustu einkaþjálfara landsins og hjálpa þér að velja rétta bitann í **Nesti**.

Í samráði við **Arnar** og **Ívar** höfum við skerpt á framsetningu á mat og drykk til að bæta þjónustuna við þá fjölmörgu viðskiptavini **Nestis** sem setja hollustuna í fyrsta sæti.

**Renndu við næst þegar þú ferð í vinnuna, fjallgönguna eða ræktina og náðu þér í hollan bita í leiðinni!**




Fíton/SÍA

**Nesti** Ártúnshöfða, Bíldshöfða, Borgartúni, Fossvogi, Gagnvegi, Hringbraut.
Stórahjalla **Kópvogi**, Lækjargötu **Hafnarfirði**, Háholti **Mosfellsbæ, Blönduósi, Staðarskála** og **Selfossi.**

Nesti
Á N1 STÖÐINNI

Fermingargjöf sem gefur

Fermingarskeyti eða gjafabréf frá Hjálparstarfi kirkjunnar er gjöf sem heldur áfram að gefa. Fermingarbarnið fær skeytið eða bréfið í hendurnar en andvirðið rennur til jafnaldra fermingarbarnsins sem býr við fátækt.

Sendu skeyti, það kostar 1.990 kr.
Eða gefðu fermingargjafabréf að upphæð 5.000 kr.

Þú færð skeytin og gjafabréfin á www.gjofsemgefur.is
eða pantar þau á skrifstofunni okkar, 528 4400.
Þú prentar út, sækir til okkar – eða við sendum fyrir þig.
Einfalt og gleðilegt.

Óskalistinn minn:

Rúm
Myndavél
Svefnpoki
iPod
Vefmyndavél
Handklæði
Teppi
Orðabók
Hálsmen
Svo væri gaman að fá pening og „Gjöf sem gefur“. Mig langar til að einhver sem er ekki eins heppinn og ég fái að njóta með mér.



Óskalistinn minn:

Við systkinin erum munaðarlaus. 1.990 kr. fermingarskeyti á Íslandi dugar fyrir 4 hænum. Þær gefa okkur fullt af eggjum. Eða við gætum fengið sparhlóðir. Þá færi ekki allur dagurinn í að leita að eldsneyti og við hefðum meiri tíma til að læra.

5.000 kr. gjafabréf á Íslandi myndi gefa okkur 2 geitur. Namm! Mjólk og kjöt, ekki lengur bara maísgrautur! Eða kannski reiðhjól. Þá kæmist ég á markað með uppskeruna okkar og við fengjum pening fyrir ýmsu sem okkur vantar.

www.gjofsemgefur.is
Hjálparstarf kirkjunnar



Háskólinn á Akureyri
University of Akureyri



HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ VERÐA?
KYNNTU ÞÉR NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI

Fjölmiðlafræði
Heimskautaréttur
Hjúkrunarfræði
Iðjuþjálfunarfræði
Kennarafræði
Líftækni
Lögfræði
Nútímafræði
Samfélags- og hagþróunarfræði
Sálfræði
Sjávarútvegsfræði
Umhverfis- og orkufræði
Viðskiptafræði
Þjóðfélagsfræði

Opnað hefur verið fyrir umsóknir, frestur til að sækja um er til 5. júní.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð á www.haskolanam.is




**STÚDENTAR** Fulltrúar í menntamálanefnd segja ástandið í atvinnumálum stúdenta grafalvarlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Atvinnuhorfur stúdenta hrollvekjandi

**Þingmaður Sjálfstæðisflokks segir stefnuleysi ríkjandi í atvinnumálum háskólastúdenta. Háskólaráð krefst þess að boðið verði upp á fjarnám í sumar. Fundað verður um sumarannir í Háskólaráði í dag.**

**MENNTUN** „Ég lýsi undrun minni á því stefnuleysi sem komið hefur fram af hálfu menntamálaráðuneytisins og ráðherrans í þessum efnum. Það er engin spurning að ódýrasta leiðin til að koma til móts við stúdenta við þessar aðstæður er að setja upp sumarannir með einhverjum hætti,“ segir Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fulltrúi í menntamálanefnd Alþingis. Nefndin fundaði í gær ásamt fulltrúum menntamálaráðuneytis, allra háskólanna og námsmannahreyfinganna um möguleikann á sumarönnum fyrir háskólastúdenta.



EINAR MÁR SIGURÐSSON



HILDUR BJÖRNSDÓTTIR



EINAR K. GUÐFINNSSON

Niðurstöður könnunar Stúdentaráðs Háskóla Íslands (HÍ) benda til að tæplega 13.000 stúdentar gætu verið án atvinnu í sumar. Einar segir ástandið alvarlegt. „Þetta eru mjög hrollvekjandi tölur. Háskólinn í Reykjavík og Bifröst munu bjóða upp á sumarnámskeið, en ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hversu skammt á veg þessi mál eru komin hjá HÍ og Háskólanum á Akureyri.“

Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, sagði í samtali við Fréttablaðið á mánudag að skólinn væri aðþrengdur fjárhagslega vegna mikillar fjölgunar nemenda og minnkandi fjárveitinga, en fundað verður um málið hjá Háskólaráði í dag. Einar telur nauðsynlegt að skólayfirvöld leggi að fundi loknum fyrir stjórnvöld hvort þau séu tilbúin að koma til móts við skólann með fjárhagslegum stuðningi.

Hildur Björnsdóttir, formaður Stúdentaráðs HÍ, segir helstu kröfu ráðsins þá að boðið verði upp á fjarnám í sumar og próf í haust. Kostnaður við slíkt sé um 10 til 15 milljónir, samkvæmt sérfræðingum innan HÍ. Það sé svo verkefni stjórnvalda að útvega fjármagn vegna aukinna útgjalda LÍN, sem óhjákvæmilega myndu fylgja slíkri tilhögun.

Einar Már Sigurðsson, þingmaður Samfylkingar og formaður menntamálanefndar, segir nefndina hafa óskað eftir minnisblaði menntamálaráðuneytisins um málið. Í kjölfarið verði framhaldið metið. „Það er ljóst að hvorki samfélagið né þessir ágætu stúdentar hafa efni á að sumrinu þeirra sé eytt í eitthvað annað en að vinna og læra,“ segir Einar Már. Ekki náðist í Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra vegna málsins.

kjartan@frettabladid.is


Hemlar



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Sendinefnd til Tógó:

# Vill opna á ættleiðingar þaðan

**SAMFÉLAGSMÁL** Alþjóðleg ættleiðing er um þessar mundir að senda fjögurra manna sendinefnd til Tógó í Afríku til að byggja upp möguleikana á ættleiðingum þaðan, nú þegar stjórnvöld í Tógó hafa tilkynnt að þau muni opna fyrir ættleiðingar á börnum þaðan.

Birna Ósk Einarsdóttir, formaður Alþjóðlegrar ættleiðingar, segir að sendinefndin taki með sér ýmsar gjafir handa börnunum, meðal annars penna og skrifblokkir með gömlu lógói frá Símanum sem hætt er að nota. Það gefi félagsmenn börnunum klæðnað sem geti hentað vel í Tógó. **- ghs**

Ólafur F. Magnússon og fyrrverandi samherji í hár saman á borgarstjórnarfundi:

# Vill að Dagur biðjist afsökunar

**REYKJAVÍK** Dagur B. Eggertsson á að biðjast afsökunar á mistökum R-listans í skipulagsmálum, segir Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi.

Hann hafi krafist þessa á fundi borgarstjórnar á þriðjudag, en Dagur engu svarað.

„Ég held ég hafi komið honum í opna skjöldu, ég get verið svolítið vondur við þessa ungu menn þegar ég er reiður,“ segir Ólafur.

Dagur hafi á fundinum rætt um peningaeyðslu fyrrverandi meirihluta Ólafs og sjálfstæðismanna vegna uppkaupa húsanna við Laugaveg.

„Þetta er þvílíkt bull, að þeir sem ætluðu að eyðileggja Laugaveginn, fari svo að saka þá, sem sneru því við, um peningaeyðslu,“ segir Ólafur. Skipulagsmistök hinna hefði kostað mikið að leiðrétta. Húsin neðst á Laugavegi séu enda „Bernhöftstorfa okkar tíma“.

Ólafur nefnir „niðurrif nær allra gamalla húsa við Laugaveg“ sem dæmi um mistök sem R-listinn hafi stefnt í. Einnig fyrirhugað niðurrif Austurbæjarbíós og Höfðatorg.

„Þessari framsóknarverktakabílastæðahúsamenningu varð ekki snúið við nema með meirihluta F-lista og Sjálfstæðisflokks,“ segir Ólafur. **- kóþ**



**ÓLAFUR F. OG DAGUR B.** Læknarnir Dagur B. Eggertsson og Ólafur F. Magnússon hafa verið bæði mót- og samherjar í gegnum tíðina. Hér afhendir Dagur Ólafi lyklavöldin í janúar 2008, eftir að Ólafur yfirgaf meirihlutann og hóf samstarf við sjálfstæðismenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Landvinnslufólk í Grindavík:

# Laun hækkuð hjá Einhamri

**VINNUMARKAÐUR** Sjávarútvegsfyrirtækið Einhamar Seafood ehf. í Grindavík hefur hækkað laun starfsfólksins en tæplega fjörutíu starfa við landvinnslu fyrirtækisins. Einhamar er eitt af fjölmörgum sjávarútvegsfyrirtækjum sem hafa staðið við launahækkun upp á 13.500 krónur samkvæmt síðustu samningum. Samtök atvinnulífsins hafa hvatt aðildarfyrirtæki sín til að láta ekki undan þrýstingi og hækka laun í þessum mánuði eins og HB Grandi gerði nýlega þrátt fyrir samkomulag við ASÍ um frestun launahækkana fram á sumar. **- ghs**



**Í LONDON** Ekki þykir fínt þar að eiga peninga í íslenskum bönkum.

Vinnuveitendur í Bretlandi:

# Bera af sér íslenska banka

**BANKAHRUNIÐ „Skjólstæðingur minn hefur starfað í meira en 100 ár, er skuldlaus, á yfir níu milljónir punda í bönkum og enginn þeirra er íslenskur,“ segir breskt ráðningarfyrirtæki í auglýsingu eftir framkvæmdastjóra fyrirtækis. Þessa tilvitnun sendi Sigrún Björk Ólafsdóttir Fréttablaðinu. Sigrún, sem býr í London, segist á bloggi sínu hafa misst starf sitt eftir að viðskiptavinur vinnuveitanda hennar kvartaði undan Icesave-reikningunum. „Svo núna eyði ég dögum mínum í að sækja um vinnu og fletta atvinnuauglýsingum þar sem ég sé reglulega setningar eins og „við erum ennþá á lífi vegna þess að við fjárfestum ekki í íslenskum bönkum“. Möguleikarnir á að manni yrði boðið upp á viðtal eftir slíkar yfirlýsingar eru hverfandi.“ - gar**

Stefán Már Stefánsson:

# Ákvæði aðildarsamnings jafnvæg sáttmála

**EVRÓPUMÁL** Ákvæði aðildarsamnings að Evrópusambandinu hafa að Evrópurétti jafnt vægi á við ákvæði sjálfs stofnsáttmála ESB.



**STEFÁN MÁR STEFÁNSSON**

Þannig er lögformlega ekkert því til fyrirstöðu að samið sé um frávik frá ákvæðum stofnsáttmálans í slíkum aðildarsamningi, til dæmis varðandi sameiginlega sjávarútvegsstefnu ESB.

Þetta sagði Stefán Már Stefánsson lagaprófessor í erindi sem hann hélt á morgunfundi hjá Félagi íslenskra stórkaupmanna í gær, en framsöguerindi hans bar yfirskriftina „Um hvað er hægt að semja við ESB og hvað ekki?“ Grundvallaratriði í að ná árangri í aðildarviðræðum taldi hann vera skýr samningsmarkmið. **- aa**

## ÁRBORG

### Ásókn í grænmetisgarða

Í ljósi kreppunnar er búist við aukinni aðsókn í sumar í garðlönd sem sveitarfélagið Árborg leigir út vestan við Eyrarbakka, sunnan megin þar sem skilyrði til ræktunar eru best. Garðarnir verða á bilinu tíu til eitt hundrað fermetrar. Árgjaldið er 500 krónur fyrir hverja tíu fermetra.



# Læknastofa

Hef opnað læknastofu í Domus Medica við Egilsgötu.
**Tímapantanir í síma 563 1010.**

Steingerður Sigurbjörnsdóttir, barnalæknir
undirsérgrein barna- og unglingageðlækningar


# Ákvörðun um skatta kynnt í sumarbyrjun

**Engin ákvörðun hefur verið tekin um sölu ríkisbankanna, segir fjármálaráðherra. Niðurskurður næsta árs vegna fjárlagagatsins verður 35 til 55 milljarðar. Samskipti við Hollendinga og Breta vegna Icesave hafa batnað.**

**EFNAHAGSMÁL** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að engar ákvarðanir hafi verið teknar um sölu ríkisbankanna; það sé þó ljóst að við einkavæðingu þeirra verði viðhöfð önnur aðferðafræði en árið 2002. Hann segir að ákvarðanir um hugsanlegar skattahækkanir verði kynntar um mánaðamótin maí/júní.

Þetta kom fram á opnum fundi fjárlaganefndar í gær þar sem rætt var um framvindu samkomulags íslenskra stjórnvalda við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) og stöðu efnahagsmála.

Í umræðum um samskipti stjórnvalda við AGS kom fram í máli Steingríms að sjóðurinn hefði ekki gert athugasemdir við breyttar áherslur nýrrar ríkisstjórnar í efnahagsmálum. Sagði Steingrímur að héldu stjórnvöld sig innan ramma þess samkomulags sem gert hefði verið myndi sjóðurinn halda sig til hlés. Áætlunin væri í þeim skilningi sveigjanleg. Sjálfstæðismenn inntu Steingrím eftir því hvaða upplýsingar um stöðu efnahagsmála sjóðurinn hefði fengið í nýlegri heimsókn, og gagnrýndu að fjárlaganefnd og Alþingi fengju ekki aðgang að sömu gögnum. Steingrímur sagði það á hendi AGS að gefa téðar upplýsingar, en „engin stór leyndarmál væri þar að finna“.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd lögðu hart að Steingrími að svara því hvort ákvarðanir um skattahækkanir hefðu verið teknar, en fjármálaráðherra hefur sagt að blönduð leið niðurskurðar og tekjuöflunar með skattahækkunum sé eina færa leiðin til að loka fjárlagagati upp á 150 til 170 milljarða á næstu tveimur til þremur árum. Steingrímur sagði að tillögurnar yrðu kynntar þegar tekju- og gjaldahlið fjárlaga næsta árs yrðu ræddar. Kom fram að niðurskurður á næsta ári gæti numið 35 til 55 milljörðum króna.

Steingrímur sagði að ákvarðanir um hugsanlegt söluferli bankanna lægju ekki fyrir enda væru efnahagsreikningar þeirra enn viðfangsefnið. Engin leið hefði verið útilokuð við hugsanlega sölu bankanna og til greina kæmi að kröfuhafar eignuðust hluta í þeim.

Nokkuð var rætt um Icesave-deiluna á fundinum og dró Steingrímur þar til baka þau orð sín að „glæsileg niðurstaða“ væri möguleg, sem hann viðhafði í fréttaviðtali. Sagði hann orðalag sitt hafa verið óheppilegt og „bærileg niðurstaða“ væri nær sannleikanum. Hann sagði samskipti við Hollendinga og Breta hafa batnað mikið. svavar@frettabladid.is



**FUNDURINN** Indriði H. Þorláksson ráðuneytisstjóri, Steingrímur fjármálaráðherra og Nökkvi Bragason, skrifstofustjóri fjárlagaskrifstofu, svöruðu spurningum fjárlaganefndar í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


**Söngskólinn í Reykjavík**

## Innritun í allar deildir skólans fyrir næsta skólaár stendur yfir

- **UNGLINGADEILDIR**
  Nemendur 11-13 ára og 14-15 ára
  skipt í stúlknadeildir og ungmennadeildir
- **SÖNGDEILDIR**
  Nemendur frá 16 ára aldri
  grunn-, mið- og framhaldsnám
- **HÁSKÓLADEILDIR**
  Nám til burtfararprófs í einsöng
  Söngkennaranám.

***Áríðandi:***
***Umsækjendur með lögheimili utan Reykjavíkur þurfa að leggja inn beiðni til sveitarfélags síns fyrir 15. apríl n.k.***

Umsóknir og upplýsingar:
sími 552 7366 / songskolinn.is / rafraen.reykjavik.is


Straumur var á skrifstofu Vinnumálastofnunar í gær:

# Sjö hópuppsagnir

**VINNUMARKAÐUR** Sjö fyrirtæki tilkynntu Vinnumálastofnun um hópuppsagnir í mars. Þetta eru fjármálafyrirtækin SPRON, Straumur-Burðarás og Sparisjóðabankinn, bílaumboðin Ingvar Helgason og B&L og tvö fyrirtæki úr byggingageiranum og þjónustustarfsemi. Samtals segja þessi fyrirtæki upp 200-300 mönnum.

Karl Sigurðsson, sérfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir erfitt að áætla nákvæmlega hvað hópuppsagnirnar ná til mikils fjölda starfsmanna. Uppsögnin hjá SPRON nái til allra 160 starfsmannanna en ljóst sé að ekki verði öllum sagt upp. Væntanlega haldi einhverjir starfsmenn áfram í útibúum og því sé erfitt að segja nákvæmlega hversu margir missa vinnuna þegar upp er staðið.

**HÓPUPPSAGNIR**
**Október 2008 - mars 2009**

| | Fjöldi uppsagna | Nær til |
|---|---|---|
| Október | 65 | 3.000 |
| Nóvember | 12 | 560 |
| Desember | 4 | 94 |
| Janúar | 10 | 167 |
| Febrúar | 0 | 0 |
| Mars | 7 | 200-300 |

Hópuppsagnir hafa átt sér stað í nánast hverjum mánuði frá því í haust. Í október bárust Vinnumálastofnun 65 uppsagnir vegna tæplega 3.000 einstaklinga. Í nóvember voru tilkynningarnar tólf, í desember fjórar, tíu í janúar og engin í febrúar. Uppsagnirnar snerta einkum fólk í byggingariðnaði, verslun og flutningastarfsemi og útgáfustarfsemi. - ghs


## Hjálparvakt tannlækna fyrir börn og unglinga

Fjárhagslegar aðstæður margra heimila hafa breyst verulega til hins verra á síðustu mánuðum. Því miður sýnir reynslan að eitt af því sem foreldrar neyðast til að spara þegar þrengir að eru tannviðgerðir og eftirlit hjá börnum og unglingum. Dregið hefur stórlega úr þátttöku íslenskra stjórnvalda í kostnaði vegna tannheilsu barna og við blasir gífurleg hætta á tannskemmdum og jafnvel vanlíðan barna og unglinga um þessar mundir. Í sumum tilfellum bíður fólk þess aldrei bætur.

Tannlæknar hafa ákveðið að koma til móts við þau heimili sem erfiðast eiga uppdráttar með sjálfboðavinnu við skoðun og viðgerðir tanna hjá börnum og unglingum. Skorað er á barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör að nýta sér þetta tækifæri til ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og unglinga 18 ára og yngri.

Hjálparvakt tannlækna er samstarfsverkefni Tannlæknafélags Íslands og Tannlæknadeildar Háskóla Íslands. Þjónustan er veitt í húsnæði Tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Tanngarði, laugardagana 4. apríl, 18. apríl, 9. maí og 23. maí frá kl. 10.00 – 13.00.

Ekki er tekið við tímapöntunum en ráðstafanir eru gerðar til þess að biðtími verði ávallt hóflegur. Nánari upplýsingar eru veittar hjá Tannlæknadeild Háskóla Íslands í síma 525 4850.

Tannlæknafélag Íslands
HÁSKÓLI ÍSLANDS



THULE SWEDEN
**Hjólafestingar**



Stilling
Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

# ÓDÝRI

## SPORTVÖRUMARKAÐURINN

HEFUR OPNAÐ Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA

FATNAÐUR 30-50% AFSLÁTTUR

30-50% AFSLÁTTUR AF SKÓM

LÍNUSKAUTAR STÖK PÖR 50% AFSLÁTTUR

FATASLÁR 500 KR. 1.000 KR.

INTERSPORT

BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220 Mán. - föstud. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 -18


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára
BÓNUS
1989 - 2009
1 kg
Gleðilega páska
1 kg
1798 kr.
BÓNUS PÁSKAEGG
BETRA VERÐ Í BÓNUS
NR.3 170g 398 kr.
NR.4 315g 698 kr.
NR.5 420g 898 kr.
NR.6 520g 1098 kr.
KJÖRFUGL
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLI
498 kr./kg.
KS
1078
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI
1078 kr./kg.
Nautaveisla
Ungnautagúllas
1298
N.V FERSKT NAUTASNITSEL 1298 kr./kg.
Nautaveisla
4x80 gr
398
GRILLBORGARAR 4 STK M/BRAUÐI
398 kr.
Nautaveisla
Ungnautasnitsel.
1298
N.V FERSKT NAUTAGÚLLAS 1298 kr./kg.
Nautaveisla
Nautaveislu Hakk
898
N.V FERSKT NAUTAHAKK 898 kr./kg.
Kristall
Kristall
129
EGILS KRISTALL
HREINN & SÍTRÓNU
2 ltr. 129 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
598
ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 598 kr./kg.
1798
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2998 KR./KG. 40% AFSLÁTTUR 1798 kr./kg.
1398
ALI HAMBORGARHRYGGUR M/BEINI 1398 kr./kg.
NÝREYKTUR OG ÍSLENSKUR
398
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
398 kr./kg.
798
K.F HAMBORGARHRYGGUR
MERKT VERÐ 998 KR./KG. 20% AFSLÁTTUR
798 kr./kg.
1359
K.S FROSINN LAMBAHRYGGUR Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
TEKUR AÐEINS UM KLST AÐ ÞÍÐNA Í KÖLDU VATNI.
1359
K.S FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
1359 kr./kg.
198
POLARBRAUÐ 6 STK 198 kr.
2998
GILLETTE FUSION POWER
RAKBLÖÐ 8 STK
2998 kr.
598
GILLETTE FUSION
RAKSÁPUGEL
240ml 598 kr.
198
COLGATE TANNKREM
REGULAR
100 ml 198 kr.
189
HUNTS BBQ SÓSUR
612g 189 kr. KRYDDIÐ SJÁLF
2598
GILLETTE FUSION RAKBLÖÐ
8 STK 2598 kr
198
MYLLU SPELTBRAUÐ
500g 198 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30



**GRIPNIR** Grískur hermaður handtekur nokkra meinta sómalska sjóræningja í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Norðmenn verjast sjóránum:

# Spúla ræningjum burt

**AÞENA, AP** Skipverjar norsks flutningaskips vörðust í gærmorgun árásum sómalskra sjóræningja í Aden-flóa.

Talsmaður gríska sjóhersins segir að sjóræningjarnir hafi skotið úr byssum á tankskipið Sigloo Tor en norsku skipverjarnir hafi flæmt þá burt með vatnsgusum úr brunaslöngum. Engan sakaði í átökunum.

- sh






**FRÉTTASKÝRING:** Breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins

# Átökin um stjórnarskrána

**Tekist er á af pólitískri hörku um breytingar á stjórnarskránni. Ríkisstjórnin leggur kapp á að málið klárist fyrir þinglok en sjálfstæðismenn andæfa af krafti. Rík hefð er fyrir þverpólitískri sátt um stjórnarskrárbreytingar. Fyrirséð er að nú verði breyting þar á.**

Mótmælin í kjölfar efnahagshrunsins sýndu að stórum hluta þjóðarinnar fannst stoðir samfélagsins fúnar. Fólk var þannig tilbúið að endurskoða þann grunn sem samfélagið byggði á og ekki síst stjórnarskrána, sem varð fljótt að sökudólgi í orðræðu mótmælenda og skýrenda sem fram komu í hinum ýmsu spjallþáttum. Þess var krafist að þjóðin sjálf fengi að setja sér sína eigin stjórnarskrá.

Framsóknarflokkurinn varð fyrstur til að bregðast við þessu kalli almennings. Eitt af því sem flokkurinn lagði áherslu á þegar samþykkt var að verja minnihlutastjórnina falli var að komið yrði á fót stjórnlagaþingi. Forystumenn beggja stjórnarflokkanna höfðu sumir tekið ágætlega í hugmyndir um endurskoðun. Framsóknarflokkurinn lagði hins vegar fram tímasetta áætlun um stjórnlagaþing og hvenær henni ætti að vera lokið.

Strax bárust efasemdaraddir um að starfsstjórn, sem ætlað væri að sitja í 80 daga, hefði umboð til slíkra róttækra breytinga á stjórnarskránni og tíma hennar væri betur varið í að bregðast við vandanum núna, fremur en að horfa til stjórnskipunarmála framtíðarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn gagnrýndi þetta harðlega og hefur alla tíð verið á móti hugmyndum um stjórnlagaþingið.

### Sumir vilja bíða

Innan stjórnarflokkanna er almenn samstaða um að halda stjórninni áfram að kosningum loknum. Að sönnu er mikill vilji innan flokkanna um að endurskoða stjórnarskrána. Sumir telja hins vegar að hægara verði um vik að taka ákvörðun um málið þegar flokkarnir tveir hafa náð meirihluta, í stað þess að semja sig í gegnum þingið. Þá sé rétt að vanda til verka þegar kemur að stjórnarskránni. Aðrir telja að koma verði loforði um endurskoðun í einhvern farveg fyrir kosningar, bæði vegna málefnastöðu flokkanna og ekki síður til þess að nýta þær kosningar til að stytta feril málsins. Til að staðfesta stjórnarskrárbreytingu þarf þingið að samþykkja hana, það verður svo rofið og boðað til kosninga og hið nýja þing þarf að staðfesta breytinguna. Þess vegna er að þeirra mati mikilvægt að ná málinu í gegn á yfirstandandi þingi.

### Frumvarpið lagt fram

Tæpur mánuður er liðinn frá því að frumvarpið um breytingar á stjórnarskránni (frumvarp um stjórnskipunarlög eins og það heitir á þingmáli) var lagt fram í þinginu. Fjórir af fimm flokkum á Alþingi standa að því: Samfylkingin, VG, Framsóknarflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn. Flutningsmenn eru formenn eða varaformenn flokkanna. Upplýst hefur verið að sjálfstæðismenn voru ekki hafðir með í ráðum um samningu frumvarpsins en þeim var boðið að gerast meðflutningsmenn. Því höfnuðu þeir.

Lýstu þeir megnri óánægju með málsmeðferðina alla í fyrstu umræðu þingsins.

### Umsagnirnar

Eftir að í nefnd var komið bárust margvíslegar umsagnir um frumvarpið, frá samtökum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum. Þá kom á þriðja tug manna fyrir nefndina. Rauði þráðurinn í umsögnunum er að málið sé unnið í of miklum flýti og af þeim sökum skárust raunar sumir undan því að gera efnislegar athugasemdir.

En margir taka afstöðu. Til dæmis ASÍ sem styður eindregið framgang málsins og telur brýnt að það verði samþykkt fyrir kosningar. Lögmannafélagið leggst hins vegar gegn samþykkt enda þurfi breytingatillögurnar frekari athugana við.

Sé litið til einstakra greina frumvarpsins viku flestir umsegjendur að þeirri er fjallar um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti skuli vera í þjóðareign. Eins og vænta mátti eru sjónarmið með og á móti. Sjómannasambandið telur ákvæðið tímabært en LÍÚ leggst alfarið gegn því. Fjölmargir gera athugasemdir við orða- og hugtakanotkun í greininni og telja hana óskýra. Þá eru hafðar uppi efasemdir um að hægt sé að lýsa eitthvað eign þjóðar og varað er við að réttaróvissa geti skapast. Snýr það helst að aflaheimildum.

Þeir sem á annað borð tjá sig um greinina sem kveður á um hvernig breyta beri stjórnarskránni eru almennt jákvæðir. Sama er að segja um ákvæðið um þjóðaratkvæðagreiðslur; þótt ýmsar tæknilegar athugasemdir séu gerðar. Þá eru margir hlynntir stjórnlagaþingi en gjalda varhug við þeirri útfærslu sem boðuð er í frumvarpinu.

Í örstuttu máli má segja að umsagnir skiptist þannig að samtök fólksins, ASÍ og BSRB, séu fylgjandi frumvarpinu en hagsmunasamtök og fræðimenn á móti.

### Sáttatilraunir

Flutningsmenn, í samvinnu við fulltrúa í sérnefnd um stjórnarskrármál, hafa reynt að mæta sjónarmiðum sjálfstæðismanna. Í því augnamiði gerðu þeir nokkrar breytingar á frumvarpinu og sendu þær fulltrúum Sjálfstæðisflokksins á laugardag. Meðal annars var ákvæði um sjálfbæra þróun tekið út úr fyrstu greininni, bætt var við aðra greinina ákvæði um að stjórnarskrárbreytingar skyldu fara fyrir fjórar umræður í þinginu og lagt til að kosningar til stjórnlagaþings færu fram samhliða sveitarstjórnarkosningum á næsta ári til að spara peninga. Skemmst er frá því að segja að sjálfstæðismenn eru litlu sáttari og lýstu sig andvíga þegar málið var afgreitt úr sérnefnd um stjórnarskrármál í gær.






FRÉTTASKÝRING
**KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ**
kolbeinn@frettabladid.is
**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON**
bjorn@frettabladid.is


## BREYTINGAR ÞINGMEIRIHLUTANS

**1. gr. frumvarpsins (verður 79. gr. stjórnarskrárinnar)** fjallar um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti verði þjóðareign. Ríkið fari með forsjá þeirra, vörslu og ráðstöfunarrétt og hafi eftirlit með nýtingu þeirra í umboði þjóðarinnar eftir því sem nánar sé ákveðið í lögum. Náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi.

**2. gr. (verður 81. gr.)** fjallar um hvernig breyta beri stjórnarskránni. Skulu fjórar umræður um frumvarpið fara fram á Alþingi og eftir samþykkt á að vísa því í þjóðaratkvæðagreiðslu. Meiri hluta gildra atkvæða þarf til að breytingin skoðist samþykkt.

**3. gr. (verður 80. gr.)** fjallar um þjóðaratkvæðagreiðslur um tiltekin lög eða mikilvægt málefni sem varðar almannahag. Þurfa fimmtán prósent kjósenda að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Niðurstaðan er bindandi þegar meiri hluti gildra atkvæða er fylgjandi, þó minnst 25 prósent allra kjósenda á kjörskrá. Alþingi skal ákveða hvernig spurning skal borin fram í þjóðaratkvæðagreiðslu.

**4. gr. (bráðabirgðaákvæði)** fjallar um skipan stjórnlagaþings er semji nýja stjórnarskrá. Skal kjósa til þess samhliða sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári, á það að koma saman 17. júní og starfa í eitt ár. 41 fulltrúi skal sitja þingið.



# Aðeins í 4 daga !

lagerútsala!



stillanleg rúm • einbreið rúm • tvíbreið rúm • gaflar • stólar • svefnsófar • teppasett o.fl.




ekki missa af þessu!!

Bak við Holtagarða!!

lagerútsalan hefst á morgun

**30-70% afsláttur**

aðeins fimmtudag til sunnudags frá kl. 13 - 18

Betra BAK


**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**


**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**

## Útgjöldin

> Verð á einu kílói af eggjum í krónum




Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN: GEORG LÁRUSSON FORSTJÓRI LANDHELGISGÆSLUNNAR**

# *Kvennanámskeið reyndist best*



„Bestu kaupin gerði ég þegar ég var hjá Útlendingastofnun," segir Georg en hann var forstjóri þeirrar stofnunar frá 1999 til 2005. „Þar unnu nær eingöngu konur og ég brá mér á námskeið sem hét „Samskipti á kvennavinnustað". Þetta námskeið nýttist mér alveg sérstaklega vel en þar lærði ég margar lexíur sem reynast mér vel þegar ég er að eiga við hrútana á þessum karlavinnustað hér í Landhelgisgæslunni," segir hann og skellir upp úr.

Svona getur gildi þess sem maður kaupir komið í ljós seint og um síðir. En oft vill það vera þannig með slæmu kaupin að brotalamirnar koma tiltölulega fljótt í ljós. Þannig var það með verstu kaup Georgs en nokkuð langt er liðið síðan hann gerði þau. „Ég var í námi á þeim árum og hafði nokkrum sinnum leigt mér sjóbretti en ákvað síðan að spara til þess að festa kaup á einu slíku. Það tókst eftir langan tíma og ég keypti bretti sem auglýst var í Dagblaðinu. Þegar átti að fara að nota það reyndist það ekki betur en svo að það sökk en það eiga sjóbretti alls ekki að gera. Ég hef aldrei séð þennan náunga síðan sem seldi mér brettið en ég hefði mikinn áhuga á því. Það er kannski að ég grípi hann einhvern tímann í landhelgi."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### GEFUR KRÖKKUM KLAKAPINNA

■ *Matthildur Jóhannsdóttir iðnhönnuður nýtir klakaboxin á ýmsan hátt*



„Ég nota klakabox á ýmsan hátt. Ef ég á til dæmis afgang af líkjörum, rauðvíni eða hvítvíni þá frysti ég hann og nota svo út í sósur," segir Matthildur Jóhannsdóttir iðnhönnuður. „Ég set líka afganga af djúsi í klakabox, sting tannstönglum í og gef svo krökkunum lítinn klakapinna ef þau eru dugleg að borða grænmetið sitt. Þetta drýgir matarpeningana," segir hún og bætir við að upplagt sé að frysta kreditkortið því maður sé búinn að skipta um skoðun um kaupin þegar það er þiðnað.




**Neytendur:** Sparnaðarráð hjá RB rúmum

# *Stífaði rúmdýnurnar og sparaði pening*



**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Ágústa vill deila sparnaðarráði með okkur hinum: *Þannig er að dýnurnar okkar, sem eru um 10 ára gamlar, voru farnar að gefa sig (eðlilega).*
*Þetta eru dýnur frá Ragnari Björnssyni, Hafnarfirði, svo ég fór inn á heimasíðu þeirra til að kynna mér verð á nýjum dýnum.*

*Þar rak ég augun í það að RB rúm bjóða endurhönnun á springdýnum eftir áralanga notkun. Ég hringdi til að panta tíma fyrir dýnurnar mínar, mætti síðan með þrjár dýnur kl. 8.00 að morgni og náði í þær aftur sama dag rétt fyrir lokun.*

*Þá var búið að stífa þær allar upp og skipta um áklæði á tveimur þeirra, og þær voru því eins og nýjar. Það kostar 8.900 að stífa upp hverja dýnu. Ég var farin að sjá fyrir mér mikil útgjöld í nýjum dýnum, þar sem góður nætursvefn og hvíld skiptir jú miklu máli.*

*Vildi því benda á þessa þjónustu hjá Ragnari Björnssyni.*



Ásta hjá RB Rúmum í Hafnarfirði segir þessa stífingarþjónustu einungis gilda fyrir dýnur frá RB. Verðið á stífingunni sé 8.990 krónur, en verðið á nýjum áklæðum sé mismunandi. Hún bætir við að fyrir 2.990 krónur aukalega sé dýnan sótt heim til viðskiptavina að morgni og skilað aftur að kvöldi. Fyrirtækið leggi auk þess mikla áherslu á að um leið og dýna sé keypt sé fjárfest í svokölluðum dýnuhlífum, því svo mikill kostnaður liggi í áklæðunum.

Auglýsingasími
512 50 50


– Mest lesið



LAUSNIR FYRIR HEIMILIÐ
Við vinnum með þér að lausnum fyrir heimilið. Greiðslujöfnun lána er ein af þeim.
Landsbankinn býður upp á nokkur úrræði fyrir heimili sem eiga við greiðsluerfiðleika að etja. Við aðstoðum þig við að velja lausn sem kemur til móts við þínar þarfir.
Pantaðu ráðgjöf á landsbankinn.is, í útibúinu þínu eða í síma 410 4000
Landsbankinn
ENNEMM / SÍA / NM37467



Reykjavík, 30. mars 2009

Góðir landsmenn.

Við höfum orðið fyrir áföllum af völdum ógætinna útrásarmanna og framundan eru ár sem reyna á þrautseigju og dugnað Íslendinga. Verum samt minnug þess að áður hefur blásið á móti. Stormurinn hefur verið í fangið en við staðið það af okkur sem þjóð. Þetta á einnig við um Frjálslynda flokkinn sem mun eins og þjóðin halda velli þrátt fyrir illmælgi og rógburð sem skaðað hefur flokkinn.

Framundan hjá forystumönnum og frambjóðendum Frjálslynda flokksins er stutt og snörp kosningabarátta þar sem við leggjum fram málin okkar á liðnum árum, sem ennþá brenna harkalega á fólkinu vegna óréttlætis og kúgunar ásamt eigna- og atvinnumissis. Við krefjumst þess enn að kvótinn verði þjóðareign og að afnumin verði veðsetning útgerðar á óveiddum fiski í sjó sem opnaði leið fyrir yfirveðsetningu og ofurskuldir sjávarútvegsins. Sölu- og leigubraskið þarf að afnema.

Sjómönnum er ætlað að borga núverandi handhöfum kvótans okurverð fyrir réttinn til fiskveiða. Í gamla daga hét þetta vistarband. Sanngjarnt leigugjald til ríkisins á að taka upp. Við spurðum í sérstakri auglýsingu fyrir kosningar 2007 um vísitölu verðtryggingar: „Verður þú gjaldþrota?“ Þá, eins og nú, vildum við Frjálslyndir einir afnema vístölu verðtryggingar á lánum til fólks. Nú er aðför að húseigendum, verðtryggðar skuldir hækka en eignir lækka. Nú vilja fleiri en Frjálslyndir vinna gegn verðtryggingu lánsfjár en samt fær frumvarp okkar um það mál ekki afgreiðslu á Alþingi.

Við viljum ekki ganga inn í ESB og teljum að sjálfstæði okkar og yfirráð á auðlindum beri að tryggja.

Frjálslyndi flokkurinn hefur á undanförnum árum beitt sér fyrir mörgum félagslegum úrbótum svo sem hækkun persónu afsláttar, hækkun á lífeyri úr almannatryggingum og greiðslum úr lífeyrissjóðum og bættri stöðu aldraðra og öryrkja. Við viljum mikla lækkun vaxta nú þegar og eflingu atvinnulífsins. Atvinnuleysið er eitthvert versta böl sem fólk stendur frammi fyrir í lífinu og er brýnasta úrlausnarefnið núna.

Góðir landsmenn.
Frjálslyndi flokkurinn hefur mátt þola erfið innanflokksátök sem skert hafa trúverðugleika flokksins í augum fólks. Þessi átök eru nú að baki. Framboðslistar í öllum kjördæmum liggja fyrir, skipaðir ágætu fólki sem vill fylgja fram góðum og réttlátum málum.

Það er von mín að íslenskir kjósendur telji nauðsynlegt að ná fram þeim meginmarkmiðum sem Frjálslyndi flokkurinn stendur fyrir. Ég heiti því fyrir hönd okkar frambjóðenda Frjálslynda flokksins að berjast til þrautar fyrir þessum málum og legg þar við drengskap minn.

Með góðri kveðju,

Guðjón Arnar Kristjánsson,
formaður Frjálslynda flokksins

**Kjóstu F!**
*forysta fyrir íslenska þjóð*

Frjálslyndi flokkurinn

**www.xf.is**



Begonia 999 kr



Páska-
skreytingar 990 kr



Páskagreinar 699 kr

# Blómstrandi

## í Húsasmiðjunni um land allt



Krýsi 979 kr

Tilboð Blómavals gilda einnig í **Húsasmiðjunni** um land allt

Páskaliljur í potti 399 kr

potthlíf fylgir ekki með





| | |
|---|---|
| **Útsæði Gullauga** 5 kg. í poka 10220610 | 899 kr/kg |
| **Helga** 5 kg. í poka 10220611 | 899 kr/kg |
| **Premiere** 5 kg. í poka 10220612 | 899 kr/kg |
| **Rauðar íslenskar** 5 kg. í poka 10220612 | 899 kr/kg |

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Keflavík - Kringlan - Smáralind

**Gildir 2. - 5. apríl**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# Grillum um páskana



16.990

Frábært verð

OUTBACK

**Omega 200**
6.2Kw
Grillflötur 48x36 sm
Tvískiptur brennari
Flame tamer hlíf yfir brennara
Emeleruð grillgrind
Hitagrind, hliðarborð,
neistakveikja, þrýstijafnari.
Gaskútur fylgir ekki
3000235

# páskar

**FRÁBÆRT VERÐ**
í Húsasmiðjunni
**um land allt**



1.199
ódýrt

**Malarskófla**
5082502



4.799
ódýrt

**Hjólbörur**
80 ltr.
5080038

## Nú er tíminn til að klippa



7.999
Frábært verð

**Hekkklippur rafmagns**
Ikra, 5 50W - 60 sm blað,
18 mm klippigeta.
5083540

**Reiðhjól 12 og 16"**
Bob the builder og My Bonnie
3899960/61/62/63
Vönduð og sterk hjól
með bögglabera, brettum,
handbremsu, bjöllu,
endurskini ofl.

12"
12.390

14"
14.590



Hjálmur fylgir með barnahjólum
fim-sun

Svamp-undirlag fylgir með
fim-sun



4.490m²
ódýrt

**Eikarparket**
3ja stafa smelluparket, ekkert lím.
Mattlökkuð eik með Livaloc krækju.
Borðastærð 14x189x2200 mm.
146604

## Frábært á bílskúrsgólfið
frostþolnar



2.499m²
Frábært verð

**Gólfflísar**
Grá, beige og dökk grár.
30x30, frostþolnar, þykkt 8.6 mm.
8630030/31/33

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 37 **Velta:** 124 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 212 **-2,48%**

**OMX ÍSLAND 6** 625 **-2,14%**

MESTA HÆKKUN

| | |
|---|---|
| **BAKKAVÖR** | 3,7% |

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **MAREL** | 3,56% |
| **ATLANTIC PETR.** | 3,46% |
| **FØROYA BANKI** | 1,65% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +3,46% ... Bakkavör 1,40 +3,70% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 119,00 -1,65% ... Icelandair Group 7,00 +0,00% ... Marel Food Systems 43,40 -3,56% ... Össur 88,80 -1,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# DeCode glímir við alvarlegan fjárskort

Laust fé deCode, móðurfélags Íslenskrar erfðagreiningar, dugar í mesta lagi næstu þrjá mánuði. Þetta kemur fram í uppgjöri fyrirtækisins sem birt var í fyrrakvöld. Óvíst er hvað tekur við en unnið er að fjármögnun félagsins.

Fyrirtækið tapaði 80,9 milljónum Bandaríkjadala, jafnvirði 9,7 milljarða íslenskra króna í fyrra. Þetta er 14,6 milljónum dala betri afkoma en í hittiðfyrra. Tap á fjórða ársfjórðungi nam átján milljónum dala samanborið við 32,4 milljóna dala tap ári fyrr.

Laust fé og innistæður fyrirtækisins námu 3,7 milljónum dala, tæpum hálfum milljarði króna, um áramótin. Ári fyrr átti það 64,2 milljónir dala.

Fyrirtækið seldi Landsbankanum safn skuldabréfa fyrir ellefu milljónir dala í janúar og hefur nýtt andvirðið til rekstrar. Ljóst er að fjármunir hafa brunnið hratt upp og að fyrirtækið hafi aðeins fjármagn fram á yfirstandandi fjórðung.

Haft er eftir Kára í uppgjörinu að stjórn fyrirtækisins hafi unnið að uppstokkun, svo sem eignasölu og viðræðum við lánardrottna til að tryggja fjármögnun félagsins. Ekki náðist í Kára þegar eftir því var leitað í gær. **- jab**



**KÁRI STEFÁNSSON** DeCode átti 3,7 milljónir dala um áramótin en seldi skuldabréf fyrir ellefu til viðbótar í janúar. Unnið er að fjármögnun fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Danir kaupa í Össuri

ATP-Arbejdmarkedets Tillægspens, lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna í Danmörku og einn sá stærsti þar í landi, gekk í fyrrakvöld frá kaupum á öllum eftirstandandi eignarhlut Jóns Sigurðssonar, forstjóra félagsins, fyrir 643,5 milljónir króna.

Jón seldi megnið af hlut sínum í fyrirtækinu í síðustu viku en átti eftir 7,5 milljónir hluta.

Lífeyrissjóðurinn hefur verið í hluthafahópi Össurar frá því í nóvember 2007 og hefur lítið hreyft sig þar síðan þá.

Sjóðurinn átti fyrir 3,47 prósenta hlut en jók hann í 5,24 prósent og er orðinn fjórði stærsti hluthafinn á eftir Össuri Kristinssyni, frumkvöðli og stofnanda fyrirtækisins. Forstjóri Össurar er hins vegar horfinn úr hluthafahópi fyrirtækisins. **- jab**



**FORSTJÓRINN SKOÐAR GERVIFÓT** Einn stærsti lífeyrissjóður Danmerkur er nú orðinn fjórði stærsti hluthafinn í stoðtækjafyrirtækinu Össuri.

# Eimskip enn á floti

„Við höldum okkur á floti og höfum ekki leitað til lánastofnana síðan í júní. Afkoman er yfir væntingum þótt róðurinn sé erfiður," segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.

Félagið tapaði 40,2 milljónum evra á síðasta ársfjórðungi, þeim fyrsta í bókum skipaflutningafélagsins. Þetta jafngildir tapi upp á 6,6 milljarða króna. Til samanburðar tapaði fyrirtækið 38,9 milljónum evra á sama tíma í fyrra. Sex milljónir evra af tapi félagsins liggja í neikvæðum gengisáhrifum.

Gylfi segir fyrirtækið nú einbeita sér að markaðnum hér, í Færeyjum og Noregi og sé þar í góðum málum þrátt fyrir fjármálakreppuna. Öðru máli gegni um starfsemina í Eystrasaltslöndunum, sem skilaði 7,1 milljóna evra rekstrartapi á fjórðungnum. Tíu til fimmtán prósent flutningaskipaflotans í Evrópu liggur við landfestar, sem er lýsandi fyrir stöðuna, að mati Gylfa. Staða félagsins sé hins vegar viðunandi.

Stjórnendur Eimskips hafa síðasta árið unnið að því hörðum höndum að vinda ofan af skuldahít fyrri ára en stefnt er að því að láta þrjú til fimm skip ganga upp í skuldir. Sama máli gegnir um 65 prósenta hlut í Containership sem sinnir skipaflutningum á milli Eystrasaltsríkjanna og Rússlands.

Gylfi segir viðræður við bandaríska og kanadíska fjárfesta um sölu á frystiog kæligeymslum Verscold á góðu skriði og sé stefnt að því að ljúka henni fyrir júnílok. **- jab**



**GYLFI SIGFÚSSON** Forstjóri Eimskips segir fyrirtækið vinna að því hörðum höndum að bæta afkomuna, þrátt fyrir erfitt árferði, og lækka skuldir með sölu óarðbærra eigna.

# Hertar reglur loka hjáleið

**Hertari gjaldeyrisreglur styrkja gengi krónunnar. Stutt síðan LÍÚ heyrði af leiðum framhjá gjaldeyrishöftum. Íslandsbanki segir erfitt að girða fyrir allar hjáleiðir.**

„Það er mikilvægt að sömu reglur gildi fyrir alla. Við styðjum gjaldeyrishöftin ef þau styrkja gengið og ná vöxtum og verðbólgu niður," segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landssambands útgerðarmanna (LÍÚ).

Alþingi samþykkti í fyrrakvöld að breytingu á gjaldeyrisreglum sem fela í sér að útflutningsviðskipti verða að fara fram í erlendri mynt.

Fyrir breytinguna tíðkaðist í einhverjum mæli að erlendir fjárfestar keyptu krónur á erlendum mörkuðum, sem voru allt að þrjátíu prósent lægri en skráð miðgengi Seðlabankans. Greitt var fyrir með íslenskum krónum og uppskáru erlendir kaupendur því umtalsverðan gengishagnað. Erlendur gjaldeyrir skilaði sér því ekki heim vegna útflutnings. Viðskipti sem þessi voru ekki brot á reglum um gjaldeyrisviðskipti.

Friðrik segir það hafa komið sér á óvart að hægt var að fara framhjá skilaskyldu á gjaldeyri með þessum hætti. Ekki liggja fyrir upplýsingar um það hversu háar upphæðir hafi farið framhjá gjaldeyrishöftunum í viðskiptunum. Ótrúlegt er að ekki hafi verið gert ráð fyrir þessum möguleika, að sögn Friðriks.

Gengi krónunnar styrktist um 2,11 prósent í mjög litlum viðskiptum í gær og endaði gengisvísitalan í 208,50 stigum. Hún hafði áður veikst viðstöðulaust um tæp tólf prósent á þremur vikum.

Greining Íslandsbanka segir að með viðbótinni sé barið í augljósasta brest gjaldeyrishaftanna. Líkur séu á að gengi krónunnar styrkist fyrsta kastið. Þó sýni reynslan að ávallt sé reynt að fara fram hjá slíkum höftum og erfitt að girða fyrir allar hjáleiðir. Þó gætu snör viðbrögð yfirvalda við þeim misbresti sem einkenndi markaðinn á síðustu vikum latt menn í leitinni að nýjum leiðum fram hjá reglunum. **jonab@markadurinn.is**

## ÞETTA SAGÐI LÍÚ 6. MARS 2009

„Enginn gerir svona langað, enginn," fullyrti Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur LÍÚ, í kjölfar þess að Fréttablaðið sagði frá því í byrjun mars að íslensk útflutningsfyrirtæki hafi samið við erlenda kaupendur um sölu á vörum í íslenskum krónum í stað erlends gjaldeyris.



**FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**

# Milljarðarnir skrifast á Björgólf

Auknar skuldir bankaráðsmanna Landsbankans og félaga tengdra þeim í hálfsársuppgjöri bankans í fyrra eru að nær öllu leyti tilkomnar vegna kaupa Björgólfs Guðmundssonar, formanns bankaráðsins, á helmingshlut Sunds í fjárfestingarfélaginu Gretti fyrir tveimur árum.

Fram kom í Markaðnum í gær að skuldir bankaráðsmanna Landsbankans og félaga tengdra þeim jukust úr 9,9 milljörðum króna árið 2007 í tæpa fimmtíu milljarða í fyrra. Kaup Björgólfs skýra 37 milljarða en gengisáhrif þrjá milljarða króna.

Grettir átti 33 prósent í Eimskipi og rúm 28 prósent í Icelandic Group og færðust skuldbindingar félaganna gagnvart bankanum frá fyrri árum yfir á félög tengd bankaráðsformanninum. Ekki var um nýjar lánveitingar að ræða.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins gekk Björgólfur sjálfur í ábyrgð fyrir skuldbindingum auk þess sem bankinn hafði veð í eignarhlut Björgólfs í Gretti. Grænt ljós var gefið á viðskiptin í bankaráðinu enda talið að þau gætu styrkt félög í eigu Grettis.

Unnið er að innheimtu krafna á hendur bankaráðsmönnum og félögum þeim tengdum. Óvíst er með heimtur þar sem mörg félög tengd bankaráðsmönnum standa illa. „Því miður hefur þróunin verið til verri vegar hjá mörgum," sagði einn viðmælenda Fréttablaðsins í gær. **- jab**



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Kaup félags í eigu formanns bankaráðs Landsbankans árið 2007 skýra tugmilljarða lánafærslu til félaga tengdra bankaráðinu í fyrra. Ekki var um nýja lánveitingu að ræða.




410 4000 | landsbankinn.is

162 / AKUREYRI

Lárus gekk skíðalandsgönguna þriggja ára. Hann og 24 aðrir taka vel á móti þér við Ráðhústorgið.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu á Akureyri eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn

Ford

Nýtt tákn um gæði

# Við erum á tánum í dag – fyrir þig

Semdu við okkur um verð



-17%

**Ford Escape XLT AWD** (NM788)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, hraðastillir,
dökklitar rúður ofl.
Skrd. 11/2004. Ek. 78.000 km.
Ásett verð 2.390.000 kr.
Afsláttur 400.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**

## Ný dæmi
um verð og gæði

**Nýtum það sem við eigum**
**Endurnýtum gjaldeyrinn**
**Komdu í Brimborg í dag**

selja gamla

kaupa nýjan
eða notaðan

Fjöldi annarra Ford bíla í boði.
Hringdu núna í síma 515 7000.



-11%

**Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4** (OJB10)
4,6 V8 bensín sjálfskiptur 4 dyra.
32" breyting, Webasto miðstöð,
loftdæla, leðuráklæði, lok á pall ofl.
Skrd. 08/2007. Ek. 21.000 km.
Ásett verð 4.690.000 kr.
Afsáttur 500.000 kr.
**Tilboðsverð 4.190.000 kr.**



-15%

**Ford Focus Trend** (KX713)
1,6 bensín beinskiptur station.
16" álfelgur, upphitanleg framrúða,
skyggðar rúður ofl.
Skrd. 01/2006. Ek. 44.000 km.
Ásett verð 2.220.000 kr.
Afsáttur 330.000 kr.
**Tilboðsverð 1.890.000 kr.**



Sýningarbíll
-6%

**Ford Escape Limited AWD** (YNP57)
3,0 V6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
16" álfelgur, leðuráklæði,
hraðastillir, krómpakki ofl.
**Óskráður sýningarbíll**
Kostar nýr 5.741.000 kr.
Afsláttur 351.000 kr.
**Tilboðsverð 5.390.000 kr.**



-11%

**Ford C-MAX Trend** (OHB63)
1,6TDCi dísil beinskiptur 5 dyra.
Hæðarst. framsæti, sólarvörn í
framrúðu ofl.
Skrd. 06/2008. Ek. 5.000 km.
Ásett verð 3.250.000 kr.
Afsáttur 360.000 kr.
**Tilboðsverð 2.890.000 kr.**



Sýningarbíll
-11%

**Ford Fusion Trend** (UEM15)
1,4TDCi dísil beinskiptur 5 dyra.
**Óskráður sýningarbíll**
Kostar nýr 2.920.000 kr.
Afsláttur 322.000 kr.
**Tilboðsverð 2.598.000 kr.**



-19%

**Ford Escape XLS AWD** (OI109)
2,3 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
15" álfelgur, loftkæling, húddhlíf ofl.
Skrd. 07/2005. Ek. 62.000 km.
Ásett verð 2.450.000 kr.
Afsáttur 460.000 kr.
**Tilboðsverð 1.990.000 kr.**



-11%

**Ford Mondeo Ghia** (DDX00)
2,0TDCi dísil sjálfskiptur 4 dyra.
16" álfelgur, tölvust. miðstöð,
upph. framrúða ofl.
Skrd. 07/2007. Ek. 10.000 km.
Ásett verð 4.350.000 kr.
Afsáttur 480.000 kr.
**Tilboðsverð 3.870.000 kr.**



-16%

**Ford Focus Trend** (ZZ420)
1,6 bensín sjálfskiptur 5 dyra.
Upphitanleg framrúða, loftkæling ofl.
Skrd. 05/2006. Ek. 29.000 km.
Ásett verð 2.250.000 kr.
Afsáttur 360.000 kr.
**Tilboðsverð 1.890.000 kr.**

## Semdu við okkur um gott verð

## Notað
**Eingöngu bílar sem sérfræðingar Ford mæla með**




Cohn & Wolfe Public Relations Íslandi

**Við erum á tánum fyrir þig í dag.**
Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu
notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is
og sannreyndu tilboð dagsins.
Komdu í Brimborg í dag.



Aflaðu þér
frekari upplýsinga
notadir.brimborg.is

Áfram Ísland

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is | www.ford.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Velferðaráætlun ríkisstjórnarinnar:

## Vegvísir til að draga úr skaða

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Þeir sem halda utan um fjármál ríkisins bera mikla ábyrgð. Það gildir bæði þegar vel árar og illa. Óumdeilanlega er þó þægilegt að vera við stjórnvölinn þegar skattfé rennur í kassann í stríðum straumum. Þá er hægt að verja fé úr sameiginlegum sjóðum í verkefni sem vænleg eru til vinsælda og líklegt er að munað verði eftir næst þegar gengið er til kosninga. Sum þessara verkefna eru auðvitað brýn, önnur síður.

Verra er þegar þeir sem stýra ríkisfjármálum þegar vel árar láta glepjast af góðærinu og stjórna rétt eins og góðærið standi að eilífu, jafnvel þótt sagan hafi sýnt að slíkt gerist aldrei. Þannig verður að draga í efa að brýnt hafi verið að lækka skatta þegar vel áraði og sömuleiðis hlýtur að teljast veruleg yfirsjón að hirða ekki um að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir skattsvik þegar sýnt hafði verið fram á að ríkið yrði af verulegum tekjum vegna gloppa í skattkerfinu. Þessar ákvarðanir eru ekki til að bæta þá stöðu sem nú er uppi.

Eitt meginverkefni sitjandi ríkisstjórnar og þeirrar sem tekur við eftir kosningarnar er að skera niður og leita leiða til að auka aftur ráðstöfunarfé ríkissjóðs. Báðir stjórnarflokkarnir ályktuðu á landsfundum sínum um möguleika á auknum skatttekjum ríkisins. Fjármálaráðherra hefur auk þess boðað nýjan hátekjuskatt sem vissulega skilar ekki verulegum tekjum í ríkissjóð en nú hlýtur að muna um allt.

Það er mikið ábyrgðarverk bæði að ákveða hvernig á að sækja skatttekjur og að ráðstafa fé úr sameiginlegum sjóðum. Niðurskurður á opinberum verkefnum er enn meiri ábyrgðarhlutur, ekki síst í velferðarkerfi sem gegnir lykilhlutverki á erfiðum tímum.

Í vikunni kynnti félagsmálaráðherra velferðaráætlun ríkisstjórnarinnar. Hún byggir á vinnu Velferðarvaktarinnar sem er stýrihópur sem sitjandi ríkisstjórn fól að gera úttekt á velferðarmálum í kjölfar kreppunnar. Áætlunin tekur til fjölmargra þátta sem varða líf almennings í landinu. Hún er hnitmiðuð og grein gerð fyrir því hver ber ábyrgð á hverjum þætti hennar. Meðal þess sem velferðaráætlunin tekur til er aðgengi fólks að velferðarkerfinu, menntun og aðstæður fólks í fjárhagsörðugleikum.

Þegar skorið er niður er brýnt að horfa til þess að sparnaður á einum stað verði ekki kostnaður annars staðar, eða ef svo er að pólitísk hugsun sé að baki því að svo verði. Því er í áætluninni lögð áhersla á að verja störf innan velferðarkerfisins í því skyni að draga sem minnst úr þjónustu og minnka atvinnuleysi.

Einnig er stefnt að því að gefa nemendum í framhaldsskólum og háskólum kost á að stunda nám í sumar. Þetta er mikið hagsmunamál fyrir nemendur sem ekki sjá fram á að fá sumarvinnu. Útlagður kostnaður við þá aðgerð sparast að hluta í atvinnuleysisbótum. Auk þess sem sumarönnin styttir námstímann.

Ljóst er að langt er í að áhrif efnahagshrunsins komi að fullu fram. Velferðaráætlun ríkisstjórnarinnar er ríkisstjórninni vegvísir til að draga eftir föngum úr skaðanum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

*Nýdögun og Laugarnes-kirkja efna til samveru:*
*fimmtudaginn 2. apríl kl 20*

*Upprisa til nýs lífs. Að læra að lifa upp á nýtt eftir sorg og áfall,*

*Fyrirlesari. Valdís Ösp Ívarsdóttir þerapisti.*
*Staður safnaðarheimili Neskirkju við Hagatorg*



NÝ DÖGUN
*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*

FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heimsbyggðin leiðrétt

Síðustu ár og áratugi hefur orðið mikil vakning í umhverfismálum víða um heim. Hugmyndafræði Staðardagskrár 21 hefur rutt sér til rúms, ekki síst eftir skýrslu sem Gro Harlem Bruntland vann fyrir Sameinuðu þjóðirnar.

Landssamband smábátaeigenda hefur hins vegar séð í gegnum þetta hugtak, en í umsögn þess um frumvarp um breytingar á stjórnarskrá, sem formaðurinn Arthur Bogason ritar undir, var þetta kallað „orðagjálfur“. Rifjað var upp að náttúran sjálf hefði drepið kúfiskstofninn í Bakkaflóa á einu bretti. „Var þar um að ræða einhverja sjálfbæra og meðvitaða ákvörðun náttúrunnar?“



Skemmst er frá því að segja að ákvæðinu um sjálfbæra þróun hefur snarlega verið kippt út úr frumvarpinu.

### Sátt um nauðsynjar

Þrátt fyrir annir í þinginu við að koma í veg fyrir að fólk og fyrirtæki verði gjaldþrota í bílförmum hafa þingmenn allra flokka, utan Frjálslyndra, fundið tíma fyrir mikilvæga tillögu sem sameinar þá þvert á flokkslínur. Nefnilega um að ráðstefna verði haldin á Akureyri í haust um málefni heimskautasvæðanna.



### Fylgisleysi í flimtingum

Einhverjum þykja aprílgöbb sniðug og þeir hafa fengið nóg fyrir sinn snúð í gær. Eitt hið skemmtilegasta var að finna á heimasíðu Frjálslynda flokksins. Þar gat að líta frétt af því að samkvæmt nýrri könnun Gallup mældist flokkurinn með 15 prósenta fylgi og hefði tekið mest frá Sjálfstæðisflokknum. Áhugasömum um frekari greiningu var bent á að fara á netið klukkan 22, þá yrði könnunin birt.

Þetta heitir að hafa húmör fyrir sjálfum sér og eigin fylgisleysi.

kolbeinn@frettabladid.is

## Bíll og svanni



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Staða kvenna nær og fjær

Tæplega tvítug stúlka sást á ferli með karlmanni. Þá komu sjö karlar aðvífandi og nauðguðu þeim báðum. Stúlkan, sem er gift, kærði sjömenningana. Hún var dæmd til að þola 90 vandarhögg fyrir að vera ein á ferli með óskyldum karlmanni, og hann líka. Lögmaður beggja áfrýjaði dómnum. Þá var dómurinn þyngdur í 200 vandarhögg og sex mánaða fangelsi og lögmaðurinn sviptur málflutningsréttindum. Nauðgararnir fengu fimm til sjö ár. Málið fór fyrir hæstarétt. Þetta var 2006 í Sádi-Arabíu. Dómsmálaráðuneytið lét þau boð út ganga, að stúlkan hefði gert sig seka um ósiðlegt athæfi og hefði sézt nakin í bíl fyrir nauðgunina. Lögmaður hennar sagði hvort tveggja rangt. Ráðuneytið kærði stúlkuna ekki fyrir hjúskaparbrot, sem er dauðasök í Sádi-Arabíu, ef fjórir karlkyns sjónarvottar bera vitni um samræðið. Sumum dómurum þóttu dómarnir vægir. Einn sagðist mundu hafa dæmt stúlkuna, kunningja hennar og nauðgarana sjö til dauða öll með tölu, hefði málið komið til kasta hans. Alþjóðleg mannréttindasamtök, þar á meðal Human Rights Watch, létu málið til sín taka. Þannig komst það á síður heimsblaðanna. Abdúlla konungur veitti báðum fórnarlömbum sakaruppgjöf 2007.

### Hjálpin barst að utan

Hugurinn hvarflar til Suður-Afríku. Aðskilnaðarstefna hvíta minnihlutans þar vakti um sína daga svo djúpa andúð umheimsins, að aðskilnaðarlögin voru felld úr gildi 1991 undir þungum þrýstingi utan að, þar á meðal viðskiptaþvingunum. Svarti meirihlutinn náði völdum í almennum kosningum 1994. Nú er hörundslitur hættur að skipta máli í Suður-Afríku, en kynferði heldur áfram að skipta sköpum í Sádi-Arabíu. Konur þar hafa ekki kosningarrétt, mega ekki aka bíl eða hjóla, mega ekki fara á spítala eða ferðast án skriflegs leyfis karlmanns úr fjölskyldunni, og þeim er meinaður aðgangur að ýmsum störfum. (Þær mega stýra flugvélum, en þá þarf að aka þeim út á flugvöll.) Konum í Sádi-Arabíu eru enn meinuð ýmis mannréttindi, sem blökkumönnum voru áður meinuð í Suður-Afríku. Samt þarf Sádi-Arabía ekki að beygja sig undir andúð umheimsins eins og Suður-Afríka þurfti að gera. Hver er munurinn? Olía, býst ég við.

### Trúarbrögð?

Sumir Sádar skýla sér á bak við trúarbrögð með því að þykjast sækja þangað umboð sitt til að kúga konur. En það eru falsrök eins og ráða má af því, að kvenréttindi eru í þokkalegu horfi í ýmsum öðrum löndum múslíma svo sem Indónesíu og Malasíu. Sádar hafa búið sér til eigin túlkun á kenningum spámannsins, en hún á lítið skylt við boðskap kóransins. Í Kúveit, sem er næsti bær við Sádi-Arabíu, aka konur bílum eins og ekkert sé. Ég var þar um daginn og átti lausa stund part úr degi og spurði dyravörð hótelsins, hvað væri hægt að sjá og gera í borginni á einum eftirmiðdegi. Hann sagði: Það er bannað að dansa í Kúveit. Ég hafði ekki verið að hugsa um að fá mér snúning þennan dagpart, svo að tilkynningin kom ekki að sök. Dyravörðurinn skýrði málið nánar: Tónlist fær ekki að heyrast á mannamótum, því að fólk gæti brostið í dans. Landið er vínlaust að kalla og barlaust. Bensín kostar sama og ekki neitt. Gangandi fólk fór sömu leið og geirfuglinn. Egyptaland, Sýrland og Sameinuðu furstadæmin eru frjálslegri í næsta nágrenni og einnig Barein, Jórdanía, Katar og Óman: þar fá konur að keyra bíla, kjósa og sitja í ríkisstjórn. Sádi-Arabía er annar heimur. Þar fórust 15 skólastúlkur í eldsvoða 2002, þar eð þær báru ekki slæður og svartar skikkjur, sem sádi-arabískum konum er skylt að klæðast á almannafæri, svo að siðferðislögreglan taldi sér ekki fært að hleypa þeim út úr brennandi húsi.

### Frelsi í sjónmáli?

Samt hefur hagur kvenna í Sádi-Arabíu vænkazt að ýmsu leyti. Nú eignast þær að jafnaði þrjú til fjögur börn hver, ekki sex eins og þær gerðu 1990. Stúlkur sækja skóla til jafns við pilta á öllum skólastigum. Enn er ólæsi meðal kvenna þó meira en meðal karla, en munurinn fer minnkandi. Fimmta hver kona í Sádi-Arabíu vinnur utan heimilis á móti þriðju hverri konu í Tyrklandi og Túnis, þar sem konur eru frjálsar og eignast tvö börn hver að meðaltali. Arabalöndin fara yfirleitt ekki vel með verðmætt vinnuafl. Sádi-Arabía er sér á parti, harðsvíraðasta einræðisríki heims. Konungsfjölskyldan veit, að frjálsar kosningar myndu svipta hana aðganginum að olíulindunum.

## Stjórnmálamenn fá ekki forgang

**UMRÆÐAN**

Kristján Oddsson skrifar um heilbrigðisþjónustu

Í grein Gunnars Kristins Þórðarsonar, „Heilbrigðisþjónusta fyrir alla?“, sem birt var í Fréttablaðinu þriðjudaginn 31. mars sl. stendur m.a. að Gunnar Kristinn hafi „rökstuddan grun um að ætla að það sé opinbert leyndarmál innan heilbrigðiskerfisins að stjórnmálamenn fái forgang í heilbrigðiskerfinu“. Að auki er fullyrt að „þeir fari efst á alla biðlista sem lúta að rannsóknum, meðferðum og aðgerðum. Svo koma þeir stjórnmálamenn sem njóta þessara forréttinda fyrir í fjölmiðlum rjóðir í vöngum og dásama íslenskt heilbrigðiskerfi“. Í lok greinarinnar er þeirri spurningu beint til landlæknis hvort þessi vinnubrögð séu enn gild innan heilbrigðiskerfisins?

Í lögum um réttindi sjúklinga er kveðið á um að óheimilt sé að mismuna sjúklingum á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Landlæknisembættið ætlar að heilbrigðisstarfsmenn þekki sínar skyldur gagnvart sjúklingum og hefur ekki fengið neinar rökstuddar vísbendingar um að stjórnmálamenn njóti kerfisbundins forgangs innan heilbrigðiskerfisins.

Landlæknisembættið hefur upplýsingar frá umsjónarmönnum biðlista. Enginn þeirra kannast við annað en fyrst og fremst sé byggt á læknisfræðilegum sjónarmiðum og eftir atvikum öðrum faglegum forsendum ef nauðsynlegt reynist að forgangsraða sjúklingum vegna meðferðar. Í dag er helst bið eftir liðskiptaaðgerðum, augasteinsaðgerðum og hjartaþræðingum.

Landlæknisembættið hefur haft samband við Gunnar Kristinn Þórðarson sem kynnir sig sem heilbrigðisstarfsmann. Í gögnum Landlæknisembættisins sem nú veitir starfsleyfi samkvæmt lögum til handa heilbrigðisstarfsmönnum eru engar upplýsingar um að Gunnar Kristinn hafi fengið leyfi til að starfa sem heilbrigðisstarfsmaður hér á landi. Sögusagnir hans um að stjórnmálamenn njóti forgangs í heilbrigðiskerfinu eru ekki rökstuddar. Þannig vegur hann ómaklega að heilbrigðisstarfsmönnum og heilbrigðiskerfinu í landinu.

*Höfundur er aðstoðarlandlæknir.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Flott fyrir ferminguna

1. **PREMIÄR mynd 22.990,-** Flatiron byggingin í New York, prentað á striga. B200×H140cm.
2. **INREDA skápa-/myndaljós 2.790,-/stk.** Halógenpera fylgir. Skermur Ø9cm. Silfurlitað
3. **KVART vegglampi/kastari 990,-** Kastarapera, seld sér. Skermur Ø8,5cm. Ýmsir litir
4. **STORM gólflampi 2.990,-** Tvær kertaperur, seldar sér. H120cm. Hvítt
5. **EXPEDIT hurðir 3.450,-/stk.** B33×D37cm. H33cm. Ýmsir litir
6. **EXPEDIT skúffur 4.950,-/2 í pk.** B33×D37, H33cm. Ýmsir litir
7. **HEDDA BLOM sængurverasett 3.990,-** B150×L200/B50×L60cm. Hvítt/svart
8. **ODDA rúmgrind m/hirslu 28.950,-** B90×L200cm. Hvítt
9. **EXPEDIT skrifborð 7.950,-** B115×D78, H76cm. Ýmsir litir
10. **JULES snúningsstóll 8.900,-** Sætishæð 41-53cm. Ýmsir litir
11. **LEKMAN kassar 1.790,-/stk.** B33×D37, H37cm. Ýmsir litir

© Inter IKEA Systems B.V. 2009



**DVALA** sængurverasett B150×L200/B50×L60cm.
Ýmsir litir **1.990,-/settið**



**TORBJÖRN** snúnings-stóll Sætishæð 42-50cm.
Svart **6.950,-**



**IKEA 365+ MYSA** sæng
B150×L200cm. 50% módal,
50% pólýester **4.990,-**



**BRÄDA** stuðningspúðar
f/fartölvu B51×D38,
H8cm. **2.990,-/stk.**



**FORMAT** vinnulampar
H38cm. **3.590,-/stk.**



**GOSA SYREN** koddar
B50×L60cm. **1.490,-/stk.**



**EXPEDIT** bókaskápur
B79×D39, H149cm.
Ýmsir litir **12.950,-**



**MIKAEL** skrifborð
B140×D75, H76cm.
Birkiáferð/hvítt **9.950,-**
*Fæst einnig í svarbrúnu*




Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar. Upphæð að eigin vali.



**MALM** rúmgrind B140×L200cm.
Ýmsir litir **25.900,-**

IKEA®

Opið 11-19 alla daga
Veitingastaður opinn 9:30 - 18:30
**www.IKEA.is**

LAGERSALA
2.-8.apríl

Pollajakkar
1.500 kr.

Pollabuxur
1.500 kr.

Krakkar



Flíspeysur
1.500-3.000 kr.

Bolir 2 fyrir 500 kr.

Öndunarbuxur
6.000 kr.



Öndunarjakkar
6.000-10.000 kr.

Dömur & herrar



Flíspeysur
4.000-6.500 kr.

Buxur
3.000 kr.

Stuttbuxur
1.000 kr.



Vindbuxur
1.000 kr.



Vindstakkur
2.000 kr.

Regnkápur/jakkar
2.000 kr.

Opnunartímar
Mán til fös: 9-18 • Lau: 11-16 • Sun: 12-16

ÚTSÖLUMARKAÐUR
66° NORÐUR
Faxafeni 12 (2. hæð), 108 Reykjavík
www.66north.is

# Draumur eða martröð?

**UMRÆÐAN**

Signý og Sigyn Eiríksdætur skrifa um fjárfestingar lífeyrissjóða í sprotafyrirtækjum



SIGNÝ EIRÍKSDÓTTIR



SIGYN EIRÍKSDÓTTIR

Nú þegar bankarnir eru flestir farnir á hausinn og mörg fyrirtæki á Íslandi í kröggum eða gjaldþrota hefur umræða um sprotafyrirtæki og frumkvöðla verið áberandi. Þau eru von hins nýja Íslands. Nú á að styðja við bakið á þessum fyrirtækjum og fjárfesta í þeim. En er það alltaf til góðs að fá inn stóra fagfjárfesta í sprotafyrirtæki? Er ekki ýmislegt sem ber að varast þegar slík tímamót verða hjá fyrirtækjum sem ætla að stækka sig og efla?

### Hvað ber að varast?

Af eigin reynslu og eftir að hafa rætt við forsvarsmenn nokkurra frumkvöðlafyrirtækja höfum við komist að því að margt ber að varast þegar fagfjárfestar koma inn í sprotafyrirtæki. Eitt af því sem þarf að gæta að er að gleyma sér ekki í gleði og trausti þegar draumurinn um aukið fjármagn verður að veruleika. Frumkvöðlar hafa í flestum tilvikum vini og vandamenn á bak við sig sem fjárfesta og hafa því byggt fyrirtæki sitt á trausti og samvinnu samheldins hóps. Þeir gera sér oft ekki grein fyrir því að fagfjárfestarnir hafa gríðarlegan fjölda lögfræðinga og annarra aðila á sínum snærum. Þeir eru oft hópur fólks sem hikar ekki við að beita alls kyns klækjum í viðskipum. Aðstandendur sprotafyrirtækja eru því í fæstum tilvikum viðbúnir því viðskiptasiðferði sem beitt er strax í upphafi samstarfs, eða í raun frá þeim degi sem skrifað er undir.

Nokkur dæmi um vinnubrögð fagfjárfesta eru t.d. að hafa samninga á mjög flókinni ensku þannig að sem fæstir skilji þá. Hlutabréfin eru höfð í nokkrum flokkum til að auka flækjustig, þeir koma því þannig fyrir að þeir hafi í raun algjör yfirráð yfir fyrirtækjum jafnvel þótt eignahluti þeirra sé innan við 20%, menn eru þvingaðir til að skrifa undir íþyngjandi aukasamninga þegar breytingar verða á rekstri og sem minnst er bókað á stjórnarfundum þannig að ekki sé hægt að vitna í ágreining. Þeir tryggja líka að helst allir sem koma að fyrirtækinu komi úr þeirra röðum (endurskoðendur, stjórnarmenn, lögfræðingar o.s.frv.). Frjóu fólki er ýtt út úr rekstrinum, jafnvel sjálfum frumkvöðlunum, og fjárfestarnir laga fyrirtækin að eigin hugmyndafræði, í stað þess að nýta áfram þann kraft sem kom fyrirtækinu á laggirnar í upphafi. Þeir krefjast ákvæða í hluthafasamkomulagi um að geta gengið út úr fyrirtækinu eftir vissan tíma og geta krafist þess að fyrirtækið kaupi þá út á forsendum sem þeir hafa sjálfir mest um að segja, þannig að frumkvöðlar og fyrri eigendur geti jafnvel lent í þeirri stöðu að missa fyrirtækið úr höndum sér til fagfjárfestisins.

Þannig getur fagfjárfestir sem gefur sig út fyrir að koma inn í þessi fyrirtæki með sérþekkingu til að styrkja þau og hraða vexti þeirra haldið þeim í heljargreipum og valdið þvílíkum glundroða og ósætti að fyrirtækið ber þess jafnvel aldrei bætur. Og þetta eru því miður ekki bara vangaveltur, heldur raunveruleg dæmi.

### Hverjir eru fagfjárfestar og hvaðan kemur fjármagnið?

Það eru nokkrir sjóðir sem koma með fjármagn inn í sprotafyrirtæki. Sumir hafa aðgang að peningum frá stærstu lífeyrisjóðum landsins ásamt öðrum fjárfestum. Eins merkilegt og það er þá hafa lífeyrissjóðirnir í mörgum tilfellum afsalað sér öllu valdi og rétti til afskipta af því sem fagfjárfestar gera í krafti peninganna sem þeir leggja til. Þótt lífeyrissjóðirnir leggi jafnvel fram 70% af fjármagninu eiga þeir engan fulltrúa í stjórn þess sjóðs sem ákveður hvernig unnið er með hverju og einu sprotafyrirtæki. Það að lífeyrissjóðir komi að þeim sjóði sem fjárfestir í fyrirtækinu þínu er þar af leiðandi ekki trygging fyrir því að eðlilegir viðskiptahættir séu stundaðir, því miður. Lífeyrissjóðunum virðist þannig í raun standa á sama um hvernig sjóðsverðir þeirra standa að samningagerð og rekstri þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Það virðast ekki vera lagðar línur um hvernig standa skuli að fjárfestingum og þeir beita sér ekki fyrir því að sanngirni og gagnsæi sé haft að leiðarljósi. Allt virðist vera leyfilegt fyrir hrægamma viðskiptalífsins, meira að segja núna árið 2009. Lítið hefur breyst. Sömu gömlu græðgisgildin eru enn í hávegum höfð.

### Hvernig er hægt að varast klæki?

Því miður sýnir reynsla allt of margra frumkvöðla að engu er hægt að treysta um að þeir verði meðhöndlaðir af réttsýni og sanngirni þegar stórir fjárfestar koma að fyrirtækjum þeirra. En málið er í raun einfalt. Ef fjárfestir er ekki tilbúinn að taka neina áhættu þegar hann kemur inn í fyrirtæki en krefst þess að hafa allt sitt á þurru og ætlar að tryggja að hann fái alltaf sitt hvað sem gengur á, þá er einfaldlega betra að sleppa því að taka hann inn. Innganga í fyrirtæki á slíkum forsendum er aðeins til að slökkva alla gleði og samstarfsanda innan hluthafahóps og verður í raun til þess að fyrirtæki missa flugið og starfsorkan fer meira og minna í lögfræðiálit og þras um rétt hluthafa. Stjórnarfundir verða pínlega leiðinlegir og hluthafafundir leysast upp í rifrildi þar sem lögfræðingar sitja á rökstólum.

Slík staða er martröð hvers frumkvöðuls og því er brýnt að hann kynni sér allar þær gildrur sem hægt er að leggja fyrir hann í samstarfinu. Báðir aðilar verða að standa jafnfætis þegar kemur að samningaborðinu og í raun þyrftu frumkvöðlar að hafa aðgang að færum aðilum á þessu sviði í upphafi viðræðna og vera tilbúnir að eyða miklum tíma og fé í samningagerðina til að draga úr líkum á að komið verði aftan að þeim eftir að búið er að ganga frá öllum pappírum.

Ef frumkvöðlar eru ekki á varðbergi frá byrjun er mikil hætta á að réttur þeirra verði fyrir borð borinn og að sanngirni og góðum siðum verði kastað fyrir róða. Það breytir engu þótt fagfjárfestarnir séu tilbúnir að koma fram í hvaða gervi sem er til að ná fram vilja sínum, jafnvel sem göfugir aðstoðarmenn frumkvöðlafyrirtækja sem vonast til að geta vaxið og dafnað.

*Höfundar eru frumkvöðlar og hluthafar.*



410 4000 | landsbankinn.is

113 / ÁRBÆJARÚTIBÚ

Ólöf syndir á hverjum degi og tekur svo pottinn á eftir. Hún og 15 aðrir taka vel á móti þér í Árbænum.

• Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
• Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
• Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í Árbæjarútibúi að Kletthálsi 1
eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn


4BLS BÆKLINGUR
PÁSKA TILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
HVERGI BETRA VERÐ
22" GLÆSILEGUR HANNS-G SKJÁR 29.900
MESTA ÚRVAL LANDSINS AF CREATIVE
A500 5.1 CREATIVE HLJÓÐKERFI 6.990
HVERGI BETRA VERÐ
24" GLÆSILEGUR BENQ SKJÁR 49.900
RISA PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR FYRSTU 100 TÖLVUNUM
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
OPNUNARTÍMAR
FIMMTUDAG 10:00 - 19:00
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
LAUGARDAG 11:00 - 18:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



## GTS250

### ÖFLUGT SKJÁKORT

- 1GB GDDR3 2.2GHz minni
- Styður nýjustu Direct X10 leikina
- 100% hraðvirkari PCI-E2.0 staðall
- 55nm kjarninn er kaldari og hraðari
- Þarf 50% minni orku en eldri kort
- HDMI, DVI-I, VGA og fleiri tengi
- PureVideo HD2, H.264 og VC-1 tækni

NÝ LENT

**24.900**

ÖLL NÝJASTA TÆKNIN



## 4GB 1066

### HÁHRAÐA VINNSLUMINNI

Hágæða 4GB DUAL DDR2 1066MHz Gold XTC háhraða vinnsluminni frá OCZ með sérstökum XTC gullhúðuðum kæliplötum, sérstaklega parað saman til að skila 100% samhæfni og með lífstíðarábyrgð.

**9.990**

HVERGI BETRA VERÐ!



HDMI 1080i

NÆSTA KYNSLÓÐ SJÓNVARPSFLAKKARA



## LACIE

### FLOTTUR 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur harðdiskflakkari með 1TB af geymsluplássi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus viftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

**19.900**

HVERGI BETRA VERÐ!



ÓTRÚLEGA NETTUR FLAKKARI

## 160GB

### COOLMAX FLAKKARI

- 160GB Coolmax örsmár flakkari
- Burstað ál og glæsileg hönnun
- Áreiðanlegur og hraðvirkur
- Örsmár í lófa og aðeins 165gr.
- Þarf ekki straumbreyti
- Vönduð taska með kaplahólfi fylgir

**9.990**

320GB AÐEINS KR. 14.900

ÞESSI GERIR ALLT NÆSTUM ÞVÍ:)



## MP540 ALL IN ONE

Mögnuð fjölnota græja frá Canon sem bæði ljósritar, prentar og skannar

**17.900**

FJÖLNOTATÆKJA

HVERGI BETRA VERÐ



## CANON iP 3600 PRENTARI

Hágæða 5 hylkja bleksprautuprentari frá Canon sem skilar einstökum prentgæðum

**12.900**

CANON PRENTARI



## USB SJÓNVARPSKORT

USB Analog og Digital HDTV sjónvarpskort með fjarstýringu fyrir media center

**12.900**

GIGABYTE U8000



## IM PRO VEFMYNDAVÉL

Stórglæsileg svört vefmyndavél. 1.3MP 1280x960 myndataka, 800x600 VGA, 30fps hreyfimyndataka, USB2. Heyrnartól með hljóðnema fylgja.

**5.990**

CREATIVE VEFMYNDAVÉL



## i-TRIGUE 2.1 KERFI

Stórglæsilegt lítið og feikiöflugt 2.1 hljóðkerfi frá Creative með 2x6W titanium hátölurum og risa 17W bassaboxi. 40Hz ~ 20kHz, 80dB

**9.990**

CREATIVE HLJÓÐKERFI

TÖLV

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík



**OPIÐ HÚS** verður í versluninni Laura Ashley í kvöld frá klukkan 19 til 22. Full búð af gjafavöru og fatnaði og þrjátíu prósenta afsláttar af öllum vörum. Allir eru velkomnir.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447



bfo.is
Þjónustuverkstæði fyrir eftirtaldar bifreiðar
reynsla – þekking – góð þjónusta
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

VERÐHRUN
10-50% afsláttur af völdum vörum
mikið úrval af sófum og sófasettum
Patti Húsgögn
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

Kjarni málsins
Ekkert viðhald
REHAU
Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða.
gluggar@kjarnagluggar.is
AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMAN
Kjarnagluggar
Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is




Viktoría klæðist hér glæsilegum kvöldkjól frá diskótímabilinu en hann fékk hún í Gyllta kettinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Innblástur úr fortíðinni

**Viktoría Hermannsdóttir vinnur í fjársjóðskistu því meðfram námi við Háskóla Íslands sinnir hún afgreiðslustörfum í Gyllta kettinum þar sem flíkur fortíðar öðlast framhaldslíf í meðförum nýrra eigenda.**

„Ég hef unnið í Gyllta kettinum í rúmt ár og á þeim tíma hefur bæst töluvert í fataskápinn,“ segir Viktoría Hermannsdóttir, háskólanemi og afgreiðslustúlka, og heldur áfram: „Minn fatastíll er frekar einfaldur, ég er mikið í svörtu, en annars klæði ég mig svolítið eftir veðri. Hversdags er ég í þægilegum fötum en klæði mig stundum upp um helgar, eins og gengur og gerist.“

Viktoría viðurkennir þó að með hækkandi sól og blómum í haga muni hún eflaust klæða sig meira í liti. „Gaman er að blanda litum við svörtu flíkurnar en í sumar verða litir meira áberandi. Alls konar kjólar í öllum litum eru vinsælir og stór mynstur, til dæmis blómamynstur, og bjartir litir. Síðan er mikið af blúndum og gamaldags rómantík í bland við fölbleikan og pastelliti,“ segir hún áhugasöm en nefnir að í raun sé margt í gangi og ekkert bannað. „Ég er hrifin af öllu gömlu og þykir fortíð og saga heillandi. Í svona vintage-búð er allt leyfilegt og hér má finna einstakar flíkur sem oft eru vandaðri en þær fjöldaframleiddu. Hingað kemur fólk í fjársjóðsleit,“ segir Viktoría, sem á forláta kjólasafn.

Kjóllinn sem Viktoría klæðist á myndinni er úr Gyllta kettinum en upphaflega var hann dragsíður galakjóll. „Dísa, eigandi búðarinnar, tók hann og stytti og beið hann mín eitt sinn hér á lagernum og fangaði þá augun. Síðan þá hefur hann verið í miklu uppáhaldi hjá mér, enda stórglæsilegur og þægilegur,“ segir hún og brosir. Kjóllinn er frá diskótímabilinu og segist Viktoría vera hrifin af þeim tíma. „Ég vil hafa smá gleði í fötunum og er hrifin af glamúr. Þó svo að fötin séu svört er hægt að hafa skemmtileg smáatriði, pallíettur og glimmer til að poppa upp þennan gráa veruleika sem við búum stundum við hér,“ útskýrir Viktoría íbyggin.

*hrefna@frettbladid.is*


BÍLKÓ
TVENNA
-20% afsláttur af UMFELGUN
-20% afsláttur af SMURVINNU
olís
-25%
Takirðu bæði tilboðin í einu færðu **25% afslátt** af umgelgun og vinnu við smur!
GILDIR FRAM AÐ PÁSKUM
BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**HELGARFERÐ** stendur nú yfir í Smáralind og mun hún standa til og með 5. apríl. Þeim sem gera sér ferð í verslunarmiðstöðina er lofað logni og 23 stiga hita, betra verði en erlendis og að engar athugasemdir verði gerðar við yfirvigt.




**Tilboð!** Úlpur - Kápur 50% afsl. Stærðir til 54

Topp HÚSIÐ

Mörkinni 6 • Sími 588 5518
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 10-16

Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics



Plokkari með ljósi



SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar



SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

*ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta*
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Esjan 107 - 2.apríl
Góðgerðaganga FÍ með 107 manns á Esjuna

Þátttakendur mæta kl. 18.00 og greiða með 5 grásleppum þátttökugjald sem rennur óskert til góðgerðarmála. Allir sem þátt taka fá úthlutað númerum sem þeir geyma og er jafnframt happdrættismiði. Dregið verður úr þátttökunúmerum strax að lokinni göngu á Esjuna.
Markmiðið er að ná 107 manns í þessa gönguferð og eru gríðarlega spennandi verðlaun ef þessu fjöldamarkmiði er náð sem ganga á fjallið.
Fararstjóri er hinn síungi Þórður Marelsson.

**Verðlaun:**
1. verðlaun: Alklæðnaður göngumannsins, buxur, peysa, jakki frá Cintamani
2. verðlaun: Helgarferð fyrir 2 með Ferðafélagi Íslands
3. verðlaun: Flíspeysa frá Cintamani
4. verðlaun: Dagsferð með Ferðafélaginu
5. verðlaun: Húfa og vettlingar

Hvað er svo ein grásleppa? Ein grásleppa er 100kr!
Vanir jafnt sem óvanir eru hvattir til að mæta með góða skapið

*Sjáumst í fjallinu.*

Skráðu þig inn – drífðu þig út
www.fi.is
Ferðafélag Íslands




Hildur Birgisdóttir setti á fót heimasíðu um tísku þar sem hún fjallar um það heitasta í tískuheiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Opnar dyr tískuheimsins

**Áhugafólk um tísku getur nú nálgast nýjustu fréttir úr tískuheiminum á íslensku á netinu, en nýlega fór í loftið vefsíðan www.tiskuheimur.is. Þar er fjallað um allt það heitasta sem er að gerast í tísku**

„Ég hef skoðað mikið af erlendum tískuvefjum, til dæmis amerískum og breskum vefjum og svo frá Norðurlöndunum, og mér fannst vanta umfjöllun um tísku á íslensku,“ segir Hildur Birgisdóttir en hún heldur utan um heimasíðuna www.tiskuheimur.is. „Hér er ekkert tískutímarit á íslensku en það hafa margir svo mikinn áhuga á tísku.“

Hildur opnaði heimasíðuna hinn 11. mars síðastliðinn og heldur ein utan um síðuna. Hún sækir fyrirmyndina frá ýmsum erlendum tískusíðum en á tiskuheimur.is birtir Hildur meðal annars nýjustu fréttirnar úr tískuheiminum og af stíl stjarnanna.

„Ég er mikil áhugamanneskja um tísku og hef alltaf verið dugleg að skoða tískuvefina á netinu og fylgjast með öllu sem viðkemur tísku í blöðum og á tískubloggum. Ég nýti hugmyndir sem ég fæ þegar ég skoða erlenda vefi og blanda svo saman mínum eigin hugmyndum um hvað mér finnst mega fjalla um.“

Hildur skiptir síðunni í nokkra flokka; Nýjustu fréttirnar úr tískuheiminum, Tískuflokkur um trendin og tískuna í dag bæði í fatnaði og fylgihlutum, Fegurð þar sem fjallað er um förðun, hár og húð og svo er Stíll, þar sem hægt er að skoða stíl stjarnanna og götustíla mismunandi borga.



Það heitasta í fylgihlutum ratar inn á síðuna.

Hildur hefur fengið góð viðbrögð við síðunni en hún ákvað að skapa sér sína eigin atvinnu og heldur vefsíðunni úti meðfram námi í framhaldsskóla.

„Ég hugsa þetta bara sem vinnuna mína. Ég sá fram á að það yrði erfitt að fá vinnu í sumar þannig að maður verður bara að búa sér til tækifærin sjálfur. Mér finnst gaman að skrifa um tísku og er með fullt af hugmyndum um hvernig ég get stækkað síðuna og bætt við þegar fram líður. Mig langar til dæmis að fjalla um íslenska hönnuði svo fólk fái sýnishorn af því sem er að gerast hér.“

*heida@frettabladid.is*



Stíll stjarnanna fær sitt pláss á vef Hildar en hér er hár og förðun leikkonunnar Mary-Kate Olsen í brennidepli.


**AUGLÝSENDUR ATHUGIÐ:**

**Í EINU** FRÉTTABLAÐI
**NÆRÐU TIL FLEIRI LESENDA**
**EN SAMTALS Í ÖLLUM**
**SJÖ** MORGUNBLÖÐUM **VIKUNNAR.**

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sína eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir. Við erum rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.



**Allt sem þú þarft...**

* Meðallestur á hvert tölublað Fréttablaðsins: 65,1%. Uppsöfnuð dekkun á 7 tölublöð Morgunblaðsins: 63,6% skv. könnun Capacent nóv. 2008 - jan. 2009, 18-49 ára allt landið.

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**



# Af duggaratísku fyrr og síðar

Flestir þekkja hvítu og bláröndóttu bolina sem nokkuð lengi hafa verið tengdir Jean-Paul Gaultier og voru eitt af því fyrsta sem almenningur tók eftir úr smiðju hans og eru enn seldir. Ilmvatnsflöskurnar sem innihalda herrailminn „Le mâle“ eru sömuleiðis í hvítbláum, röndóttum flöskum líkum duggarapeysunum. Margir muna líka eftir málaranum Pablo Picasso í röndóttu eða leikkonunni Brigitte Bardot á forsíðum glansblaðanna fyrir margt löngu. Aðrir tengja kannski þessa tísku við kragana ferköntuðu á öxlunum sem Gaultier kynnti reyndar með pallíettum 1997, þó pallíettuhugmyndin komi nú líklega ekki frá sjóliðum. En Gaultier er langt frá því að vera sá fyrsti sem leitar í einkennisbúninga sjóhersins eða sjómanna og líklega ekki heldur sá síðasta.

Leita þarf aftur til nítjándu aldar til að finna fyrstu áhrif einkennisbúninga í fatnaði en það var Victoria Bretadrottning sem byrjaði að klæða börnin sín í stíl sjóliðabúninga um miðja nítjándu öld. Seinna á öldinni verður þessi barnaklæðnaður hefðbundinn búningur fyrir sunnudaga og trúarhátíðir hjá fínni fjölskyldum. Löngu seinna er það Gabrielle Chanel búandi við ströndina í Deauville sem leitar að einhverju þægilegra en áður þekktist á ströndina og notar í fyrsta skiptið jersey, áður notað í sjómannaundirföt í strandklæðnað og konur sýna í fyrsta skiptið á sér leggina á ströndinni. Vinsældirnar voru miklar og þróuninni ekki snúið við þrátt fyrir hneykslan sumra sem þótti þetta hið mesta siðleysi.

Í kringum 1960 er það enn ein sjóliðaflíkin sem ratar inn í fataskáp almennings í hönnun Yves Saint Laurent. Hann fær hugmynd frá hernum að hálfsíðum sportlegum jakka sem oftast er hér kallaður „caban“ og enn í dag er þessi jakki ómissandi í hvern fataskáp.

Franska sjóliðasafnið stendur um þessar mundir fyrir sýningu undir yfirskriftinni, sjóliðar í tískunni (Les marins font la mode) sem sýnir þau áhrif sem einkennisbúningarnir hafa haft í gegnum tíðina á tískuna og stendur fram til 26. júlí, fyrir þá sem eru á ferðinni. Hugmyndin kviknaði í kjölfar þess að sífellt fleiri hönnuðir leituðu í heimildir safnsins og teikningar þess og markmið sýningarinnar er að skilja hvers vegna og gefa mynd af áhrifunum.

Enn í dag nægir að líta á tískusýningar síðustu ára til að finna áhrif sjóliðabúninga í tískuhönnun. Hvort sem er hjá Antonio Marras hönnuði Kenzo, Yohji Yamamoto eða þeim sem hvað mest hefur notað duggarapeysurnar frægu, Jean-Paul Gaultier. *bergb75@free.fr*



Vel valdar einlitar sokkabuxur setja sterkan svip á hvers kyns klæðnað.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Skrautlegir leggir

**Á vefsíðunni tightsplease.co.uk má finna kynstrin öll af leggings og sokkabuxum fyrir öll helstu tilefni.**

Leggings og sokkabuxur hafa verið áberandi undanfarin misseri og hafa þær svörtu jafnan haft yfirhöndina. Víða má þó sjá meiri litadýrð og munstur enda setja skrautlegar sokkabuxur sterkan svip á hvers kyns klæðnað. Þær flíkka auðveldlega upp á litla svarta kjólinn auk þess sem hægt er að láta þær tóna við skart og fylgihluti.

Á vefsíðunni tightsplease.co.uk. má finna kynstrin öll af sokkabuxum, leggings og stuðningsbuxum sem margar af helstu tískudrósum heims hafa fallið fyrir. Þar er úrval af einlitum, köflóttum, doppóttum og skræpóttum buxum fyrir öll hugsanleg tilefni. *- ve*

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið




vísir.is
"...ég sá það á vísi"



**GOTT SKIPULAG** í eldhúsinu gerir alla vinnu þar auðveldari og skemmtilegri. Alls konar lausnir eru til sem gera uppröðun í skápa og skúffur skipulegri.


# STYRKUR ELDRA FÓLKS
## Á ERFIÐUM TÍMUM

Ráðstefna í Salnum í Kópavogi 3. apríl

Kynnir: Gunnar Eyjólfsson leikari

Dagskrá:

12.30 **Húsið opnað**
Skráning ráðstefnugesta

13.00 **Setning**
Gísli Páll Pálsson, formaður Öldrunarráðs Íslands

13.05 **Ávarp**
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félags- og tryggingamálaráðherra

13.20 **Kórsöngur**
Kór Félags eldri borgara í Kópavogi,
Helga Þórdís Guðmundsdóttir leikur undir

13.40 **Erindi - framlag eldri borgara til samfélagsins**
Páll Skúlason heimspekingur, fv. rektor Háskóla Íslands

14.10 **Kaffihlé**

14.30 **Þorsteinn frá Hamri les úr eigin ljóðum**

14.40 **Pallborð undir stjórn Páls Skúlasonar**
Þátttakendur flytja inngangsorð um efni ráðstefnunnar og taka þátt í umræðum. Stuttar fyrirspurnir úr sal

**Þátttakendur í pallborði:**
- Ásgeir Jóhannesson, fv. formaður Sunnuhlíðarsamtakanna
- Bernharður Guðmundsson, varaformaður Öldrunarráðs Íslands
- Herdís Egilsdóttir, rithöfundur og fv. kennari
- Salome Þorkelsdóttir, fv. forseti Alþingis
- Berglind Magnúsdóttir, forstöðumaður Heimaþjónustu Reykjavíkur
- Þórunn Sveinbjörnsdóttir, uppl.- og kynningarfulltrúi Mentor er málið-félagsvinur

16.15 **Ráðstefnuslit**
Anna Stefánsdóttir, formaður Rauða kross Íslands

Ráðstefnugjald **1000 kr.** Kaffi og meðlæti innifalið.

**Allir velkomnir!**

Öldrunarráð Íslands

Rauði kross Íslands




Inga í miðið í peysufötum innan um hóp kvenna sem lauk námskeiði í þjóðbúningasaumi hjá henni fyrr á þessu ári. Í aftari röðinni má sjá rauðan 19. aldar búning. MYND/HEIDA.IS

# Þjóðbúningarnir vinsælir á ný

**Inga Arnar, þjóðfræðingur og fata- og textílkennari, hefur haldið námskeið í þjóðbúningasaumi frá árinu 1996. Hún segir áhugann á þjóðbúningasaumi hafa aukist.**

„Það eru alltaf full námskeið hjá mér. Það hefur verið vinsælla að sauma upphlut en peysuföt en nú eru 19. aldar búningarnir að verða vinsælir líka.“ Inga útskýrir að peysufötin hafi verið spariföt en undir þeim hafi konur klæðst upphlut í lit og það sé kallað 19. aldar búningur. Svarti upphluturinn eins og við þekkjum hann kom ekki fram fyrr en í byrjun 20. aldar.

„Íslenskar konur komu fyrst fram í svörtum upphlut með hvítar svuntur við heimsókn Danakonungs hingað til lands árið 1907. En 19. aldar búningurinn er upprunalegi búningurinn sem konur gengu í dags daglega. Þetta var tískan í Evrópu en skotthúfan er séríslensk,“ segir Inga.

Að sauma þjóðbúning er ekki einfalt verk en búningurinn þarf að passa vel. Hann er sniðinn beint á viðkomandi og býr Inga til hvert snið fyrir nemendur námskeiðanna. Þá er betra að hafa einhverja þekkingu á saumaskap.

„Þetta er mikil vinna og ég hef stundum grínast með að ef þær klári ekki búninginn á námskeiðinu komi ég heim til þeirra og sitji yfir þeim,“ segir Inga á léttu nótunum og bætir því við að andrúmsloftið sé alltaf gott á námskeiðunum. „Konurnar eiga oft gull eða silfur sem þær hafa erft og þykir vænt um. Svo myndast hópar út frá námskeiðunum sem koma aftur og vinna jafnvel sjálfstætt saman við að sauma.“

Eins og er hefur Inga í nógu að snúast í mastersnámi sínu í hagnýtri menningarmiðlun þar sem hún vinnur að rannsókn á íslensku handverki.

„Ég er að taka saman handverk kvenna af Svaðastaðaætt í Skagafirði. Það fer inn á vefsíðugagnagrunn þar sem verður hægt að sjá útsaumsgerðir og sögu þessara kvenna og hvernig handverk var unnið bæði á myndrænu formi og textaformi. Þetta hefur ekki verið aðgengilegt almenningi áður. Svo vonast ég til að gefa út bók um sögu skotthúfunnar og skúfhólksins svo það verður ekki grundvöllur fyrir námskeiði fyrr en í haust. Enda eru allir uppteknir í öðru yfir sumartímann.“

*heida@frettabladid.is*


Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þurrkari - 10 kg -
Þvottavél Topphlaðin - 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is

eitthvað alveg
einstakt


# brúðkaup

FIMMTUDAGUR 2. APRÍL 2009

## Ljúfar stundir

**Nokkrir góðir gististaðir í sveitum landsins.** SÍÐUR 10-11






NORDICPHOTOS/GETTY

KitchenAid
KJÖLFESTA Á HEIMILUM ÍSLENDINGA Í ÁRATUGI
90
1919–2009


Hvaða lit má bjóða þér?
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

Sérstök brúðkaupsgjöf
Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum

Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir
Gildir um KitchenAid hrærivélar



Sari Maarit fær til sín fjölbreytt verkefni á klæðskerastofuna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vilja helst ekki fara úr jakkafötunum

„Helsti munurinn á sérsaumuðum jakkafötum og jakkafötum sem ekki eru sniðin sérstaklega fyrir viðskiptavininn er sá að einstaklingnum líður svo vel í þeim sérsaumuðu," segir Sari Maarit, sem er klassískur klæðskeri og rekur klæðskerastofuna Ateljé Sari við Eiðistorg á Seltjarnarnesi. „Ég fæ fjölbreytt verkefni til mín. Sumir koma til að láta breyta jakkafötum sem þeir eiga, en aðrir vilja fá jakkaföt hönnuð sérstaklega fyrir sig."

Sari lauk klassísku klæðskeranámi í Finnlandi, en hefur auk þess unnið við klæðskurð í Róm, þar sem hún fékk nýja innsýn og hugmyndir að klassískum klæðaburði. „Mér finnst karlmenn mikið gefnir fyrir þetta klassíska snið, sérstaklega fyrir brúðkaup. Margir vilja þó einnig kjólföt. Einstaka sinnum fæ ég örlítið óvenjulegri verkefni en vanalega, eins og núna þar sem ég er að sérsauma hvít jakkaföt."

Sari vill helst fá góðan tíma með viðskiptavininum þegar hún hannar fötin frá grunni. „Að mörgu þarf að huga þegar hanna á föt frá grunni. Fyrst þarf að mæla einstaklinginn og finna út svokallað jafnvægismál, þannig að fötin sitji fullkomlega. Næst finnum við í sameiningu út snið; ég legg mikla áherslu á að fötin eigi við persónuleika einstaklingsins. Svo er fundið efni sem hentar og að lokum er svo saumað og mátað mörgum sinnum."

Sari vill gefa sér góðan tíma í ferlið og telur æskilegt að það taki ekki minna en þrjá mánuði. „Ég get vel hannað og saumað föt á styttri tíma, en mér líður betur þegar miklum tíma er varið í hvert verkefni. Það gefur viðskiptavininum meira svigrúm til að hugsa sig vel um."

Sari finnst gaman að heyra frá ánægðum viðskiptavinum. „Ég hef oft fengið að heyra frá viðskiptavinum að þeim hafi liðið eins og þeir væru ekki í jakkafötum, og hafi ekki þurft að fara úr jakkanum þegar líða tók á kvöldið, því fötin hafi verið svo þægileg." - kók

# Táknar hreinleika tilvonandi brúðar

Allur gangur er á því hvort konur vilji hafa brúðarslör og hafa tískustraumar mikið að segja. Slörið er tákn um hreinleika konunnar, líkt og hvíti kjóllinn, og á það því misvel við.



Að undanförnu hafa hattar og spangir sótt í sig veðrið.

Stundum er slörið látið hylja andlit brúðarinnar þar til að altarinu kemur og felst ákveðin athöfn í því að brúðguminn lyfti því frá andliti hennar. Aðrar brúðir festa það aftan í greiðsluna og láta það líða niður með öxlum. Slörið er svo oftar en ekki fjarlægt í veislunni.

Slörið getur verið stutt, sítt, einfalt eða marglaga en algengast er að það sé í nokkrum lögum og nemi við olnboga. Undanfarin ár hafa hattar með blúndu eða neti, spangir og ýmiss konar höfuðskraut síðan sótt í sig veðrið. - ve

# Einfalt og klassískt eða djarft og töff

**Brúðarkjóll á umfram allt að hæfa brúðinni hver svo sem hún er.**

Brúðarkjóllinn segir mikið um brúðina sem hann velur og þarf kjóllinn ekki endilega að vera skjannahvítur með slóða.

Sumar konur hallast að stuttum kjólum á meðan aðrar vilja síða og sumar vilja eingöngu hvítt á meðan aðrar fara óhefðbundnari leiðir. Smekkurinn ræður för og eru það lítil sem stór atriði sem gera það að verkum að konur falla fyrir ákveðnum kjól. Þær sem láta klæðskerasauma kjólinn geta svo vitanlega haft hann alfarið eftir eigin höfði sem gefur enn frekar til kynna hvaða smekkur býr að baki. - ve



NORDICPHOTOS/GETTY

Prinsessukjólar verða oftar en ekki fyrir valinu. Hér má sjá kjól eftir líbanska hönnuðinn Ginu K.

Djarfur kjóll fyrir þær sem þora.



Auðvelt er að falla fyrir kjól sem þessum þótt hann sé ekki hvítur. Þessi silfursmíð er eftir líbanska hönnuðinn Dany Tabet.

Klassískur kjóll með frumlegu ívafi úr smiðju Angel Sanchez.

Einfaldleikinn í fyrirrúmi, frá Angel Sanchez.

Fölbleikur kjóll getur vel komið í staðinn fyrir skjannahvítan. Þessi er úr smiðju Carolina Herrera.

Sumar konur hallast að stuttum kjólum en þeir eiga sérstaklega vel við í frjálslegum sveitabrúðkaupum. Þessi svanakjóll er eftir Angel Sanchez.



# LEYFÐU OKKUR AÐ ELDA FYRIR ÞIG

... af okkar gómsæta matseðli

## PÁSKAGLEÐI

Lystauki

.....

Taðreykt bleikja og humarsúpa

.....

Lambahryggjarvöðvi með hvítkáli og humar Hollandaise

.....

Páskasúkkulaði Silfurs

6.400.-







Lifandi tónlist um helgar
Silfur á Hótel Borg ...þinn staður, þín stund

silfur

...það er lífið

Pósthússtræti 11 / 101 Reykjavík / Sími 578 2008/ info@silfur.is / www.silfur.is




**● DEMANTUR HANDA TENGDÓ** Ýmis hjátrú og siðir fylgja brúðkaupum. Til dæmis er sagt að brúðurin megi ekki sauma brúðarkjólinn sinn sjálf því þá verði tár hennar í hjónabandinu jafnmörg saumsporunum.

En til að lifa hamingjuríku hjónabandi er einnig mikilvægt að halda friðinn við tengdaforeldrana. Sagt er að ef brúðguminn gefi tilvonandi tengdamóður sinni demant um leið og hann gefur framtíðarbrúði sinni trúlofunarhringinn muni hann njóta farsæls sambands við tengdaforeldra sína.

Sjá www.brudkaupsvefur.is


GJAFAKORT

KAUPÞINGS

Gefðu möguleika í brúðkaupsgjöf
- kortið sem hægt er að nota
alls staðar




Gjafakort Kaupþings er
... allt sem þau þurfa

Kynntu þér Gjafakortið á **www.kaupthing.is**,
hafðu samband í síma **444 7000**
eða komdu við í næsta útibúi **Kaupþings.**

KAUPÞING

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45564 03/09




6 mm gullhringar með einum 20p demant í miðju í dömuhring. Í kringum 250.000 kr ónur. Sigga og Timo.



**Hvítagullshringar. Allianz hringur með demöntum allan hringinn á 290.000 krónur og 6 mm breiður einbaugur kúptur að innan og utan á 65.000 kr. Sigga og Timo.**



**Hvítagullshringar með gullrönd beggja megin, 7 mm á breidd, demantar allan hringinn í dömuhring og 3 demantar í herrahring. Smíðaðir eftir sérpöntun og er gert tilboð í hverja og eina smíði. Sigga og Timo.**

# Tákn um eilífa ást og endalausa tryggð

**Giftingarhringum fylgir loforð um framtíðina, eilífa ást og samstöðu í gegnum þykkt og þunnt. Því er mikilvægt að velja þá vel.**

Giftingarhringar eru táknrænir skartgripir. Þeir fela í sér vonir, langanir og fagrar fyrirætlanir. Þar sem markmiðið er að bera þá um aldur og ævi er mikilvægt að hið ástfangna par velji hringa sem falla að smekk beggja. Sem betur fer er úrvalið mikið og auðvelt að finna fallega hringa bæði fyrir þá sem kjósa látlausa og einfalda hringa og þá sem vilja glamúr og glæsileika. *- eö*



**14 karata, 6 mm handsmíðaðir gullhringar með 6 demöntum. 158.700 krónur. Sigga og Timo.**



**14 karata gullhringar. Klassískir einbaugar með óreglulegum baug sem hægt er að fá hvort heldur í gulli eða hvítagulli. 109.500 krónur. Jens.**



**Hvítagullshringar með 12x0,01ct demöntum í dömuhring. 156.000 krónur. Jón og Óskar.**



**Gulagullshringar, munstraðir með bræddum kanti. Verð frá 56.000 krónum. Jón og Óskar.**



**14 karata gullhringar með hvítagullshjarta innan í. 78.900 krónur. Jens.**



**Mjög þykkir og veglegir hringar úr hvítagulli. Handgrafin nöfn beggja í Höfðaletri utan á allan hringinn. Breidd 7,5mm. Demantur í dömuhring 0,05ct. 197.300 krónur. Jón og Óskar.**

# Blómum skreyttar tertur

Brúðkaupstertan trónir jafnan eins og króna á borði brúðkaupsveislunnar. Oft er mikið í hana lagt og tertan gjarnan á mörgum hæðum, blómum skreytt og girnileg.

Val á tertu getur þó flækst fyrir verðandi brúðhjónum. Þá er sniðugt og skemmtilegt að fara nokkru fyrir brúðkaupsdaginn milli bakaría og fá að skoða og smakka.

Samkvæmt hefðinni skera brúðhjónin fyrstu sneiðina saman og leggur þá brúðguminn hönd á hönd konu sinnar um leið og hún sker tertuna. Hjátrúin segir þennan sið eiga að tryggja getnað og barnalán hjónanna. *- rat*



**Súkkulaðiterta er ekki algeng sem brúðarterta en stendur fyrir sínu.**



**Gaman getur verið að láta hugmyndaflugið ráða við skreytingar og nota til dæmis kex.**

NORDICPHOTOS/GETTY



**Hvít, klassísk og rómantísk brúðkaupsterta á alltaf við.**





**Blómlegar tertur fyrir sumarbrúðkaupið. Skemmtileg form og glaðlegar litasamsetningar geta gefið veislunni hressilegan blæ.**

# Sparifötin á alla fjölskylduna



DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR















**Rómantískar brúntónalitmyndir hafa slegið í gegn að undanförnu hjá Gamanmyndum, sem hafa þróað sína eigin útgáfu af slíku.**

# Dýrmæt ástaraugn

**Brúðkaupsdegi fylgja töfrar, hamingja og gleði og þeim dýrðardegi má aldrei gleyma.**



„Brúðkaupsdagur fólks kemur aldrei aftur og því dýrmætt að festa augnablik þessa einstaka dags á filmu, enda lifa minningar að eilífu í góðum ljósmyndum,“ segir Katrín Jónsdóttir, ljósmyndari hjá ljósmyndastofunni Gamanmyndum, sem vakið hefur athygli fyrir glaðlegar og áferðarfallegar myndir af geislandi brúðhjónum.

„Oft eiga ástfangnir sér uppáhaldsstaði í náttúrunni, en annars lumum við á mörgum fallegum tökustöðum sem henta vel til brúðarmynda. Meirihluti brúðhjóna kýs útitökur, en inn á milli eru alltaf teknar stúdíómyndir og ef veður bregst eigum við góð ráð til innimyndatakna,“ segir Katrín, sem hefur þróað brúntóna litútgáfur af myndum sínum, sem gefa þeim rómantískan, gamaldags blæ og njóta vaxandi vinsælda.

„Það færist svo í aukana að brúðhjón vilji láta mynda daginn frá upphafi til enda, en þá er fylgst með brúðinni undirbúa stóra daginn að morgni, brúðgumanum hafa sig til, farið með í kirkjuna, gestirnir myndaðir, sem og veislan og öll mikilvægu smáatriðin sem ekki mega gleymast,“ segir Katrín sem hefur sínar skýringar á hvers vegna einstaklingarnir sýni sitt fegursta andlit á brúðkaupsdaginn.

„Auðvitað svífur hamingjan yfir vötnum og þá er verkefni ljósmyndarans og augna hans að nema hvernig best er að stilla upp einstaklingunum svo draga megi fram það besta í fari þeirra.“

Þess má geta að brúðhjón Gamanmynda fá allar myndir afhentar til eignar í prentgæðum og geta framkallað sjálf sínar myndir, sem er nýjung hér á landi. Falleg og vegleg ljósmyndabók með völdum myndum úr brúðkaupinu er innifalin í brúðkaupspökkum. Sjá nánar á www.gamanmyndir.is.

-þlg



Katrín Jónsdóttir ljósmyndari hjá Gamanmyndum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



MYND/GAMANMYNDIR

# ...ablik

Brúðarmyndir Gamanmynda byggja á skemmtilegri stemningu og afslöppuðu umhverfi, þar sem brúðhjón og börn þeirra eru mynduð eins og þau eiga að sér að vera.



MYND/GAMANMYNDIR







Myndir undir berum himni eru vinsælar.

# Minning í myndum

Brúðkaupsmyndir eru brúðhjónum mikilvægar enda minna þær á góðar stundir. Mörg brúðhjón láta atvinnuljósmyndara taka myndirnar af sér en mjög hefur færst í vöxt að slíkar myndir séu teknar úti við. Náttúran myndar fallegan bakgrunn sem getur ekki klikkað (nema illa viðri).

Nokkrir staðir í nágrenni Reykjavíkur henta einstaklega vel til brúðkaupsmynda. Hér má nefna Hellisgerði í Hafnarfirði, fjöruna í Nauthólsvík, Gróttu, listaverkið Sólfarið, skóginn í Heiðmörk eða Rauðhóla. Svo mætti lengi telja og ljóst að sá á kvölina sem á völina.



**Brúðkaupsmyndir með Gróttuvita í baksýn væru ekki amalegar í albúminu.**
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






Nú kynnum við frábært úrval af GEORG JENSEN DAMASK sængurfatnaði, sloppum og handklæðum. Sængurfatnaðurinn frá GEORG JENSEN DAMASK er úr fínofinni egypskri bómull í hæsta gæðaflokki.

Lífgaðu uppá svefnherbergið fyrir vorið með sængurfatnaði frá GEORG JENSEN DAMASK.

DUXIANA®
ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 | sími: 5689950







# Dönsuðu við alla gestina

**Nína Rúna Kvaran og Lazaro Luis Nunez Altuna áttu eftirminnilegan brúðkaupsdag, sem haldinn var í heimaborg fjölskyldu Lazaro í Perú hinnnn 27. júlí 2007. Þar dunaði dansinn allt kvöldið enda Perúbúar dansglaðir mjög.**


Nína Rúna og Lazaro ásamt börnum sínum Ævari og Maríu á brúðkaupsdaginn.
MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við kynntumst fyrst á Íslandi í desember árið 2001 og Lazaro bað mín eiginlega um leið,“ segir Nína en Lazaro hafði þá búið á Íslandi í tvö ár. „Ég vildi nú ekki samþykkja bónorðið fyrr en ári síðar,“ segir hún glettin.

Til stóð að halda brúðkaup fljótlega en eins og vill verða vannst aldrei tími til þess. „Lazaro vildi alvöru veislu með hljómsveit og öllu en ég sá ofsjónum yfir skipulagningu og fjárútlátum,“ útskýrir Nína. Þegar ákveðið var að fara í ferðalag til Perú sumarið 2007 ákváðu þau að slá tvær flugur í einu höggi og gifta sig hjá fjölskyldu Lazaro í Perú. „Ég sá fyrir mér að þetta yrði draumur fyrir mig enda myndi fjölskylda hans sjá um undirbúninginn,“ segir Nína.

Undirbúningurinn gekk þó ekki átakalaust fyrir sig. Til að mynda þóttu pappírarnir sem þau komu með frá Íslandi ekki nægir og urðu þau því að ferðast í ellefu tíma í rútu til höfuðborgarinnar Lima til að fá stimpil. Þá var fæðingarvottorð Lazaro orðið svo lúið að hann þurfti nýtt en þar sem ráðhúsið í fæðingarbæ hans hafði brunnið varð móðir hans áttræð að skrá hann upp á nýtt.

„Síðan lenti ég í miklu ævintýri með brúðarfötin mín en ég hafði látið sauma á mig perúskan þjóðbúning. Viku fyrir brúðkaupið fór ég að skoða afraksturinn en þá þótti fjölskyldu Lazaro saumaskapurinn og efnið sem var notað til háborinnar skammar og hófst því dauðaleit að einhverjum sem gæti saumað slíka listasmíð á einni viku,“ útskýrir Nína en það tókst þó knappt væri.

Eftir kómíska upplifun af tveimur innfæddum snyrtifræðingum sem gerðu sitt til að reyna að eyðileggja daginn gengu þau Lazaro í hjónaband hjá borgardómara í Chiclayo, heimaborg fjölskyldu Lazaro. „Þar gekk allt vel og ég fann hversu gott það var að hafa móðursystur mína, hana Rósu, hjá mér en hún og maður hennar lögðu það á sig að koma til Perú til að vera viðstödd brúðkaupið,“ segir Nína sem lærði sérstakan þjóðdans fyrir brúðkaupið sem heitir Marinera en að sögn Nínu eru Perúbúar mjög dansglaðir.

Þau leigðu hæð á veitingastað undir brúðkaupið með mat og lifandi hljómsveit. „Veislan hófst á brúðarvalsi en ólíkt því sem tíðkast á Íslandi tekur dansinn úti mjög langan tíma. Ég þurfti að dansa við elsta bróður Lazaro, svo þann næstelsta og koll af kolli við alla karlmennina. Sama átti við um Lazaro. Við þurftum að dansa nánast við alla í goggunarröð eftir tengslum og aldri,“ útskýrir Nína en dansinn dunaði stærstan hluta veislunnar. „Til dæmis dansaði mamma Lazaro manna mest og oft á tíðum með fullt bjórglas á höfðinu,“ segir hún glettin en hápunktur kvöldsins var þegar hún kom Lazaro á óvart með því að fara með hann í brúðarsvítu sem hún hafði pantað að honum óafvitandi. „Þar gátum við slakað á eftir brúðkaupið og allt sem á undan hafði gengið,“ segir Nína og er fegin að hafa tekið ákvörðun um að gifta sig í Perú. *- sg*







# Gifti sig í strigaskóm

Rósa Guðmundsdóttir og Jón Halldór Kristmundsson gengu í það heilaga í Háteigskirkju í október árið 2004. Dagurinn var í meira lagi viðburðaríkur að sögn Rósu og vakti fatastíll hennar sérstaka athygli.

„Bónorðið var borið upp í maí 2004. Þessi elska hringdi fyrst í foreldra mína til að fá leyfi. Svo bauð hann mér út eitt laugardagskvöldið á veitingastaðinn Caruso þar sem við tók gítarleikur á efri hæðinni og læti,“ rifjar Rósa upp og viðurkennir að stutt hafi verið í tárin.

Ákveðið var að halda brúðkaupið í október sama ár. Athöfnin fór fram í Háteigskirkju og aðeins þeim allra nánustu boðið. „Séra Bjarni Karlsson gaf okkur saman og stóð sig meiriháttar vel. Gaf manninum mínum meðal annars leyfi til að stunda fjölkvæni,“ segir Rósa og bætir hlæjandi við að föður hennar hafi reyndar ekki verið sérstaklega skemmt.


Rósa ásamt fjölskyldunni, eiginmanninum Jóni Halldóri, syninum Halldóri Tristan, þriggja ára, og hundinum Serbi.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fyrir brúðkaupið hafði hún valið sér fallegan, kremlitaðan kjól úr versluninni Tvö hjörtu, en kaus að fara heldur óvenjulega leið í vali á skóm. „Þeir sem þekkja mig vita að ég er lítið fyrir sparifatnaði. Maðurinn minn hefur gert nokkrar tilraunir til að bæta úr því með fatakaupum, en sumt af því er enn inni í skáp með verðmiðanum á. Þarna gaf hann mér fullt frelsi í skókaupum og ég endaði á Pumastrigaskóm úr Útilífi.“

Rósa segist hafa verið orðin svolítið stressuð rétt fyrir athöfnina og faðir hennar hafi því slegið á létta strengi með því að benda á strigaskóna og segja að nú væri síðasta tækifærið til að stinga af. „Við það sprakk ég úr hlátri og pabbi leiddi mig hlæjandi inn kirkjugólfið.“

Enginn tók hins vegar eftir strigaskónum, sem voru vandlega huldir undir pilsfaldinum að sögn Rósu. Það var ekki fyrr en veislustjórinn lét brúðina standa upp á stól í veislunni og sýna þá að marga rak í rogastans. „Maður heyrði bara suma dæsa þegar þeir komu í ljós. Aðrir sögðust reyndar ekki hafa búist við neinu öðru en strigaskóm.“

Hún segist þó síður en svo sjá eftir kaupunum, því skórnir hafi ótvírætt haft meira notagildi en sjálfur brúðarkjóllinn. *- rve*



# Sérfræðingar í giftingarhringjum

Jón & Óskar er alhliða skartgripa-, úra- og gjafavöruverslun sem var stofnsett árið 1971 og er því 37 ára um þessar mundir. Lengst af rak fyrirtækið eina verslun við Laugaveg 61 í Reykjavík en nýlega hafa bæst við verslanir í Smáralind og Kringlunni. Hjá Jóni og Óskari hefur alltaf verið lögð mikil áhersla á að þjóna viðskiptavinum í trúlofunar- og giftingarhugleiðingum og eftir þennan langa tíma sem fyrirtækið hefur starfað er óhætt að fullyrða að stór hluti Íslendinga ber í dag hringa frá fyrirtækinu. Það má áætla að gullið sem viðskiptavinir fyrirtækisins bera á fingrum sér í formi trúlofunar- og giftingahringa slagi hátt í tonnið.



**Sígildir hringar alltaf vinsælir**

Einbaugar, þessir sígildu og klassísku hringar hafa alltaf verið mjög vinsælir hjá Jóni og Óskari. Þá má fá bæði í gulu og hvítu gulli og misjafnlega breiða. Jafnframt koma þeir í mismunandi þykkt og stundum eru þeir kúptir að innan sem mörgum finnst þægilegra. Hinn klassíski einbaugur er mjög fallegur á hendi og fer vel með öðrum hringum.



**Munstraðir hringar og íslensk hönnun**

Hjá Jóni og Óskari er í boði mikið úrval af munstruðum hringum af ýmsu tagi og hringum þar sem hvítu- og gulu gulli er blandað saman. Jafnframt hefur verið mjög vinsælt að handgrafa í hringana og hefur gamla íslenska höfðaletrið þá oftast verið notað. Þar velur fólk að setja nöfnin sín eða einhver orð eða tákn sem þeim eru kær. Gullsmiðir fyrirtækisins hafa hannað fjölmargar útgáfur af mynstri og formum sem hafa reynst mjög vinsæl og má sjá glæsilegt úrval hringa á heimasíðu fyrirtækisins www.jonogoskar.is.



**Demantar í giftingarhringum**

Undanfarin ár hefur það orðið sífellt algengara að fólk velji að setja demanta í giftingarhringana og þá einkum kvenhringinn. Demantur glæðir hringinn lífi og eykur á fegurð hans. Hér er einnig um að ræða margar útfærslur og má sjá nokkrar þeirra hér á meðfylgjandi myndum.



**Gull, hvítagull, platína, palladium, stál, silfur**

Algengast er að giftingarhringarnir séu hafðir úr gulu gulli en hvítagull eða blanda af gulu og hvítu gulli hefur líka verið mjög vinsæl. Hringar úr platínu eða palladium (sem er platínumálmur) standa einnig til boða en eru mun dýrari en gullhringir og hafa verið minna teknir. Platínumálmarnir hafa þó verið mjög að sækja á erlendis og ekki er ólíklegt að vinsældir þeirra muni aukast hér á landi. Hringar úr silfri og stáli hafa einnig notið nokkurra vinsælda enda ódýrasti kosturinn sem í boði er í dag.



**Demantshringur sem trúlofunarhringur**

Ameríska hefðin, þ.e.a.s. að daman setji upp demantshring við trúlofun hefur einnig verið að aukast mikið að vinsældum undanfarin misseri. Þegar þessi leið er valin setur karlmaðurinn ekki upp hring en konan setur upp demantshring þegar hennar er beðið. Báðir aðilar setja svo upp einbauga við giftingu. Samkvæmt amerísku hefðinni á hringurinn að kosta sem nemur a.m.k. tveimur mánaðarlaunum herrans en það er að sjálfsögðu ekki bráðnauðsynlegt að vera svo flottur á því þegar þessi leið er valin því hjá Jóni og Óskari er hægt að fá glæsilega demantshringa á verði sem flestir ættu að ráða við.



**Morgungjafir**

Sá siður að gefa morgungjafir hefur einnig verið að aukast mjög að vinsældum undanfarin ár og má segja að það sé orðin hefð í íslenskum brúðkaupum. Mega þeir herrar sem gleyma morgungjöfinni eiga von á eitruðum athugasemdum frá sinni heittelskuðu. Í morgungjöf er hefðin að gefa fallegan demantsskartgrip. Svokallaðir "alliance" hringar eru orðnir ein vinsælasta morgungjöfin en þar er nokkrum demöntum raðað eftir baugnum sem er hafður úr hvítu eða gulu gulli.







**Skemmtilegustu viðskiptavinirnir**

Hjá Jóni og Óskari eru þeir viðskiptavinir sem kaupa trúlofunar- og giftingarhringi í miklu uppáhaldi. Þeir hafa ákveðið að treysta fyrirtækinu fyrir kaupum sem eiga að endast alla ævi og sú ákvörðun þeirra er tekin mjög alvarlega. Starfsmenn fyrirtækisins eru tilbúnir að leggja sig alla fram til valið á hringunum verði sem auðveldast og að ánægja ríki með kaupin og einungis er boðið upp á vandaða hágæðavöru.

JÓN & ÓSKAR

*Laugavegur / Smáralind / Kringlan*

Bollaleggingar



» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

Lambalæri á ítalskan máta, með íslensku kartöflusmælki og fersku grænmeti.



# Allt það nýjasta og ferskasta hverju sinni

**Veisluþjónustan Kokkarnir býður upp á fjölbreytta matseðla sem henta meðal annars vel í brúðkaupsveislur. Að sögn Rúnars Gíslasonar yfirmatreiðslumanns er vinsælt að panta þriggja rétta máltíðir.**



Rúnar segir ítalska lambalærið sívinsælt í brúðkaupsveislur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Steikarhlaðborðin hafa alltaf verið mjög vinsæl," segir Rúnar Gíslasson einn af yfirmatreiðslumönnum Kokkanna.is, sem sérhæfa sig í veisluþjónustu, allt frá smærri veislum upp í margrétta brúðkaupsveislur.

Rúnar segir mjög misjafnt eftir hverju viðskiptavinirnir leiti. „Yfirleitt er áherslan á þriggja rétta máltíðir í brúðkaupsveislunum. Ef brúðhjónin velja að hafa hlaðborð, er forréttahlaðborðið borið fram á undan og síðan er því skipt út fyrir til dæmis steikarhlaðborðið. Eins vilja sumir að forrétturinn sé borinn á borð en aðalréttirnir séu á hlaðborði, þannig að það er allur gangur á þessu."

Kokkarnir leigja út tvo veislusali, annar er í Fóstbræðrarheimilinu við Langholtsveg en hinn staðsettur í Cabin hótelinu í Borgartúni. „Við afgreiðum samt mat út um allan bæ," segir Rúnar. „Við komum í heimahús og veislusali og útbúum matinn þar sé þess óskað."



Guðjón Birgir Rúnarsson á heiðurinn af lambalærinu góða.

Að sögn Rúnars er úr nógu að velja hjá Kokkunum. „Við erum með um tíu hlaðborðsmatseðla sem hægt er að skoða og velja úr. Einnig er hægt að finna hina ýmsu rétti. Matseðlarnir eru mjög fjölbreyttir; þessi vinsælu steikarhlaðborð og eins kalkúnahlaðborð, svo dæmi séu nefnd."



Einn rétturinn er sívinsæll í brúðkaupum, segir Rúnar, en það er lambalæri á ítalskan máta. „Rétturinn er alltaf ferskur. Sumarið er náttúrulega aðal brúðkaupstímabilið, og margir vilja ferskan og góðan mat. Þessi Miðjarðarhafsstíll á matnum verður því oft fyrir valinu." *- kók*

## Lambalæri á ítalskan máta

*Fyrir 6*

**Lambalæri á beini**
**8 stk. hvítlauksrif**
**3 greinar rósmarin**
**3 greinar timian**
**3 dl extra virgin ólífuolía**
**Sjávarsalt og nýmulinn svartur pipar**

*Grófskerið hvítlauk og kryddjurtir og blandið saman við olíu. Setjið lambið í form og hellið blöndunni yfir og makið vel upp úr. Látið liggja yfir nótt svo að sem mest af kryddjurtabragði og hvítlauk smitist í kjötið. Stillið ofn á 180 gráður og eldið lamb í um það bil eina klukkustund. Mikilvægt að láta kjötið standa í á bilinu tíu til fimmtán mínútur áður en skorið er svo vökvi haldist í kjötinu.*

## Bakað nýtt, íslenskt kartöflusmælki

**800 g nýtt, íslenskt kartöflusmælki**
**2 dl extra virgin ólífuolía**
**Sjávarsalt og nýmulinn svartur**





**pipar**
**(gott er að setja smá balsamik-edik, hafi fólk smekk fyrir því)**

*Setjið kartöflur á bökunarplötu, setjið olíu og krydd yfir og makið vel. Bakið við 180 gráður í á bilinu 25 til 35 mínútur.*

**Soðkjarni**
**2 stk. shallotlaukar**
**1 rif hvítlaukur**
**1 grein timian**
**2 dl rauðvín**
**1,5 lítrar lambasoð (hægt að kaupa frá Úrvals í búðum)**
**Olía, salt og pipar**

*Skerið shallotlauk og hvítlauk og svitið í potti. Hellið rauðvíni yfir og sjóðið niður. Hellið því næst soði yfir og sjóðið niður um 1/3. Má þykkja aðeins með jafnara. Kryddið til með salti og pipar. Sigtið sósu fyrir notkun.*

vísir.is
"...ég sá það á vísi"







Allt fyrir brúðkaupið
í Blómavali

brúðarvendir - barmblóm
fyrir herra - brúðarmeyjarvöndur
skreytingar í veisluna og í kirkjuna
skreyting á bílinn - blóm í hárið
borðskraut - brúðargjafir

blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Selfoss - Reykjanesbær - Kringlan - Smáralind





Neyðarlausn fyrir líflausa húð

Bíðið ekki með að bæta húðina. Renewal System™ er öflugt kerfi frá Sothys. Bætir húðina með endurnýjandi virkni á næturnar og verndar hana á daginn á áhrifaríkan hátt. Prófið og sannfærist.

SOTHYS, gæðamerki fagfólksins í húðumönnun er notað af 15.000 snyrtistofum um allan heim.

SOTHYS PARIS


Útsala
Útsala
brúðarkjólar
á allt að
60%
afslætti
textilline
Laugavegi 101,
sími 5521260

# Þegar hamingjan ríkir

**Hjónabönd eru sjaldan langlíf í henni Hollywood. Samt vekur ávallt jafn mikla athygli þegar fræga og fína fólkið gengur upp að altarinu til að játa ást sína og tryggð, sem oft á tíðum endist ekki nema fram á næsta leikár. Hér getur að líta nokkur af frægustu hjónum Hollywood í gegnum tíðina.**

Elizabeth Taylor hefur ekki verið við eina fjölina felld. Hún hefur gifst átta sinnum og skilið sjö sinnum, en einu sinni orðið ekkja. Fyrsti maður hennar var Conrad Hilton sem hún giftist árið 1950 og skildi við tæpu ári síðar. Michael Wilding giftist hún árið 1952 og skildi við hann fimm árum síðar. Michael Todd og Taylor giftu sig árið 1957 en Todd lést í mars 1958. Eddie Fisher var hún gift í fimm ár frá 1959 til 1964.

Richard Burton giftist hún tvisvar. Fyrst árið 1964 og liðu tíu ár þar til þau skildu. Aðeins ári síðar giftu þau sig á ný en þá entist hjónabandið aðeins í tæpt ár. John Warner var eiginmaður númer sex ef Burton er aðeins talinn einu sinni. Þau voru gift í sex ár frá 1976 til 1982. Síðasti maðurinn sem Taylor gekk í hjónaband með var Larry Fortensky árið 1991 en þau skildu fimm árum síðar.



**Elizabeth Taylor með fyrsta manni sínum Conrad Hilton.** NORDICPHOTOS/GETTY



**Elvis Presley og Priscilla gengu í það heilaga 1. maí 1967. Níu mánuðum síðar fæddist þeim dóttirin Lisa Marie.** NORDICPHOTOS/GETTY

Elvis Presley og Priscilla hittust árið 1959 í partíi í Bad Nauheim í Þýskalandi meðan Elvis sinnti herskyldu. Hún var fjórtán og hann 24 ára. Þau fóru fljótlega að draga sig saman en Elvis hélt heim árið 1960. Þau héldu sambandi gegnum síma en hittust ekki á ný fyrr en sumarið 1962 þegar hún fékk leyfi foreldra sinna til að heimsækja hann. Síðar fékk hún leyfi til að flytja til Bandaríkjanna og búa hjá föður Elvis með því skilyrði að Elvis myndi á endanum giftast henni. Elvis bað Priscillu rétt fyrir jólin 1966 og þau gengu í það heilaga 1. maí 1967 á Aladdin-hótelinu í Las Vegas. Fyrsta og eina barn þeirra, Lisa Marie, fæddist níu mánuðum síðar, 1. febrúar 1968.



**Haldu mér, slepptu mér. Elizabeth Taylor og Richard Burton í fyrra brúðkaupi þeirra, í mars 1964. Þau skildu, giftu sig aftur og skildu á ný.** NORDICPHOTOS/GETTY



Leikstjórinn Vincente Minnelli var annar af fimm eiginmönnum Judy Garland. Þau giftu sig árið 1945, á einum myrkasta tíma Garland í skemmtanaiðnaðinum. Hin glaðlega barnastjarna sem þekkt var fyrir kæti og léttleika í framkomu var orðin niðurdregin og ólundarleg. Hún var þá orðin háð verkjalyfjum og drakk úr hófi fram. Hún eignaðist þó með Minnelli dóttur sína Lizu árið 1946. Árið 1948 voru geðsveiflur Garland og sjálfsmorðshugleiðingar orðnar mjög alvarlegar en árið 1950 reyndi hún sjálfsmorð og var í framhaldinu sagt upp af MGM-kvikmyndaverinu. Garland og Minnelli skildu árið 1951 en hún gifti sig fljótlega framleiðandanum Sid Luft sem greiddi leið Garland á ný inn í heim kvikmyndanna.

Ferillinn fór þó halloka á ný. Luft og Garland skildu árið 1965 og árið 1969 fannst hún látin á hótelherbergi þar sem hún hafði tekið of stóran skammt af verkjalyfjum.

**Judy Garland átti stormasama ævi. Hér er hún með eiginmanni númer tvö af fimm, leikstjóranum Vincente Minnelli.** NORDICPHOTOS/GETTY



JS Watch co.
REYKJAVIK
GILBERT
ÚRSMIÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# í Hollywood



**Leikararnir Audrey Hepburn og Mel Ferrer giftu sig 25. september 1954. Hjónabandið entist í fjórtán ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

Audrey Hepburn kynntist Mel Ferrer, fyrsta eiginmanni sínum, í teiti hjá Gregory Peck. Hún hafði séð hann í myndinni Lili og heillast af leik hans. Ferrer sendi henni síðar handrit að leikritinu Ondine, sem hún samþykkti að leika í. Æfingar hófust í janúar 1954 og 24. september sama ár giftu þau sig. Hjónabandið entist í fjórtán ár en því lauk árið 1968. Talið er að undir lokin hafi þau bæði verið farin að halda við annað fólk.



**Konungleg athöfn. Grace Kelly giftist prins Rainier af Mónakó 18. apríl árið 1956 í því sem kallað var brúðkaup aldarinnar.** NORDICPHOTOS/GETTY

Grace Kelly kynntist prins Rainier af Mónakó í apríl 1955 þegar henni var boðið að taka þátt í myndatöku í höllinni í Mónakó. Kelly var þá í bandarískri sendinefnd á kvikmyndahátíðinni í Cannes.

Hún sneri aftur til Bandaríkjanna en hélt áfram samskiptum við Rainier. Í desember kom prinsinn til Bandaríkjanna og töldu margir að hann leitaði sér þar kvonfangs. Aðspurður neitaði hann því. Hann hitti síðan Grace og fjölskyldu hennar og eftir aðeins þrjá daga bar hann upp bónorðið. Kelly játti og fór að búa sig undir það sem síðar var kallað brúðkaup aldarinnar.

Brúðkaupið fór fram í 19. apríl 1956 í höllinni í Mónakó og var sjónvarpað um alla Evrópu. Daginn eftir fór fram kirkjuleg athöfn í dómkirkju heilags Nikulásar. Brúðarkjóllinn var hannaður af óskarsverðlaunahönnuðinum Helen Rose, sex hundruð gestir mættu í brúðkaup þessa ævintýrapars og var stór hluti þeirra Hollywood-leikarar. Eins og margir vita lést Grace Kelly í hræðilegu bílslysi árið 1982.

- sg





RAUÐARÁ
RESTAURANT

## Nýr matseðill

Matseðill Rauðará hefur verið endurbættur svo um munar

Áhersla var lögð á að styrkja aðalsmerki staðarins og aukna fjölbreytni.

Meistarakokkurinn Emil Örn Valgarðsson sá um þróun og hönnun nýja matseðilsins.

www.raudara.is










2fyrir1.is
- ókeypis afsláttarklúbbur fyrir alla!
Skráðu þig á www.2fyrir1.is og njóttu sérstakra kjara á Rauðará

OPIÐ ALLA DAGA OPNUM KL. 18:00

Rauðará • Rauðarástíg 37 • Sími 562 6766 • raudara@raudara.is


Hótel Glymur er í Hvalfirði en umhverfið er lokkandi og rómantískt.


Hótel Rangá býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir brúðhjón.


Hótel Búðir eru í ógleymanlegu umhverfi.

# Hveitibrauðsdagar í faðmi fagurra

**Brúðkaupsnóttin og hveitibrauðsdagarnir lifa lengi í minningunni og því er skynsamlegt að velja vel hvernig skal eyða þeim tíma. Á Íslandi er fjöldinn allur af gististöðum sem bjóða upp á úrvalsaðstöðu og þjónustu fyrir brúðhjón í faðmi fjalla, dala og víðfeðmra slétta.**

Rómantík og ljúfar stundir eru óhjákvæmilega hekladar saman við stóra daginn er ástfangið par játast hvort öðru. Á slíkum stundum er tilvalið að eyða brúðkaupsnóttinni eða hveitibrauðsdögum á fallegum stað, fjarri amstri hversdagsins og gera vel við sig og elskuna sína í hvívetna.

Þegar kemur að því að finna góðan gististað í sveitum landsins er úrvalið mikið. Gististöðum er bjóða upp á sérkjör fyrir brúðhjón fer fjölgandi og náttúra landsins svíkur engan. Hér eru fjögur sveitahótel nefnd til sögunnar og víst er að enginn verður svikinn af því að eyða brúðkaupsnóttinni á einu þeirra.


Á Hótel Rangá eru munúðarfull herbergi með helstu þægindum. Hægt er að sníða dvölina eftir óskum hvers og eins.

### HÓTEL RANGÁ

Á Hótel Rangá býðst gestum að láta útbúa herbergi eftir eigin óskum, allt eftir því hvert tilefnið er, og fer verðið eftir vali brúðhjónanna. Fyrir brúðhjón er meðal annars boðið upp á veislubakka, freyðibaðkúlur, ilmkerti, blóm, súkkulaðihjúpuð jarðarber og kampavín en einnig má bæta við gjöf úr héraðinu, kvikmynd sem sýnir norðurljósin og brúðarskreyttri svítu. Rómantíkin liggur í loftinu. Á Hótel Rangá er auk þess nýr matsalur og boðið er upp á fyrirtaks matseld. Oddakirkja er skammt undan og því er einfalt að láta pússa sig saman í nágrenninu og eyða síðan nóttinni á hótelinu.

### HÓTEL REYNIHLÍÐ

Hjá Hótel Reynihlíð við Mývatn er boðið upp á fjölbreyttar lausnir fyrir brúðhjón, allt frá gistingu á brúðkaupsnóttina til brúðkaupsins í heild sinni. Algengustu pakkatilboðin eru brúðarpakki, veislupakki og brúðkaup frá a-ö. Brúðarpakkinn felur í sér gistingu í svítu, hressingu við komuna með snittum, konfekti og kampavíni en auk þess er boðið upp á morgunverð af matseðli í rúmið ásamt aðgangi að jarðböðunum við Mývatn. Þetta kostar 35.200 krónur fyrir hjónin. Veislupakki felur í sér brúðkaupsveislu úr veislulista með drykkjum, gistingu og morgunverði, auk aðgangs að jarðböðunum við Mývatn og kostar hann 20.000 krónur á mann. Brúðkaup frá a-ö nær yfir brúðkaupsathöfn, tónlist, veitingar og gistingu en gerð eru tilboð í þess háttar verkefni og fer verð eftir umfangi. Reykjarhlíðarkirkja er við hlið hótelsins en gjarnan velur fólk ýmsar fallegar náttúruperlur í Mývatnssveit fyrir viðburðinn.


Hótel Reynihlíð er með helstu þjónustu.

### HÓTEL BÚÐIR

Hótel Búðir er skammt frá Snæfellsjökli og tekur einungis um tvo tíma að aka þangað frá Reykjavík. Náttúrufegurðin er einstök en í grennd við hótelið er auk þess falleg viðarkirkja frá 19. öld sem hýsir um sjötíu manns. Í nágrenninu er falleg strönd með ljósum skeljasandi en einnig má halda athöfn á hótelinu. Þar eru notaleg herbergi og svítur, innréttuð á rómantískan máta. Einfalt er að halda þar veislur í salarkynnum hótelsins en boðið er upp á gómsætan matseðil auk þess sem setja má saman matseðil samkvæmt óskum brúðhjónanna. Einnig er möguleiki að leigja plötusnúð ef halda skal veislu og hægt að skreyta fyrir veislur. Hótelið er auk þess með nokkra ljósmyndara á sínum snærum sem og snyrtifræðing og hársnyrti.


Á Hótel Búðum eru herbergin innréttuð á rómantískan og þægilegan máta.

### HÓTEL GLYMUR

Ógleymanlegar stundir í faðmi Hvalfjarðar standa til boða á Hótel Glymi. Að sögn staðarhaldara eru þau vön að halda margs konar brúðkaup, bæði innan- og utandyra, á hvaða árstíma sem er. Bæði er hægt


# *Amé – fágaður veisludrykkur*

*Amé* er frískandi ölkelduvatn með ávaxtabragði og einstakri blöndu austrænna jurtaseyða

*Amé* inniheldur engan viðbættan sykur eða sætuefni og er framleiddur úr náttúrulegum hráefnum.

Það fæst í fjórum frábærum bragðtegundum
- appelsínu og vínberja
- vínberja og apríkósu
- ylliberja og sítrónu
- hindberja og brómberja

*Amé* hefur notið sívaxandi vinsælda og er tilvalinn drykkur í hæsta gæðaflokki til að bjóða upp á í matarboðum og veislum allan ársins hring.

Drykkurinn er frískandi með mildu bragði, létt freyðandi og virkilega fallegur fram að bera.

*Amé* nafnið er komin úr Japönsku og þýðir „blítt regn“



*Heillaðu gestina og bjóddu upp á frískandi Amé í fallegu glasi*

heilsa –hafðu það gott

Amé fæst í heilsuvöruverslunum og betri matvöruverslunum




### ● MÁLAÐ OG LITAÐ Í MINNINGASJÓÐINN

Trönur og penslar eða pappír og litir á borði er eitt af því sem upplagt er að hafa í salarhorni meðan brúðkaupsveislan fer fram. Þá geta gestirnir gripið til þeirra verkfæra og gefið listsköpuninni lausan taum um leið og þeir labba framhjá.

Í sameiningu geta þeir þannig útbúið mynd sem brúðhjónin eiga til minningar um daginn og gleðina sem honum fylgdi.



# sveita

að fá borgaralega vígslu eða prest en Hallgrímskirkja í Saurbæ er í um tveggja mínútna akstursfjarlægð frá hótelinu. Síðan má gifta sig undir berum himni, enda fallegt um að litast í Hvalfirði. Á hótelinu er fallegt veisluumhverfi og hægt að koma fyrir allt að 160 manns í sæti þar sem tengja má saman tvo sali þar sem gestir njóta glæsilegs útsýnis og góðra veitinga. Sníða má matseðilinn að óskum brúðhjónanna. Á hótelinu eru 22 skemmtileg herbergi og þrjár stærri svítur þannig að gistipláss er fyrir ríflega 50 manns. Brúðarsvíturnar eru í senn glæsilegar og sérstæðar en brúðhjón sem halda veislu á Hótel Glymi með 50 gesti eða fleiri í mat fá brúðarsvítuna í kaupbæti.

*- hs*



**Hótel Glymur býður upp á huggulegt herbergi með fallegu útsýni.**


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




www.postur.is




# Tvö ástfangin frímerki

Nú getur þú sent persónuleg frímerki með boðskortinu í brúðkaupsveisluna. Á frímerkið getur þú valið mynd úr þínu eigin myndasafni og með því glatt móttakandann og fegrað umslagið með frímerki sem kemur á óvart. Það eina sem þú þarft að gera er að fara á vef Póstsins, **www.postur.is**, velja mynd sem þú hefur skannað inn eða tekið á stafræna myndavél og við sendum þér frímerkin innan fimm daga.

Þú færð persónuleg frímerki á **www.postur.is**




Frímerkin mín

PÓSTURINN
allur pakkinn

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 09-0426

Stórglæsileg sérblöð,
**Föstudagur**
**Heimili og hönnun**
**Ferðalög**
fylgja Fréttablaðinu um helgina.

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ




Alla föstudaga




Alla laugardaga




4. apríl

# Gagn og gaman á netinu



Vefsíðan www.wedding.is hentar þeim sem eru í giftingarhugleiðingum. NORDICPHOTOS/GETTYW

Á vefsíðunni wedding.is er að finna ýmsar hagnýtar upplýsingar og fróðleik sem getur komið að góðum notum við brúðkaupsundirbúning.

Þar er til dæmis að finna ýmislegt sem útliti og heilsu viðkemur, svo sem söluaðila skartgripa og fatnaðar og lista yfir brúðarkjólaleigur; ábendingar um veisluþjónustur, veitingaþjónustu, bakarí, kokka og gististaði, söluaðila blóma og skreytinga og ýmsar greinar sem þeim tengjast, kannanir sem hægt er að taka þátt í og sérstök spjallsvæði fyrir verðandi brúðhjón þar sem til dæmis hægt er að leggja fram fyrirspurnir og skiptast á alls kyns upplýsingum sem geta komið notendum að gagni.

Síðast en ekki síst má nefna lið sem er sérstaklega merktur undirbúningur. Þar má nálgast fróðleik um tékklista, boðskort, myndatökur, fjárhagsáætlanir sem hægt er að fylla út, lista yfir kirkjur landsins, bílaleigur sem hafa á skrá sinni brúðarbíla, eitt og annað sem tónlist, hljóðkerfum og skemmtunum viðkemur, svo sem lista yfir einstaklinga og fyrirtæki sem veita sérstaklega þjónustu á því sviði, og svo innlenda og erlenda söngtexta sem eru vinsælir í brúðkaupsveislum.

Loks má nefna safn alls kyns greina sem má hafa gagn og gaman af.



**Panta þarf blóm og skreytingar með góðum fyrirvara.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Gott að muna

Að ýmsu þarf að huga fyrir brúðkaupsdaginn og gott að hefja undirbúninginn með ágætum fyrirvara. Ekki verra að útbúa nákvæman gátlista til að hafa við höndina.

Gott er að ákveða fyrst brúðkaupsdaginn.

Ræða við prest eða sýslumann.

Panta kirkju, eða annan giftingarstað.

Ræða við svaramenn og veislustjóra

Ákveða hvernig brúðkaupi og veislu skuli háttað.

Setja saman fjárhagsáætlun.

Panta veislusal og veitingar.

Athuga með brúðkaupsferð.

Skoða, og hugsanlega panta, brúðarkjól og föt á brúðguma.

Ákvarða tónlist og fyrirkomulag í brúðkaupi í samráði við prest.

Ákvarða atriði fyrir veislu.

Panta snyrtingu og hárgreiðslu.

Panta gistingu ef ekki á að verja brúðkaupsnóttinni heima.

Fá vottorð um hjúskaparstöðu hjá Hagstofunni.

Kaupa giftingarhringa.

Útbúa gestalista.

Láta útbúa boðskort, þakkarkort og söngskrá fyrir gesti.

Senda boðskort mánuði fyrir brúðkaup.

Skrásetja staðfestingar í brúðkaup.

Raða gestum til borðs og útbúa nafnspjöld á borð.

Panta áletraðar servíettur, brúðartertu, -vönd, blóm og skreytingar.

Fá allar pantanir staðfestar.

Ákveða ljósmyndara og panta myndatöku.

Staðfesta brúðkaupsferð.

Leigja eða fá lánaðan brúðarbíl.

Láta skrá nöfn hjónaefnanna á gjafalista hjá verslunum.

Fara í hárgreiðslu- og förðunarprufu.

Fá stílabók eða plastmöppu undir upplýsingar og minnisatriði varðandi brúðkaupið.


afslöppun

Gefðu gjafakort – gefðu vellíðan

vellíðan slökun








hvíld

**Gjafakort í heilsulind NordicaSpa er tilvalin gjöf.** Við bjóðum upp á fjölbreytt úrval af nudd- og snyrtimeðferðum fyrir bæði konur og karla. Í heilsulindinni eru tvær ilmgufur, tveir heitir pottar þar sem boðið er upp á herðanudd, slökunarlaug og úti á veröndinni er heitur pottur og sauna.Hægt er að kaupa gjafakort fyrir ákveðna upphæð, í tiltekna meðferð og ýmsa spa pakka. Einnig er hægt að kaupa gjafakort í heilsuræktina – meðlimakort eða námskeið. Við aðstoðum þig við að finna réttu gjöfina handa þeim sem þú vilt gleðja. Við leggjum áherslu á andlega og líkamlega vellíðan og er Nordica Spa heimur út af fyrir sig.

dekur

Hilton Reykjavik Nordica
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

**Opið**

| | |
|---|---|
| Mánud.–fimmtd. | 6:00–21:00 |
| Föstudaga | 6:00–20:00 |
| Laugardaga | 9:00–18:00 |
| Sunnudaga | 10:00–16:00 |

N O R D I C A S P A

**Staðgreiðum gull, demanta og úr.**
**Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!**

**www.kaupumalltgull.is**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

Óska eftir að kaupa kartöfluskrælara. Uppl. Í s. 659 3598.

### Poppvél
Óska eftir að kaupa alvöru poppvél svipað og notuð er í kvikmyndahúsum og sjoppum, notaða eða nýja. Hægt að hafa samband við Björn í 669-9372 eða senda mail á bjornm@vodafone.is

Óska eftir að kaupa De-walt veltisög. Sími 898 6007.

## Hljóðfæri




### Dúndurtilboð!
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 1/2 stærð kr. 7.900.- Full stærð kr 12.900.- 3/4 kr. 10.900.- 4/4 kr. 12.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 29.900 Hljómborð frá kr. 17.900 Trommusett kr. 49.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Tölvur

### Er tölvan biluð?
Kem í heimahús og leysi málið. Kvöld og helgarþjónusta. Áralöng reynsla, 100% ánægja. Magnús 695-2095

Tölvuviðgerðir og gagnabjörgun, gott verð! Kem á staðinn. Baldvin s. 699 6735.

## Til bygginga

Timbur, dokar, gips, krossviður o.fl. Upplýs. www.ulfurinn.is og S. 840-7273 Halldór.

Óska eftir að kaupa ódýrt steypustyrktarjárn. K10 eða K12. Uppl. í s. 892 8647.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

www.kynlifsbudin.com


Við erum einn stærsti söluaðili á kynlífshjálpartækjum, DVD og undirfötum á Íslandi. www.kynlifsbudin.com

**Auglýsingasími**
**512 50 50**
FRÉTTABLAÐIÐ - Mest lesið

# HEILSA

## Heilsuvörur






Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

### Nudd - Japanska baðið
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, detox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. Opið alla páskana. S. 823 8280.

### Exclusive tantra massage
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

## Snyrting

Hárlengingar • Fléttur • Varanleg förðun •
Sími 551 2042 / 694 1275
www.hairandbodyart.net
Lynette Jones

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**Ökukennsla. Akstursmat. Endurtökupróf. S. 893 4515.**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Öku- og bifhjólakennsla. Kennslubifreið Mercedes Benz. Davíð S. Ólafsson. S. 893 7181.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

### Gamalt
Hillusamstæða, borðstofuborð og 5 stólar. Uppl. í s. 693 2038.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv. 101. Einnig langtímaleiga. Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson. www.starplus.info,

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**3 herbergja íbúð til leigu á Bárugötu.**
**Til leigu 90 m2 íbúð á besta stað í 101, getur leigst með húsgögnum. Skammtíma eða langtímaleiga. Verð 120 þús á mánuði**
**Uppl. gefur Margrét í s. 699 1060.**

LMH.IS
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði www.LMH.is. Sími 517 0150.

ÞARFTU AÐ LEIGJA?
Vantar eignir á skrá
Öflug leigumiðlun.
husaleiga.is
LÖGGILD LEIGUMIÐLUN. SÍMI 411 1000

**www.leiguherbergi.is Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 10 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og frá 45 þús. Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 10SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & 45.000 ISK. Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

### 38. OG ALLT INNIFALIÐ
Ca. 25fm herb. nálægt Hlemmi með sér eldunaraðstöðu, baðaðstöðu. Þvottavél fylgir. Rafm og hiti innif. Einn mán. fyrirfram. S. 842 5642.

55fm kjallaraíbúð á svæði 112. Laus strax. 75 þús. m/ rafm. og hita. S. 846 9606.

Til leigu 85 fm íbúð á jarðhæð við Fjólugötu. 2 svefnh., stofa og eldhús. Verð 110 þ. Uppl. í s. 772 7957.

Til leigu nýstansett 3ja herb. íbúð á fyrstu hæð við Álftamýri í Reykjavík. Tilboð óskast. Uppl. í s. 894 7955.

### Íbúð til leigu
50 fm kjallaraíbúð í miðbæ Kópavogs er laus til leigu. Kjörið fyrir einstakling. Nánari upplýsingar veitir Hrund í síma 825 6303.

60 fm. 2 h. íbúð að Langholtsvegi til leigu á 75 þús. Jarðhæð, sérinngangur og bílastæði. Uppl. í s. 8615777

Nýuppgerð 20 fm stúdíoíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Laus. Leiga 59þ. S. 824 6692.

Til leigu nú þegar herb. á svæði 109 með aðgang að snyrtingu og sturtu. Uppl. í s. 867 8515 e.kl.16

Meðleigjandi óskast í stóra íbúð í 101 Rvk. Leiga 48þ. kr. innif. rafm., hiti og sameign. Uppl. í s. 861 1520 (Siggi) & svari@taeknihlidin.is

### HRINGBRAUT - HFJ
Glæsileg 3-4h. íbúð á eftir hæð með sérinng. í nýlegu húsi. Íbúðin er 80 fm og auk um 20 fm svefn/sjónvarpsloft og sér stæði í bílageymslu. Mikið útsýni frá íbúð, langtímaleiga, reyklaus. V. 120 þ. á mán. Uppl. í s. 861 8701 e. kl. 17.

Lítil 2ja herb. kj.íbúð m/sér.inng. í 101 Rvík. Til l. Leiga 77. þús á mán með h.r. S. 562 5410 & 659 2099.

Til leigu 4ra herb. nýlegt raðhús 114 fm. í Hraunbæ, Reykjavík. S. 898 3420.

### TIL LEIGU.
Til leigu ný, glæsileg 91,4 fm, 2ja herb íbúð í Garðabæ, fyrir 50 ára og eldri. Eikarparket á gólfum. Íbúðin er laus nú þegar. Upplýsingar í síma 693-7304

Íbúð til leigu á sv. 107 2ja herb. Uppl. í s. 691 8005.

### TIL LEIGU/Kópavogur
Ný, glæsileg 4ra herb íbúð til leigu,155 fm, ásamt stæði í bílageymslu. Upplýsingar í síma 891-6455.

Til leigu nýleg 2ja herb. íbúð í Hraunbæ, R.vík. 3.hæð, sérinngangur. S. 898 3420.

## Húsnæði óskast

Par með eitt barn óskar eftir íbúð í hfj. 3 herb. eða fleiri. S. 894 8201.

Family from Latvia (in Iceland 5 years) is looking for a flat in Reykjavik with 2 bedrooms and garage-for a long time,max 100th.Ph. 8248416,martins-lucis@inbox.lv

Miðaldra karlmaður óskar eftir 2-3 herb. íbúð í langtímaleigu. Reglusamur, öruggar greiðslur. Uppl. ibudir@yahoo.com

Óska eftir leinstaklings eða 2 herb. íbúð í Kóp. Íbúðin verður að vera samþykkt. S. 865 3622.

## Sumarbústaðir

BUSTADUR.IS

Eigendur sumarbústaða Nú er lag að leiga bústaðinn Skráning á www.bustadur.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 160 fm iðnaðarhúsnæði með skrifstofu og eldhúsi (kaffistofu) í Hfj. Góð aðkoma og gott útipláss. Uppl. í s. 863 2548.

## Geymsluhúsnæði




### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### www.geymslaeitt.is
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

## Gisting

### Gista.is / S. 694 4314
2ja-3ja herbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

### GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð frá 750 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

3 góðar og nýlegar orlofsíbúðir til leigu á Akureyri. Gisting fyrir 6-12 manns. Uppl. ibudir@visir.is eðs s. 893 7979

### www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

Afslöppun í Hveragerði. íbúðir í Hveragerði, internet,sjónvarp,heitur pottur www.frumskogar.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Starfsmaður í pökkun Íslenskukunnátta skilyrði.**
**Óska eftir starfsmanni í pökkun. Ástundun og vinnusemi skilyrði.**
**Umsóknir liggja fyrir á skrifstofu Búr, Bæjarflöt 2, 112 Rvk. Upplýsingar gefnar í síma 896 2836.**

BJARNI FEL sportbar

**Bjarni fel sportbar auglýsir**
**eftir vaktstjóra þarf að hafa að reynslu og mikinn áhuga á íþróttum.**
**Vinsamlegast sendið tölvupóst á : valdi@hresso.is**

Óskum eftir vönu starfsfólki á smurstuð og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. gefur Guðni í síma 618 0560.

Sumarvinna í boði. óskum eftir að ráða leiðsögumann með góða tungumálakunnáttu í sumar.umsóknir sendist á netfangið: jokulsarlon@jokulsarlon.is öllum svarað Ferðaþjónustan Jökulsárlóni Breiðármerkursandi

Hótel Örkin Sjómannaheimilið óskar eftir starfsmanni, eldri en 20 ára í fullt starf. Við komandi þarf að hafa góða tölvuþekkingu og tala bæði íslenska og ensku. Umsóknir sendast á manager@hotel-orkin.com

Matreiðslumenn (kokkar). Ferskt, framandi og hollt eldhús Saffran Glæsibæ vantar í tvö stöðugyldi. ( vaktavinna). Upplýsingar á staðnum eða í síma 5787874 Haukur/Oddur.

Fánasmiðjan óskar eftir að ráða sölumann til starfa á Þórshöfn. Umsækjandi þarf að hafa góða ensku- og tölvukunnáttu. Starfið er fjölbreytt og krefst þess að umsækjandi geti unnið sjálfstætt. Við aðstoðum við húsnæðisleit. Áhugasamir hafi samband við Karen í síma 897 5064.

Óskum eftir barnagæslu ca: 2 kvöld í viku og er skólafrí eru að einhverjum hluta. Um er að ræða tvo ljúfa unga drengi og er annar andlega fatlaður. Reynsla góð en hlýja og göfuglyndi betra. Vinsamlegast hafið samband í póstfang: halla@kjosehf.is.

### Osushi
Osushi óskar eftir aðstoðamanni í eldhús og önnur tilfallandi störf. Reynsla í eldhúsi er æskileg. Umsóknir sendist á osushi@osushi.is

### Símadaður
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar símadömur. Nánar á www.raudatorgid.is.

### Fyrirsætur
Sexychat.is vill kaupa hóflega djarfar myndir íslenzkra kvenna. Nánar á www.sexychat.is

## Atvinna óskast

Woman takes care of: cleaning houses, apartments and caring gardens. S. 892 6958.

## Viðskiptatækifæri

Til sölu lager með kaffi og vatnsvélum einnig fylgir vefsíða Skipti koma til greina Vinsamlegast sendið fyrirspurn á giga@simnet.is eða í síma 899 3540.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

Skráning í sumarbúðir í fullum gangi á kfum.is
KFUM KFUK

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### Upptökur á Sexychat.is
Nú er hægt að hlusta á djarfar upptökur Rauða Torgsins á Sexychat.is.

### Símadömur á Sexychat.is
Heitu dömurnar á Rauða Torginu birta myndir sínar á Sexychat.is.

### Fyrirsætur á Sexychat.is
Sexychat.is vill kaupa svolítið djarfar myndir íslenzkra kvenna.

### Sexychat.is er leikvöllur
Sexychat.is er leikvöllur fyrir djarfar íslenzkar konur og mennina sem vilja kynnast þeim.

## Til sölu

**MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI**
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is

**FLESHLIGHT.IS**

visir.is
"...ég sá það á vísi"

## Atvinna

### Stúlkur athugið - Atvinna í boði

Sægreifinn óskar eftir starfsstúlkum á aldrinum 25 ára og eldri. Um er að ræða kvöld- og helgarvinnu út sumarið. Mikil vinna og góð laun í boði fyrir réttu manneskjuna. **Upplýsingar veita Elísabet og Guðlaug í síma: 553-1500.**

## Tilboð

### TILBOÐ ÓSKAST

í allar vörubirgðir þrotabús GeoPlank ehf. í Grindavík, en fyrirtækið sérhæfði sig í vinnslu á iðnaðarspón og gólfefnum úr harðviði.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður. Tilboðsfrestur er til 20. apríl nk.

**f.h. þb. GeoPlank ehf.**
**Guðmundur Siemsen, hdl.**
**FULLTINGI - LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA EHF.**
**s. 5332050**

## Útboð

Sveitarfélagið ÁRBORG

### ÚTBOÐ Á AKSTRI

Sveitarfélagið Árborg auglýsir hér með eftir tilboðum í akstur vegna almenningssamgangna innan marka Sveitarfélagsins Árborgar, nánar tiltekið er um að ræða akstur milli Eyrarbakka, Selfoss og Stokkseyrar og innanbæjar í byggðarkjörnunum.

Útboðsgögn verða afhent í afgreiðslu Ráðhúss Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, frá og með fimmtudeginum 2. apríl 2009, gegn 5.000 kr. greiðslu.
Óski bjóðendur frekari upplýsinga skulu þeir gera það með skriflegri fyrirspurn (eða í tölvupósti á asta@arborg.is) til bæjarritara eigi síðar en 14. apríl n.k. Skrifleg svör verða send öllum þeim aðilum sem útboðsgögn fá afhent.

**Tilboðum skala skilað í Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, fyrir kl. 14 þriðjudaginn 21. apríl 2009, þar sem þau verða opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska. Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi þannig merktu:**

**Sveitarfélagið Árborg**
**Útboð aksturs vegna almenningssamgangna innan Árborgar**

Frestur til að taka tilboði er 10 dagar frá opnun tilboða og eru bjóðendur bundnir af tilboðum sínum til þess tíma.

Selfossi, 31. mars 2009
Sveitarfélagið Árborg


ALLT HEILSA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;
Jóna María 512 5473
Hugi 512 5447

Helgar FRÉTTABLAÐIÐ blað

alla laugardaga

**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.



Allt sem þú þarft

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

# 500GB
## HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

**29.900**

750GB AÐEINS KR. 34.900

# Antec P182
## OFUR HLJÓÐLÁTUR

- Hljóðeinangraður Super Mid Tower
- Þriggja laga hljóðeinangrun
- Aðskilin hólf fyrir aflgjafa og diska
- Mjög þróaður kaplaskipuleggjari
- 120mm hljóðlátar útsogsviftur
- Innbyggðar ryksíur (hægt að þvo)

**19.900**

NÆR HLJÓÐLAUS TURN

# CREATIVE X-FI FATALITY
## MAGNAÐ HLJÓÐKORT

ALLT AÐ 50% LÆKKUN Á ÖLLUM CREATIVE VÖRUM

MEÐ 64MB X-RAM

- Magnað hljóðkort í leiki og tónlist
- X-Fi CMSS tækni fyrir heyrnartól
- EAX ADVANCED HD leikja effectar
- 24 bita X-Fi Crystalizer hljómgæði
- Ótrúleg hljómgæði og möguleikar
- Low Latency í tónlistarvinnslu

**7.990**

HVERGI BETRA VERÐ!

# 1TB
## 1080P HD SPILARI

FULL HD 1080P · DOLBY DIGITAL · HDMI · H.264

NÝJA 1.01 ÚTGÁFAN

- 1TB LaCie hágæða flakkari
- WD TV 1080P HD Media player
- Nýja 1.01 útgáfan hlaðin nýjungum
- Hægt að tengja við aðra flakkara
- Spilar HD kvikmyndir og tónlist
- MPEG 1/2/4, MKV, H.264 ofl. ofl.
- HDMI, RCA, ljósleiðara tengi ofl.

**49.800**

WD TV ÁN LACIE KR. 29.900.

# GIGABYTE
## GIGABYTE X TÖLVUTILBOÐ

GIGABYTE X tölvan er með nýja Athlon X2 Dual Core örgjörvanum og drekkhlaðin öflugum búnaði og tækninýjungum.

- Athlon X2 Dual Core 7750 2.7GHz - 3MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 512MB ATI HD4550 GDDR3 skjákort
- 20" LCD 16:9 skjár 10000:1, 5ms
- Vandað lyklaborð og Logitech mús
- Windows VISTA Home Premium

RISA PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**129.900**

ÓTRÚLEGT PÁSKATILBOÐ

# 2009
## INTERNET SECURITY

LEYFI MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR

- Vírusvörn og öflug vírusleitarvél
- Öflugur eldveggur, ver heimanet
- Ver þráðlausa netið gegn árásum
- Vörn gegn ruslpósti og Spyware
- Aðgangstýring barna á netinu

**4.990**

MEST SELD Á ÍSLANDI

# 20"LCD
## ACER SKJÁR

16:9 CINEMA

20" LCD SKJÁR

- 20" LCD 16:9 Cinema skjár
- 10000:1 skerpa frábær gæði
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1600x900 WideScreen
- VGA tengi, svartur á lit
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

**27.900**

GLÆSILEGUR 20" LCD

# 28"LCD
## HANNS-G SKJÁR

28" LCD SKJÁR

- 28" WideScreen 1080P skjár
- 800:1 True Contrast skerpa
- 3ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1200 WideScreen
- VGA, DVI og HDMI HDCP tengi
- Hæðastillanlegur fótur

**79.900**

FULL HD 1080P SKJÁR

# HS900
## HEYRNATÓL

Hágæða mjög vönduð HS 900 heyrnatól frá Creative með hljóðnema sem deyfir umhverfishljóð, handhægri hljóðstýringu ofl.

**6.990**

CREATIVE® HEYRNATÓL

# FATALITY
## LEIKJAMÚS

- Creative Fatal1ty 2020 leikjamús
- 2400cpi HD-Laser og 6.4MP
- Hægt að skipta um cpi næmni
- TrueGrip 5 punkta stjórnkerfi
- Þú stillir þyngd með G-Weight
- SpeedWire USB2 tenging

**3.490**

CREATIVE® LEIKJAMÚS

VUTEK

• 563 6900 • www.tolvutek.is

4BLS BÆKLINGUR

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT ALLAR FARTÖLVUR
Kemur næsta virka dag ef pantað er fyrir 12:00

# A300D

501

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Öflug fartölva í leikina frá Toshiba með plássi fyrir auka harðdisk, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit

- AMD Dual Core X2 RM70 2.0GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 500GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA TrueBrite skjár
- 512MB ATI HD3650 öflugt skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Business og XP Pro

Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
þá lækkum við okkar verð á staðnum

TOSHIBA

**149.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

NÝ SENDING AF TOSHIBA FARTÖLVUM

TOSHIBA

# A300

1OS

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz
- 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 512MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**134.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

Packard Bell

# MH36

- Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 320GB SATA hljóðlátur harðdiskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

**119.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

RISA PÁSKAEGG
STÓRT PÁSKAEGG NR.7 FYLGIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

Þú mætir bara og velur þér fartölvu
TIL AFGREIÐSLU STRAX ENGIN BIÐTÍMI
Eitt mesta úrval landsins af fartölvum

SJÁLFSTÆTT TALNABORÐ

# ML65

U-580

## FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný og glæsileg fartölva frá Packard Bell með nýjasta Intel örgjörvanum, BlueTooth og auka plási fyrir annan harðdisk.

- Intel Core 2 Duo T4200 2.0GHz
- 3GB DDR2 667MHz minni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 256MB ATI HD3430 skjákort
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

Packard Bell

**134.900**

RAÐGREIÐSLUR TIL 48 MÁN

# HP 6730S

- Intel Celeron M575 2.0GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA HighBrite skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Microsoft VISTA Home Basic

hp

**89.900**

HVERGI BETRA VERÐ Á HP!

16:9 CINEMA

# ACER 5335

- Intel Celeron M585 2.16GHz
- 2GB DDR2 667MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6" CineCrystal 16:9 skjár
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP Crystal Eye vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

acer

**99.900**

HVERGI BETRA VERÐ Á ACER!

VERÐ FRÁ 44.900
ÓTRÚLEG LÆKKUN Á ÖLLUM ASUS FARTÖLVUM

# ASUS FARTÖLVUR

ÓTRÚLEG VERÐ Á ASUS FRÁ 44.900

## OPNUNARTÍMAR

FIMMTUDAG 10:00 - 19:00
FÖSTUDAG 10:00 - 19:00
LAUGARDAG 11:00 - 18:00
SUNNUDAG 13:00 - 17:00

# TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

# Vandi Rangæinga verður vandi Árnesinga

**UMRÆÐAN**
Arndís Soffía Sigurðardóttir skrifar um sjúkraflutninga



ARNDÍS SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR

Íkjölfarið á því að grein mín sem bar titilinn Lifi Rangæingar? birtist á fréttavef Suðurgluggans, mbl.is og í Morgunblaðinu og eftir að opið bréf Sveins Kr. Rúnarssonar, yfirlögregluþjóns á Hvolsvelli, til heilbrigðisráðherra birtist í Dagskránni og Morgunblaðinu var birt umfjöllun um sjúkraflutninga í Rangárvallasýslu m.a. á vef Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (hsu.is). Ekki kemur fram hver ritar heldur er vísað til þess að framkvæmdastjórn HSU vilji koma ákveðnum atriðum á framfæri til að bregðast við framkominni gagnrýni á fyrirhugaðar breytingar á sjúkraflutningum í Rangárvallasýslu.

Þar kom fram að til þess að tryggja sem mest gæði heilbrigðisþjónustunnar og sjúkraflutningamanna væri lögð áhersla á að sem flestir sjúkraflutningamenn hafi það að aðalstarfi og fái þar af leiðandi sem mesta menntun og þjálfun og verði öruggari í sínu starfi. Í umfjölluninni á vef HSU er talað um atvinnusjúkraflutningamenn í þessu samhengi. Þessi umfjöllun vekur undrun mína í fyrsta lagi vegna þess að ég hef aldrei áður orðið vör við það að sjúkraflutningamenn séu flokkaðir í atvinnusjúkraflutningamenn sérstaklega og ég velti því fyrir mér hver hinn flokkurinn sé. Allir sjúkraflutningamenn í Rangárvallasýslu hafa hlotið þá menntun sem sjúkraflutningamenn þurfa að búa yfir. Í öðru lagi skiptir sú staðreynd að sjúkraflutningamenn séu það að aðalstarfi litlu máli þegar þeir þurfa að sinna hjartastoppi við Seljalandsfoss svo dæmi sé tekið. Þeir verða að öllum líkindum ekki komnir á vettvang í tæka tíð til að reynsla þeirra fái að njóta sín. Í þriðja lagi hafa komið fram staðfestar heimildir fyrir því að af hálfu HSU hafi verið leitað til björgunarsveita á Hellu og Hvolsvelli til að veita fyrstu hjálp á slysavettvangi þar til sjúkrabílar koma á vettvang. Þetta vekur ótal spurningar. Hvað með atvinnumennskuna? Hver er ábyrgð og staða björgunarsveitarmanna ef eitthvað fer úrskeiðis? Hvaða búnað munu björgunarsveitarmenn hafa? Hvaða þjálfun munu þeir hljóta? Hver er þá hinn raunverulegi sparnaður?

Í umfjöllun framkvæmdastjórnar HSU kom einnig fram að öryggi þeirra íbúa sem búa í Vestur-Rangárvallasýslu myndi aukast eða a.m.k. yrði það jafn gott þar sem tímalend í útkalli myndi ekki lengjast á því svæði. Þá spyr maður sig við hvað sé miðað þegar vísað er til vesturhluta sýslunnar. Sá þéttbýliskjarni í Rangárvallasýslu sem telur flesta íbúa, vestan við Hvolsvöll, er Hella. Milli Hellu og Hvolsvallar eru 13 km en milli Selfoss og Hellu eru 36 km. Við þurfum augljóslega að vera staðsett 12 km vestan við Hellu eða vestar til að öryggi manna geti talist aukið eða jafn gott. Það myndi vera á móts við Áshól eða vestar. Austan við Áshól búa hins vegar 95% íbúa Rangárvallasýslu.

*Hver er ábyrgð og staða björgunarsveitarmanna ef eitthvað fer úrskeiðis? Hvaða búnað munu björgunarsveitarmenn hafa? Hvaða þjálfun munu þeir hljóta? Hver er þá hinn raunverulegi sparnaður?*

Á vef HSU er útlistað hver sé fjöldi útkalla í Árnes- og Rangárvallasýslu eftir klukkan 16.00. Komist er að þeirri niðurstöðu að sjúkraflutningar í báðum sýslunum til samans eftir dagvinnutíma sé að meðaltali 1 flutningur á sólarhring á bíl en miðað er við 2 sjúkrabíla. Það getur verið gott og gilt að reikna út meðaltal en hafa verður í huga að tilfelli slysa og veikinda dreifast ekki með svona jöfnum hætti yfir daga ársins. Þetta sýnir glögglega að ekki er um sérhagsmunamál Rangæinga að ræða heldur snertir þetta líka alla Árnesinga því svo virðist sem framkvæmdastjórn HSU geri ekki ráð fyrir að fjölga sjúkraflutningamönnum á vakt til að mæta auknum útkallsfjölda. Í þeim tilfellum sem sjúkrabílar á Selfossi eru uppteknir þarf næsti sjúkrabíll að koma frá höfuðborgarsvæðinu.

Framkvæmdastjórn HSU heldur því að lokum fram á vef sínum að útgjöld stofnunarinnar lækki um 14 milljónir króna á ársgrundvelli með fyrirhuguðum breytingum. Ég og fleiri Sunnlendingar myndum gjarnan vilja fá að sjá nákvæma útlistun á því hvernig HSU nær að spara þá upphæð með umræddum breytingum.

*Höfundur skipar 2. sæti á lista VG í Suðurkjördæmi.*




HR DAGAR Í DEBENHAMS 2. TIL 8. MARS

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Helena Rubinstein vörur**

- Snyrtibudda
- Prodigy dagkrem 5 ml
- Prodigy næturkrem 5 ml
- Life Ritual Peeling gel-lotion 50 ml
- Kinnalita / púðurbursti
- Augnskuggabursti
- Varapensill með loki



* Gildir á kynningu meðan birgðir endast. Gildir ekki með 2 blýöntum. Einn kaupauki á viðskiptavin.

**Verðmæti kaupaukans 15.500 krónur**
Einnig aðrar gerðir kaupauka.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI




Auglýsingasími
512 5050

Arndís Si



*Elsku faðir okkar, sonur, bróðir, mágur, frændi og vinur,*

**Konráð Þór Snorrason**

Holtagerði 22,

lést 30. mars á Líknardeild Landspítalans. Útför hans verður gerð frá Langholtskirkju mánudaginn 6. apríl kl. 15.00.

**Snorri Sævar Konráðsson**
**Katrín Magdalena Konráðsdóttir**
**Snorri S. Konráðsson**
**Soffía H. Bjarnleifsdóttir**
**Kolbrún Björk Snorradóttir**
**Ellert Jónsson**
**Snorri Birkir Snorrason**
**Eyþór Ellertsson**
**Bjarki Ellertsson**
**Svanhildur Ásta Haig Gunnarsdóttir**
**og aðrir vandamenn.**



*Okkar elskulegi faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Hákon Þorsteinsson**

Lindargötu 57, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Landakoti deild K2 fimmtudaginn 26. mars. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 3. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Umhyggju, Félag langveikra barna, s. 552 4242.

**Guðrún R. Ingibergsdóttir**
**Baldvin Einarsson**
**Sigþór Hákonarson**
**Lilja Bragadóttir**
**Hákon Hákonarson**
**Kristín Kristjánsdóttir**
**Margrét Hákonardóttir**
**Eyjólfur Jóhannsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir**

Ásgarði 139, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 25. mars. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 3. apríl kl. 13.00.

**Hallgrímur Ingvaldsson**
**Kristbjörg Gunnarsdóttir**
**Hans Jón Björnsson**
**Lykke Björnsson**
**Emil Sæmar Björnsson**
**Alda Snæbjörnsdóttir**
**María Ingunn Björnsdóttir**
**Frans Jensen**
**Björn Elías Björnsson**
**Sveinn Lúðvík Björnsson**
**Margrét S. Pétursdóttir**
**Jón Hafberg Björnsson**
**Valgerður Björnsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Jóhannesson**

bifvélavirki, Sóleyjarrima 7,
áður Bogahlíð 14,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 27. mars, verður jarðsunginn frá Háteigskirkju föstudaginn 3. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkað, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjúkrunarheimilið Eir.

**Jörgen Pétur Lange Guðjónsson**
**Ásta Steinsdóttir**
**Guðrún Erla Guðjónsdóttir**
**Emil Örn Kristjánsson**
**Ásta Björg Guðjónsdóttir**
**Sigurður Björn Reynisson**
**Jóhanna Helga Guðjónsdóttir**
**Ragnar Marinó Kristjánsson**
**barnabörn og langafabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**SVAVAR HRAFN SVAVARSSON, DÓSENT Í HEIMSPEKI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, ER 44 ÁRA.**

*„Skírnir er nú orðinn að glanstímariti. Kápan sem hingað til hefur verið úr möttum pappír er nú með glanshúð.“*

***Svavar Hrafn er heimspekingur og fornfræðingur. Hann stundaði framhaldsnám í fornaldarheimspeki við Harvard-háskóla í Cambridge í Massachusetts og lauk doktorsgráðu frá Harvard í heimspeki og klassískum fræðum árið 1998.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



**SIGURÐUR H. RICHTER** fyrrverandi sjónvarpsmaður og dýrafræðingur er 66 ára.



**TORFI JÓNSSON** kennari og myndlistarmaður er 74 ára.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Ólafur Finnbjörnsson**

Bugðulæk 18, Reykjavík,

sem andaðist laugardaginn 28. mars, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 7. apríl kl. 13.00.

**Ragnhildur G. Guðmundsdóttir**
**Haukur Garðarsson**
**Laufey Guðmundsdóttir**
**Gylfi Georgsson**
**Sigríður Guðmundsdóttir**
**Brynjólfur N. Jónsson**
**Helga Guðmundsdóttir**
**Sigurður Einar Einarsson**
**afabörn og langafabarn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Björg Ólafsdóttir**

frá Kvíum, Böðvarsgötu 2, Borgarnesi,

sem andaðist á Sjúkrahúsi Akraness 23. mars sl., verður jarðsungin frá Borgarneskirkju laugardaginn 4. apríl kl. 14.00.

**Þorgeir Ólafsson**
**Ólafur Þorgeirsson**
**Auður Ásta Þorsteinsdóttir**
**Sigrún Björg Þorgeirsdóttir**
**Birna Gunnarsdóttir**
**Þóra Þorgeirsdóttir**
**Hilmar Sigurðsson**
**Gretar Þorgeirsson**
**Sigrún Arna Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Hörður Eiríksson,**

fyrrverandi flugvélstjóri,
Blönduhlíð 10, Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild LHS þriðjudaginn 31. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Helga Steffensen**
**Björn S. Harðarson**
**Helga Sigríður Harðardóttir Steffensen**
**Guðmundur E. Jónsson**
**Valdimar Harðarson Steffensen**
**Guðrún Ægisdóttir**
**Baldur Þ. Harðarson**
**Birna E. Björnsdóttir**
**Eiríkur B. Harðarson**
**og barnabörn**

**ÞETTA GERÐIST:** 2. APRÍL 1930

# *Haile Selassie keisari*



Á þessum degi fyrir sjötíu og níu árum var Haile Selassie lýstur keisari Eþíópíu. Hann var ríkisstjóri Eþíópíu frá árinu 1916 til ársins 1930 og Eþíópíukeisari frá árinu 1930 til ársins 1974. Hann átti þátt í að nútímavæða landið og var gríðarlega vinsæll leiðtogi, bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi.

Selassie var í eþíópísku rétttrúnaðarkirkjunni en innan rastafarahreyfingarinnar, sem stofnuð var á Jamaíku snemma á fjórða áratugnum, er hann talinn Kristur endurfæddur.



**ÖÐLAÐIST HUGREKKI** Anna Margrét segir Prisma-námið hafa veitt sér hugrekki og kraft til að fylgja hugmyndum eftir. Opnað hefur verið á ný fyrir skráningu í Prisma vegna mikillar eftirspurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## ANNA MARGRÉT SIGURÐARDÓTTIR: NÝÚTSKRIFUÐ ÚR PRISMA-DIPLÓMANÁMI

# Opnar víddir

Föstudaginn 27. mars síðastliðinn útskrifuðust 65 nemendur með diplómagráðu frá Prisma, sem er nýtt þverfaglegt diplómanám sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst hafa skipulagt í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna. Anna Margrét Sigurðardóttir er ein þeirra sem útskrifuðust og telur hún námið hafa breytt lífi sínu.

„Þetta er í fyrsta sinn sem nemendur útskrifast úr Prisma og held ég að við höfum í raun verið eins konar tilraunadýr,“ segir Anna Margrét og hlær. „Námið er sextán ECTS-einingar á háskólastigi og byggir á skapandi og gagnrýnni hugsun. Námið er til þess gert að fá mann til að hugsa út fyrir kassann. Í raun er verið að fá okkur til að sýna hugrekki og fara út fyrir okkar þægindasvæði,“ segir hún.

Burðarfögin í Prisma eru heimspeki og fræðigreinar lista en fjölmörg fög fléttast inn í kennsluna. „Þarna leiða saman hesta sína listaháskóli og viðskiptaháskóli þannig að námið tengist listum, stjórnun, markaðsfræði og félagsvísindum. Í náminu eru fastir kennarar en auk þeirra koma margir fyrirlesarar sem segja okkur sínar árangurssögur og gefa góð ráð. Þannig áttar maður sig smám saman á því að í raun geti maður ýmislegt sjálfur án mikillar fyrirhafnar,“ segir Anna Margrét áhugasöm.

Prisma-nemar eru með fjölbreyttan bakgrunn og að sögn Önnu Margrétar hefur stór hluti þeirra lent í að missa vinnuna. „Námið gengur allt út á hópavinnu í verkefnum og allir koma jafnir að borðinu. Smám saman skýrist hvaða bakgrunn hver og einn hefur og kemur það oft skemmtilega á óvart og myndast gott tengslanet. Þarna blandast því alls konar þekking á jafningjagrundvelli. Ég er grafískur hönnuður og var níu ár í bransanum á mjög stórri stofu í hringiðu alls sem því fylgir. Þegar ég hætti þar þurfti ég í raun að hugsa mín gildi upp á nýtt,“ útskýrir hún einlæg og nefnir að tíðarandinn hafi þar haft sín áhrif.

Anna Margrét er sannfærð um að Prisma-námið hvetji til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi. „Fyrst um sinn verður maður ringlaður enda margt að taka inn. Námið er þó tilvalið til að hrista upp í manni og víst er að ég verð ekki söm aftur. Námið hefur gefið mér byr undir báða vængi og hvatningu til að fylgja minni sannfæringu og trúa á mínar hugmyndir,“ segir hún ánægð. **hrefna@frettabladid.is**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Eggert Ísaksson**

Arnarhrauni 39, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 30. mars. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 8. apríl kl. 15.00.

**Ellert Eggertsson**
**Júlíana Guðmundsdóttir**
**Erla María Eggertsdóttir**
**Steindór Guðjónsson**
**Guðbjörg Edda Eggertsdóttir**
**Eyjólfur Þ. Haraldsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

BONUS BONUS BONUS BONUS

BAYONNESKINKA
FRÁ KJARNAFÆÐI
**25% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.331 KR./KG

# 998

SVÍNAHAMBORGARHRYGGUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
**20% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 998 KR./KG.

# 798









# 2.598

LAMBA INNRALÆRI, FROSIÐ,
FRÁ KJARNAFÆÐI




SÉRVALIÐ
LAMBAKJÖT!













# 899

SALTKJÖT 1 FL. BLANDAÐ,
FRÁ KJARNAFÆÐI
**25% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.198 KR./KG

# 399

KJÖTFARS, FERSKT,
FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG.

# 1.998

KINDAINNRALÆRISSTEIK,
BEINLAUS, FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 2.220 KR./KG.

# 2.598

LAMBA RIB-EYE, FROSIÐ,
FRÁ KJARNAFÆÐI

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

**BONUS BÝÐUR BETUR**

OPIÐ: FÖSTUD: 10:00 TIL 19:30. LAUGARD: 10:00-18:00 SUNNUD: 12:00-18:00







NOKKUR ORÐ
Anna Margrét Björnsson

# Meiri húmor í matinn, takk

Þegar einum of margir vinir manns virðast helteknir af spelt-æði og fá sér brokkolí heilsusjeik í morgunsárið er það með ákveðnum trega sem maður horfir til ákveðinna íslenskra matarhefða. MSG og transfitusýrufíklar eiga varla athvarf lengur þar sem þriðja kryddið og Aromat er komið úr matarhillum stórverslana og meira að segja KFC auglýsir grimmt að Satansfitan sé úr sögunni. Auðvitað er þetta gott og blessað en að sama skapi er ákveðinn húmor farinn úr matnum líka. Það er eitthvað svo beisik við t.d. amerískar ostasósur sem maður getur sprautað og innihalda engan ost og ommelettumixtúrur úr pakka þar sem stendur skýrum stöfum „contains no egg“.



Það er einn „retro“-matur sem á sér sérlega upprisu á þessum tíma árs og manni þykir vænt um á sinn undarlega hátt: brauðterturnar ógurlegu. Það er engin fermingarveisla án þess að borðið svigni undan þessari blöndu af fransbrauði, majonesi, skinku og aspas úr dós. Gamall vinur lýsti brauðtertureynslu sinni í nýyfirstaðinni fermingarveislu sem löngu „ferðalagi“, dreyminn á svip. Hvað er betra en að uppgötva alltaf nýja og nýja matartegund eftir því sem maður kemst lengra inn í endalaus majoneslögin? Allt í einu birtist rauð paprika, næst skinka, því næst væn snæð af mexíkóosti. Og þegar heilt egg birtist í botninum hlýtur svo toppnum að vera náð. Þvílíkt hugvit hjá Íslendingum að uppgötva dásemdir dósagrænmetis. Aspas úr dós er auðvitað ómissandi herramannsmatur líkt og dósaananas, dósasveppir og Gunnars majones sem vellur á milli allra þessara dýrðlegu laga eins og guðlegur nektar. Ég ætla að minnsta kosti að banna spínat og spelt um páskana og fara að halda fyndin matarboð á ný.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






1.990 kr.
~~3.980 kr.~~




990 kr.
~~1.990 kr.~~



990 kr.
~~1.490 kr.~~



990 kr.
~~1.990 kr.~~

# Dagur barna og bóka

**Við höldum alþjóðlega barnabókadaginn hátíðlegan í Eymundsson og bjóðum úrval vandaðra barnabóka á sérstöku tilboðsverði**




590 kr.
~~990 kr.~~




1.690 kr.
~~3.290 kr.~~




1.290 kr.
~~1.990 kr.~~




990 kr.
~~1.870 kr.~~




490 kr.
~~990 kr.~~




990 kr.
~~1.870 kr.~~




990 kr.
~~1.870 kr.~~




1.290 kr.
~~2.890 kr.~~

Tilboðin gilda til 12. apríl

eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

! **kl. 20**
*Í fyrirlestri sínum í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í kvöld skoðar Dr. Haukur Jónasson hvernig við skynjum umhverfi okkar og sýnir fram á hvernig ímyndunaraflið vinnur á mörkum þess innra og ytra. Hann ræðir um mótsstað listamannsins, listarinnar og þess sem skynjar og setur listina í samhengi við ímyndunarveiki og mannlegt heilbrigði. Fyrirlesturinn byggir Haukur Ingi á doktorsritgerð sinni frá árinu 2005.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Leikfélag Sauðárkróks í kvikmyndum



Þegar kvikmyndafyrirtæki sækja út á land í tökur eru hæg heimatökin að leita til áhugamannafélaganna á svæðinu. Skagafjörður státar af elsta leikfélagi landsins á Króknum. Tvær kvikmyndir í fullri lengd verða að hluta teknar upp nyrðra á þessu vori. Kvikmyndafélagið Pegasus hefur verið á Sauðárkróki síðustu daga við æfingar og undirbúning vegna kvikmyndarinnar Roklands, sem byggir á samnefndri skáldsögu Hallgríms Helgasonar. Leikfélag Sauðárkróks hefur verið framleiðendum myndarinnar innan handar og lagt til leikara í ýmis aukahlutverk.

Það var éljagangur og norðangarri sem mætti leikurum og kvikmyndafólki á Nöfum ofan við Krókinn um hádegisbil á mánudag þegar fram fóru æfingar vegna jarðarfarar móður aðalsögupersónunnar Bödda, sem Ólafur Darri leikur. Leikfélag Sauðárkróks, sem heldur upp á 120 ára afmæli sitt í ár, útvegaði til jarðarfararinnar allnokkurn fjölda eldri leikara. Nokkrir þeirra leikara sem þar voru eiga að baki áratuga leikferil með LS, en hafa lítið leikið síðustu misserin. Þeir stíga nú aftur á svið eftir allangt hlé, en auk þess að leika í Roklandi munu nokkur þeirra leika í afmælisleikriti LS Frá okkar fyrstu kynnum – 120 ár í sögu leikfélags. Það er Jón Ormar Ormsson sem leikstýrir leikritinu, sem verður frumsýnt á Sæluviku 26. apríl næstkomandi. Og í júní verða atriði úr nýrri mynd Friðriks Þórs, Mömmu Gógó tekin í Skagafirðinum.

### > Ekki missa af

Halla Helgadóttir grafískur hönnuður og framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands heldur fyrirlestur í Ketilhúsinu á Akureyri í dag kl. 14.50. Fyrirlesturinn mun fjalla um óvissuferðina sem vinna hönnuðarins er og hverju hönnun og hugvit getur áorkað. Halla mun tala um starf sitt sem hönnuður og nýstofnaða Hönnunarmiðstöð Íslands sem hún stýrir.

# Ný gamanópera frumsýnd

Annað kvöld verður ný íslensk ópera frumsýnd í Gamla bíói. Það er Tónlistarskólinn í Reykjavík í samvinnu við Íslensku óperuna sem stendur að sýningunni en nýja verkið byggir á hinni kunnu þjóðsögu um Gilitrutt og er eftir Þórunni Guðmundsdóttur. Með henni er á efnisskránni stutt gamanópera eftir Rossetti sem er frumflutt hér á landi: La cambiale di matrimonio, sem var fyrsta verk fyrir svið sem hann samdi, átján ára gamall.

Leikstjórnin er í höndum Þórunnar Guðmundsdóttur og hljómsveitarstjóri er Kjartan Óskarsson. Hljómsveitin er skipuð tæplega 20 nemendum úr Tónlistarskólanum í Reykjavík. Sýningar verða aðeins tvær, föstudagskvöld og laugardagskvöld kl. 20.00.

La cambiale di matrimonio eða Hjúskaparsamningurinn var samin af Gioachino Rossini (1792 –1868) á örfáum dögum árið 1810. Þetta er gamanópera í einum þætti, en þetta æskuverk sýnir strax það sem koma skal hjá Rossini. Hann hafði afar gott vald á gamansömum hliðum óperunnar og hafði mikil áhrif á þróun óperunnar á Ítalíu á 19. öldinni. Rossini var snillingur í að byggja upp tónlistarlega spennu og fékk viðurnefnið „Signor Crescendo“ vegna þess. Óperan er sungin á ítölsku en verður flutt í töluðu máli á íslensku.

Gilitrutt er gamanópera í einum þætti. Hún var samin á þessu ári, gagngert til að vera félagi Hjónabandssamningsins í þessari uppfærslu.

Þetta er önnur óperan sem Þórunn Guðmundsdóttir semur fyrir Tónlistarskólann í Reykjavík, en hin var Mærþöll sem sett var upp árið 2006.

Gilitrutt er byggð á hinu vel þekkta íslenska ævintýri um húsfreyjuna lötu sem freistast til þess að ganga til samninga við ókunna konu, sem reynist illu heilli vera tröllskessa. Bóndinn er afar ósáttur við vinnufælni konu sinnar, en það er samt hann sem bjargar henni að lokum. Húsfreyja sér að sér og upp frá þessu er mesta ánægja hennar fólgin í því að vinna. Hlutverkin eru því þrjú, auk þess sem kór gegnir veigamiklu hlutverki sögumanns. Gilitrutt er sýning fyrir alla fjölskylduna, bæði börn og fullorðna.

Þórunn semur bæði libretto og tónlist, en hún hefur getið sér gott orð sem höfundur leikrita og sönglekja sem sett hafa verið upp af leikfélaginu Hugleik.

pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Þórunn Guðmundsdóttir óperuhöfundur og leikskáld, leikstjóri og söngkona. MYND FRETTABLADID/HEIÐA




# Listahátíð kynnt

**Miðasala hófst á þrítugustu og níundu Listahátíð í Reykjavík í gær. Þá kynntu forráðakonur hátíðarinnar dagskrána í heild sinni en áður hafa birst nokkrar fréttir af atburðum á hátíðinni; tónleikum Deboruh Voight sem nú er uppselt á og Húslestra og Stofutónleikaröðum, viðburðum sem fara fram í heimahúsum.**

Hrefna Haraldsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík, og Jóhann Vigdís Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri tóku báðar við störfum sínum í þann mund sem kreppti að. Þær hafa því haft minna úr að moða og því eins og Hrefna kallaði það, snúið inn á við. Þrátt fyrir þrengri stakk er dagskrá hátíðarinnar ótrúlega viðamikil: tvær óperur verða frumfluttar, athyglisverð og öðruvísi atriði verða í boði fyrir unga áhorfendur: Hjaltalín í sparifötum, Tiger Lillies og Lhasa del Sela: myndlistarviðburðir verða tólf að tölu og standa margir fram eftir sumri. Sinfónían, Kammersveitin og Stórsveit Reykjavíkur skila sínu framlagi með glæsilega og spennandi stjórnendur yfir nýjum efnisskrám. Og er þá ekki allt talið: nauðsynlegt er að skanna dagskrána í heild á vef á www.listahatid.is en þar er nú opið fyrir miðakaup á alla viðburði hátíðarinnar sem stendur frá 15.-31. maí.

Eins og var afráðið fyrir löngu verða á hátíðinni gestir sem leggja út á strætin: Götuleikhúsið Forboðnir ávextir kemur frá Ástralíu og mun spranga um götur borgarinnar opnunarhelgina 15. og 16. maí. Fimm hjólhýsi í kvennalíki verða á ferð um borgina og myndlistarsýning verður í fjórum vitum, hverjum í sínu landshorni.

Óperurnar tvær sem fluttar verða á Listahátíð eru Í óðamansgarði eftir Sunleif Rasmussen og byggir á sögu Heinesen, Fjandinn hleypur í Gamalíel eins og hún nefnist í þýðingu Þorgeirs Þorgeirsonar. Sviðsetningin er samstarfsverkefni Þjóðleikhúsa Íslands og Færeyja, en meðal söngvara sem þar koma fram eru Eyjólfur Eyjólfsson, Þóra Einarsdóttir og Bjarni Thor Kristinsson. Hin óperan er líka byggð á bókmenntaverki, Heli eftir Sigurð Nordal, en höfundur hennar er Sigurður Sævarsson. Caput leikur undir en söngvarar eru þau Ágúst Ólafsson, Jóhann Smári Sævarsson og Hulda Björk Garðarsdóttir. Hr. Níels setur verkið upp í Íslensku óperunni. Þá verður í Landnámssetri í Borgarnesi flutt verkið Vöpuspá. Höfundar og flytjendur eru Sten Sandell og Sverrir Guðjónsson.

Einsleikstónleikar Listahátíðar verða að teljast einn hápunkta hennar en þann 17. maí verður Víkingur Heiðar Ólafsson með tónleika í Háskólabíó þar sem hann flytur umskriftir sínar á þekktum íslenskum lögum í bland við verk meistaranna.

Auk Reykjavíkurborgar og Menntamálaráðuneytis sem eru helstu styrktaraðilar Listahátíðar í Reykjavík hafa fyrirtækin Iceland Express, Radisson SAS og Samskip lagt henni lið sem aðalsamstarfsaðilar. Veggspjald hátíðarinnar í ár er hannað af Katrínu Ólínu Pétursdóttur. Nánari grein verður gerð fyrir einstaka dagskrárliðum á hátíðinni hér í blaðinu á næstu dögum. pbb@frettabladid.is



**TÓNLIST** Víkingur Heiðar er með einleikstónleika á Listahátíð í Reykjavík sem stendur í tvær vikur og hefst 15. maí.

# Innrás í Þýskaland

**Ólafur Davíðsson, sendiherra, og Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri Útón, opnuðu formlega tónleikaröðina Norðrið í Admiralspalast í Berlín 10. mars síðastliðinn. Kom það í hlut tónlistarmannsins Lay Low að koma fram á þessum fyrstu tónleikum Norðursins og kom hún einnig fram kvöldið eftir á tónleikum í Köln.**

**Norðrið er heitið á tónleikaröð sem Útón hefur skipulagt í Þýskalandi nú á árinu 2009 með það fyrir augum að styðja við sókn íslenskra tónlistarmanna inn á þýskan tónlistarmarkað og nýta þau tækifæri og þann áhuga sem til staðar er í Þýskalandi. Með þessu er enn frekar byggt á því sem þegar hefur áunnist með þátttöku íslenskra tónlistarmanna á Popkomm kaupstefnunni sem haldin er árlega í Berlín og er ein af stærri tónlistarkaupstefnum í Evrópu.**

**Útón hefur þegar auglýst eftir listamönnum sem áhuga hafa á að koma fram innan verkefnisins og eru listamennirnir valdir í samvinnu við tónleikahaldara og samstarfsaðila í Þýskalandi. Næstu tónleikar verða í apríl og verður hljómsveitin Mammút kynnt í það skiptið. Verkefnið er unnið með stuðningi Iceland Express, Admiralspalast, Útflutningsráðs, Visit Reykjavik, menntamálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, sendiráðs Íslands í Berlín og verkefnisins Sagenhaftes Island.** - pbb



**TÓNLIST** Lay Low hóf íslenska tónleikaröð í Berlín um miðjan mars.




# ÚTSALA

## HEFST Í DAG KL. 10 Í SKÚTUVOGI

## ALLAR VÖRUR Á ÚTSÖLU!

Moltex · eva solo · Lin DESIGN · AIA SELECTION · KERSTEN · EGO open-minded individuals · eb erik bagger · menu scandinavian-design-originals · RITZENHOFF · PARLANE INTERNATIONAL

**EGG** ER Í VERSLUN BLÓMAVALS SKÚTUVOGI

EGG





# Sýning um Völlinn

Völlurinn, sýning Byggðasafns Reykjanesbæjar, var í gær opnaður að viðstöddu margmenni í Gryfjunni, Duushúsum í Reykjanesbæ.

Sýningin fjallar um starfsemi bandarísku herstöðvarinnar og þau áhrif sem hún hafði sem vinnustaður og nágranni á byggðarlögin í kring. Sýningin er liður í viðleitni safnsins til að varðveita og sinna þessari sérstöku sögu og er upphaf að stóru verkefni. Saga vallarins er nú orðinn afmarkaður og liðinn hluti af Íslandssögunni. Völlurinn var festur á filmu á meðan þar var allt iðandi af amerísku þjóðlífi og líka eftir að fólkið var allt horfið á braut. Um hann hafa verið gerðar heimildarmyndir og hlutur hans í íslenskri samfélagsgerð um nær hálfrar aldar skeið verður seint útskýrður til fulls.

Við opnunina fluttu erindi forstöðumaður Byggðasafnsins, Sigrún Ásta Jónsdóttir, og Árni Sigfússon bæjarstjóri og lék léttsveit Tónlistarskóla Reykjanesbæjar ameríska músík íklædd bandarískum herbúningi.

Í hugum flestra Íslendinga var Keflavíkurflugvöllur fyrst og fremst pólitískt bitbein. Fyrir Suðurnesjamenn var hann stór vinnuveitandi og nágranni innan girðingar. Völlurinn var ekki aðeins herstöð, heldur heilt byggðarlag með skólum, kirkju, sjúkrahúsi, verslunum, kvikmyndahúsi, skemmtistöðum, útvarpi, sjónvarpi, blaðaútgáfu og öðrum fylgifiskum daglegs lífs, verkstæðum og vinnustöðum. Allt var þar með öðrum brag, hvort heldur það var rafmagn, byggingar, húsbúnaður eða gjaldmiðill, þar var allt upp á ameríska vísu.

Sýningin er opin virka daga frá 11-17 og frá 13- 17 um helgar. **- pbb**



**MENNING** Frá sýningaropnun í Byggðasafni Reykjanesbæjar.

# Salka Valka

**Ballettinn Salka Valka eftir Auði Bjarnadóttur fékk mikið lof gagnrýnenda þegar verkið var sýnt á alþjóðlegu danshátíðinni Tanzwelten í Braunschweig í Þýskalandi hinn 8. mars síðastliðinn. Í dómi dansmiðilsins Tanznetz segir Jochen Schmidt, einn virtasti dansgagnrýnandi þar í landi, meðal annars: „Auður Bjarnadóttir, sem hlaut menntun sína í Reykjavík og dansaði síðan meðal annars í München, Basel og Stokkhólmi á sínum alþjóðlega dansferli, hún kann að semja dans. Hún býður dönsurum sínum, konum og körlum, upp á tjáningarríkar hreyfingar, þar sem áhersla er lögð á sterka túlkun tilfinninga og andlegrar líðanar. Maður horfir á þegar Lára Stefánsdóttir, Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og Pontus Pettersson vefjast hvert um annað – og það er meira en hægt er að segja um mörg önnur verk og aðra dansara. Þannig bjargaði Ísland, alveg óvænt, upphafi hátíðarinnar Tanzwelten, sem nú er haldin í annað sinn í Braunschweig.“**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 2. apríl 2009**

### → Tónleikar



**12.00** **Þóra Einarsdóttir** sópran og **Antonía Heversi** píanóleikari verða með hádegistónleika í Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði. Á efnisskránni verða aríur eftir **Mozart**. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Kvintett Þorvaldar Þórs Þorvaldssonar spilar á tónleikum sem **Djassklúbburinn Múlinn** stendur fyrir í kjallara Café Cultura við Hverfisgötu 18.

**21.00** Tónlistarmennirnir **Magnús Skarphéðinsson og Mikael Lind** verða með tónleika á Kaffibarnum við Bergstaðastræti 1 þar sem þeir munu flytja raftónlist. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson spila á **Café Mörk** við Skólabraut á Akranesi. Á efnisskránni verða lög eftir þá félaga í bland við annað efni.

**21.00** Trommutónleikarnir **„Reykjavík Heartbeat“** verða á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu 22. Fram koma Gulli Falk, Gísli Brynjar, Sigtryggur Baldursson, Kristján Heiðarsson, hljómsveitin Dark Havest o.fl. Húsið opnað kl. 20.

**22.00** Hljómsveitin **Leo** verður á veitingastaðnum **Classic Rock** við Ármúla 5 þar sem hún mun leika öll helstu lög Deep Purple. Aðgangur er ókeypis.

### → Fyrirlestrar

**13.20** **Hr. Katsuhiro Natsume** flytur erindi um samskipti Íslands og Japans í Árnagarði við Sturlugötu, stofu 201. Fyrirlesturinn er hluti af námskeiði í japönsku í HÍ.

**20.00** Dr. Haukur Ingi Jónasson flytur erindið **„Um innri og ytri skynjun“** í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### → Sýningar

**Hildur Soffía Vignisdóttir** hefur opnað sýningu í Sýningarsalnum Hurðir við Laugaveg 170. Sýningin er opin alla virka daga frá 9-17.

**Sævar Karl Ólason** hefur opnað sýningu á rúmlega 40 akrýlmyndum á Mokka við Skólavörðustíg 3a. Opið alla daga kl. 9-18.30.

### → Söngleikir

**19.00** KFUM og KFUK sýna Rokkóperuna **„Hero“** í Loftkastalanum við Seljaveg.

### → Hönnun og tíska

**Norræni** tískutvíæringurinn í Norræna húsinu við Sturlugötu 19.3-5.4. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Nánari upplýsingar á **www.nordice.is**

**16.00** Hljómsveitin **Skakkamanage** spilar.

### → Pub quiz



**21.00** Pub Quiz verður haldið á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun 10 í Hafnarfirði.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**





DUBBELDUSCH
eftir Björn Hlyn Haraldsson
SÝNT Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU
03.04.09 Föstudagur 20:00
18.04.09 Laugardagur 20:00
Miðasala í síma 555 2222 og á midi.is





ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Lau 25/4 kl. 17:00 U | Lau 16/5 kl. 14:00 U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 U | Sun 26/4 kl. 14:00 U | Lau 16/5 kl. 17:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Sun 26/4 kl. 17:00 U | Sun 17/5 kl. 14:00 U |
| Sun 5/4 kl. 17:00 U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. U | Sun 17/5 kl. 17:00 U |
| Lau 18/4 kl. 14:00 U | Sun 3/5 kl. 14:00 U | Sun 24/5 kl. 14:00 U |
| Lau 18/4 kl. 17:00 U | Sun 3/5 kl. 17:00 U | Þri 26/5 kl. 18:00 U |
| Sun 19/4 kl. 14:00 U | Þri 5/5 kl. 18:00 U | Lau 30/5 kl. 14:00 U |
| Sun 19/4 kl. 17:00 U | Sun 10/5 kl. 14:00 U | Lau 30/5 kl. 17:00 U |
| Lau 25/4 kl. 14:00 U | Sun 10/5 kl. 17:00 U | Lau 6/6 kl. 14:00 U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Mið 1/4 kl. 20:00 Ö | Fim 23/4 kl. 20:00 Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 |
| Fim 2/4 kl. 20:00 U | Lau 2/5 kl. 20:00 U | Fös 15/5 kl. 20:00 |
| Mið 15/4 kl. 20:00 Ö | Fös 8/5 kl. 20:00 Ö | |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn. | Fös 24/4 kl. 20:00 síðasta sýn. |
| Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. Ö | Þri 21/4 kl. 20:00 U | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 21:00 Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | |
| Sun 5/4 kl. 21:00 | Fös 24/4 kl. 21:00 | |
| Fös 17/4 kl. 21:00 | Lau 25/4 kl. 21:00 | |

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | |
|---|---|---|
| Lau 18/4 kl. 13:00 Ö | Lau 25/4 kl. 14:30 Ö | |
| Lau 18/4 kl. 14:30 Ö | | |
| Lau 25/4 kl. 13:00 Ö | | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 3/4 kl. 21:00 | Fim 16/4 kl. 21:00 | |
| Lau 4/4 kl. 21:00 | Fös 17/4 kl. 21:00 | |

Miðaverð aðeins 2.000 kr.


## NÝJAR BÆKUR



Út er komin bókin Saga fatagerðar og fatahönnunar á Íslandi frá lokum 19. aldar til byrjunar 21. aldar eftir Ásdísi Jóelsdóttur. Bókin er byggð á meistararitgerð hennar í mennta- og menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst. Innihaldið er mjög yfirgripsmikið og nýtist vel sem fræðirit, kennslubók og sem almennur fróðleikur auk þess að vera hentug sem gjafabók. Í stórum dráttum er fjallað um fatagerð sem heimilisiðnað, upphaf fataframleiðslu og fataverksmiðjur SÍS á Akureyri og Álafossi. Einnig er fjallað um kreppuna á 4. áratugnum, seinni heimsstyrjöldina og inngönguna í EFTA og áhrif þeirra á iðnframleiðslu og útflutning á fatnaði. Farið er inn á þróun menntunar á sviði fatagerðar og fatahönnunar, heimilis- og listiðnað, tískusýningar, kaupstefnur o.fl. Að lokum er skoðuð staða fatahönnunar á síðustu árum og safngildi greinarinnar. Bókin er 246 blaðsíður, ríkulega myndskreytt í lit og fæst í verslunum Eymundsson. Höfundur gefur sjálfur út bókina.

# Svona hefur enginn séð Ísland áður!

Viðamesta kortabók yfir Ísland sem nokkru sinni hefur komið fyrir almenningssjónir. Bókin markar þáttaskil í íslenskri kortaútgáfu; svipbrigði landsins eru sýnd með ótrúlegri nákvæmni á stórbrotnum og blæbrigðaríkum kortum sem unnin eru með stafrænni kortatækni og sýna landið allt, frá hæstu tindum til ystu annesja og eyja.

- 132 kort
- 43.000 örnefni
- stórt brot




# Svona hefur enginn séð heiminn áður!




Landabréfabók 21. aldarinnar. Bókin inniheldur nákvæm kort af öllum hlutum heimsins sem gerð eru með nýjustu stafrænu tækni og gefa ótrúlega lifandi mynd af yfirborði jarðar.

- 450 kort
- 150 skýringar- og sneiðmyndir
- 200 landslagslíkön
- 750 ljósmyndir
- 80.000 staðarnöfn

www.forlagid.is

GÓÐAR OG GAGNLEGAR FERMINGARGJAFIR

FORLAGIÐ


EBERG


GOMEZ

## > Í SPILARANUM

**Eberg** - Antidote
Dan Deacon - Bromst
Yeah Yeah Yeahs - It's Blitz
Röyksopp - Junior
**Gomez** - A New Tide

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Stórtónleikar í sumar

Samtónn, samstarfsvettvangur tónlistarrétthafa, stendur fyrir verkefninu Íslenskt tónlistarsumar sem hefur verið sett á laggirnar. Er því ætlað að styrkja innviði og ímynd íslensks tónlistarlífs í því ölduróti sem hefur verið undanfarna mánuði. Af því tilefni stendur til að halda stórtónleika í Reykjavík snemma í sumar. Nákvæm tíma- og staðsetning hefur ekki verið ákveðin. Fleiri uppákomur eru einnig fyrirhugaðar í sumar.

Nýráðinn framkvæmdastjóri verkefnisins er Helgi Pjetur Jóhannsson, fyrrverandi starfsmaður Tónlist.is og stofnandi Cod Music-útgáfufyrirtækisins. „Ef allir leggjast á eitt, útgefendur, fjölmiðlar eða tónlistarmennirnir sjálfir, og notfæra sér þetta átak tel ég að þetta verði gríðarlega mikilvægt og ákveðin vakning fyrir íslenska tónlist,“ segir hann. „Þá skilar það sér vonandi í aukinni plötusölu, hlustun á íslenska tónlist í útvarpi og svo framvegis. Þetta snýst um að vekja fólk til lífsins og fá það til að taka þátt í þessu og njóta íslenskrar tónlistar.“ - fb


**HELGI PJETUR JÓHANNSSON** Helgi er nýráðinn framkvæmdastjóri Íslensks tónlistarsumars.

## Spilar ný lög í Lundúnum


**HAFDÍS HULD**

Hafdís Huld spilar á tvennum tónleikum í Lundúnum 13. og 25. apríl þar sem hún mun flytja lög af annarri plötu sinni sem kemur út í sumar. Þetta verður í fyrsta sinn í tæpt ár sem hún spilar Lundúnaborg og bíða margir spenntir eftir því að heyra nýju lögin, þar á meðal nokkur erlend útgáfufyrirtæki. Hafdís hóf upptökur á plötunni í byrjun ársins og er fyrsta smáskífulagið væntanlegt í maí. - fb


## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *100 bestu plöturnar, aftur*

Þessa dagana stendur yfir val á hundrað bestu plötum Íslandssögunnar á tónlist.is. Það eru Rás 2, Félag hljómplötuframleiðenda og tónlist.is sem standa að valinu. Fyrri hluti kosningarinnar stendur yfir á vefsvæði tónlist.is til miðnættis í kvöld, fimmtudaginn 2. apríl. Listinn yfir þær plötur sem komast í hóp hinna 100 bestu verður svo kynntur dagana fyrir sumardaginn fyrsta á Rás 2, en eftir það verður kosið um endanlega röð og listinn frá 1-100 birtur 17. júní.



**VANMETIÐ MEISTARAVERK** Texas Jesús komst ekki inn á stóra listann …

Það hefur lengi verið lenska í poppheimum að setja saman lista af þessu tagi. Á netinu má finna marga lista yfir bestu plötur allra tíma. Rolling Stone valdi 500 og fjölmargir aðrir hafa sett saman lista og þó að sumar plötur séu mjög lífseigar á svona listum kemur alltaf ný útkoma í hvert skipti. Nokkrir svona listar hafa verið birtir hér á landi, meðal annars í Poppbók Jens Kr. Guð 1983, í Eru ekki allir í stuði? – bók Dr. Gunna 2001 – og á mbl.is fyrir tveimur árum.

Þessi nýja kosning er opin öllum almenningi, en samhliða kýs sérstök 100 manna dómnefnd. Á tónlist.is er hægt að velja allt að 50 plötur af þeim 485 sem þar hafa verið listaðar upp. Þær hundrað plötur sem fá flest atkvæði komast svo áfram í næstu umferð.

485 plötur er slatti. Smekkurinn er samt það misjafn að það er auðvelt að finna plötur sem komast inn á topp tuttugu hjá manni persónulega sem ekki ná inn á þennan 485 platna lista. Þannig er það til dæmis með hið stórlega vanmetna meistaraverk Texas Jesús, Jæja vinur! sem kom út árið 1996. Texas Jesús var að mörgu leyti á undan sinni samtíð og á skjön við flest annað á sínum tíma. Hún notaði ýmis óvenjuleg hljóðfæri og sótti áhrif í ólíkar tegundir tónlistar, en hvort tveggja varð síðar vinsælt. Frábær sveit sem talað er um að komi fram aftur fljótlega.

En þetta er kannski aukaatriði. Texas Jesús hefði vísast aldrei náð inn á hundrað platna listann. Ekki nógu þekkt. Aðalatriðið er að það er alltaf gaman að svona listum og spennandi að sjá útkomuna. Ég hvet alla tónlistaráhugamenn til þess að taka þátt áður en fresturinn rennur út í kvöld…

Fagor uppþvottavél

PIPAR • SÍA • 90535



A Orkunýtni
A Þvottahæfni
A Þurrkun

Fagor uppþvottavél
LJF-0310
5 þvottakerfi. Hljóðstig: 52dB(A).
Stærð HxBxD 85x60x60.
Tilboð 89.900

RÖNNING
Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200


**NEIL YOUNG** Breiðir út umhverfisvænan boðskap á nýjustu plötu sinni, Fork in the Road, sem kemur út á þriðjudaginn.
NORDICPHOTOS/GETTY

# Snýr sér að umhverfisvernd

**Nýjasta sólóplata gömlu kempunnar Neils Young, Fork in the Road, kemur út á þriðjudaginn. Umhverfisvænir bílar eru umfjöllunarefnið, en það hefur verið Young hugleikið í langan tíma.**

Hinum 63 ára Neil Young leiðist ekki að hrista upp í hlutunum og koma sínum hugðarefnum á framfæri við almenning. Skemmst er að minnast plötunnar Living with War þar sem hann gagnrýndi Bandaríkjastjórn harkalega fyrir Íraksstríðið. Nú þegar sú stjórn er farin frá völdum og nýr forseti hefur lofað að draga megnið af herliði Bandaríkjanna úr landinu beinir Young sjónum sínum að umhverfisvernd, sem er ekki síður mikilvægt málefni. Stríðsgagnrýnin er þó síður en svo úr sögunni, eins og textinn í titillagi plötunnar ber vott um: „Forgot this year to salute the troops. They´re all still there in a fucking war“.

Fork in the Road er samt fyrst og fremst þemaplata sem er byggð á Lincvolt-verkefninu sem er samstarfsverkefni söngvarans og Jonathans Goodwin, sérfræðings á sviði lífræns eldneytis. Snýst það um að búa til umhverfisvænan orkugjafa fyrir bíla og notuðu þeir Lincoln Continental-bíl Young frá árinu 1959 í tilrauninni og nefndu hann Lincvolt. Nú er bíllinn tilbúinn til notkunar og hefur Young sett stefnuna á að aka honum þvert yfir Bandaríkin án þess að nota bensín. Bílnum verður svo lagt fyrir framan þinghúsið í Washington þar sem Young mun krefjast nýrra lausna hjá stjórnvöldum við að draga úr bifreiðamengun. Heimildarmynd um ferðalagið verður jafnframt tekin upp.

Young ætlar að með þessu að sýna það og sanna að hann er tilbúinn að láta verkin tala. Textinn í laginu Singing a Song segir allt sem segja þarf: „Just singing a song won´t change the world“. Sem sagt, ekki er nóg að kvarta bara og kveina í einhverju lagi, heldur verða menn að fylgja því enn frekar eftir vilji menn virkilega knýja fram breytingar.

freyr@frettabladid.is

## Aldrei fór ég suður í gröfuskemmu

„Þetta er fjórða húsið sem við erum í. Við höfum aldrei verið lengur en tvö ár á sama staðnum,“ segir Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, rokkstjóri hátíðarinnar Aldrei fór ég suður sem verður haldin á Ísafirði um páskana í sjötta sinn.

Hálfdán og félagar hafa náð samkomulagi við verktakafyrirtækið KNH á Ísafirði um afnot af nýju húsnæði þess fyrir hátíðina. „Þetta er mjög vítt og glæsilegt verkstæði með stórum hurðum. Það er hátt til lofts og vítt til veggja,“ segir hann. „Við vorum í fínni skemmu síðustu tvö árin og við þökkum kærlega fyrir afnotin af henni. Þetta er nýtt og KNH-verktakar eru þarna með aðstöðu fyrir sínar gröfur. Við höldum okkur í því þema að vera í iðnaðarhúsnæði við sjóinn. Það er reyndar flest við sjóinn á Ísafirði.“

Hátíðin verður haldin á föstudaginn langa, 10. apríl, og laugardaginn ellefta. Alls hafa 32 hljómsveitir skráð sig til leiks, þar á meðal Dr. Spock, FM Belfast, múm, Mugison og Hemmi Gunn og Kraftlyfting. „Það hefur aldrei, að mínu mati, verið eins gott framboð af góðum heimaatriðum og núna. Helmingurinn er héðan úr héraði, meðal annars þrjár unglingahljómsveitir sem eru allar mjög frambærilegar. Það verður gaman að sjá þær spreyta sig,“ segir Hálfdán. „Það er upprunalega hugmyndin að baki hátíðinni, að landsþekktar poppstjörnur skemmti með minna þekktum mönnum.“ - fb


**NÝ SKEMMA** Nýja skemman sem verður notuð á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður.

## Pottþétt 49 væntanleg

**Safnplata númer 49 í Pottþétt-röðinni vinsælu kemur út þriðjudaginn 7. apríl. Á plötunni, sem er tvöföld, er að finna flest af vinsælustu lögum dagsins í dag. Þar eru sextán íslensk lög, þar af ellefu áður óútgefin. Á meðal þeirra sem eiga glæný lög eru Hjaltalín, Ný dönsk, Ingó og veðurguðirnir, Hjálmar, Papar og Haffi Haff. Aðrir íslenskir flytjendur eru Jeff Who?, Baggalútur, Jóhanna Guðrún, Ingó og Lay Low. Meðal erlendra laga eru Human með The Killers, Use Somebdoy með Kings of Leon, Poker Face með Lady Gaga og The Fear með Lily Allen.**


**INGÓ** Ingó á tvö lög á safnplötunni Pottþétt 49 sem kemur út 7. apríl.

# „ÞÉR ERUÐ SALT JARÐAR“

FERMINGARGJAFIR
25-40% AFSLÁTTUR
AF EAMES-STÓLUM

SALTFÉLAGIÐ
HEIMILIÐ ER HEILAGT

Hallarmúla 4
108 Reykjavík
Sími 540 2030
www.saltfelagid.is

HÖFUM FLUTT Í PENNANN HALLARMÚLA



EIGUM TIL HINAR SÍVINSÆLU VITRA-KLUKKUR OG PANTON-STÓLA







Opið frá kl. **8-18 virka daga**.

ENNEMM / SÍA / NM36230

## > SPACEY MILLJARÐAMÆRINGUR



Þótt nýjasta kvikmynd Kevins Spacey sé ekki stór á Hollywood-mælikvarða virðist söguþráður hennar eiga vel við um þessar mundir. Hún fjallar um milljarðamæring sem heldur að hann eigi allan heiminn, glutrar öllu niður og er sendur í fangelsi. Þegar hann losnar þaðan hyggst hann endurreisa veldi sitt frá grunni. Hljómar kunnuglega…

# bíó

bio@frettabladid.is

# Burton þögull um Lísu í Undralandi

Súrealískur ævintýraheimur Lewis Carroll, Lísa í Undralandi, ratar brátt á hvíta tjaldið á nýjan leik. Og hver annar en meistari Tim Burton gæti leikstýrt þessu furðuverki.

Burton er þögull sem gröfin um hvernig myndin mun líta út en þrívídd og tölvugrafík eru þó talin eiga að leika lykilhlutverk í þessari kvikmyndaútfærslu. Burton ræddi stuttlega við Empire-kvikmyndatímaritið um gerð myndarinnar þegar tímaritið útnefndi þá bestu á árlegri verðlaunahátíð sinni. Eina haldbæra svarið frá Burton var: „Djúpt niður í kanínuholuna.“ Burton virtist ekki einu sinni sjálfur vera viss um hvernig endanlegt útlit yrði, sagðist bara njóta þess að búa til jafn dýra mynd og Lísa í Undralandi verður. „Sú staðreynd gefur mér tækifæri til að prófa mig aðeins áfram.“

Burton er þó samur við sig þegar kemur að leikaravali því Johnny Depp kemur að sjálfsögðu fyrir. Burton hefur varla mátt hreyfa kvikmyndatökuvél án þess að Depp komi nærri með einum eða öðrum hætti. Leikarinn verður í hlutverki brjálaða hattarans en meðal annarra góðkunningja Burtons má nefna eiginkonuna Helenu Bonham-Carter. Þá fer Stephen Fry með stórt hlutverk í myndinni, en hin tvítuga Mia Wasikowska leikur Lísu. Reiknað er með að myndin verði frumsýnd í apríl á næsta ári. - fgg



**BURTON Í UNDRALANDI** Tim Burton vinnur nú að gerð myndarinnar Lísu í Undralandi sem byggð er á samnefndri sögu Lewis Carroll. Johnny Depp er að venju í stóru hlutverki.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

### Fast and Furious

Vin Diesel snýr aftur ásamt félaga sínum Paul Walker. Eins og þeir sem muna eftir fyrstu myndinni vita var Vin Diesel stungið í fangelsi fyrir glæfraakstur og bílaþjófnað en hann er nú laus allra mála og aðstoðar lögregluna við að hafa uppi á heróínsmyglurum.

*Aðalhlutverk: Vin Diesel og Paul Walker*

*IMDB: Enginn dómur*

*Rotten Tomatoes: 0 prósent af hundrað*

### Der Baader Meinhof Komplex

Þýsku hryðjuverkasamtökin Baader Meinhof héldu Vestur-Þýskalandi í heljargreipum á áttunda áratug síðustu aldar. Kvikmyndin um Baader Meinhof fjallar um upphaf og endi þessa hóps og hefur henni verið legið á hálsi fyrir að draga upp full mikla hetjuímynd af hryðjuverkamönnunum.

*IMDB: 7,4/10*

*Rotten Tomatoes: 77 prósent af hundrað*

### Monsters vs. Aliens



Teiknimyndasnillingarnir í Dreamworks Animation eru mættir aftur til leiks en titillinn minnir óneitanlega á B-mynda vísindahrollvekju. Geimverur mæta til jarðar, reiðubúnar að leggja allt í rúst en þeim mætir óvænt mótspyrna þegar hin viðkunnanlegu skrímsli ákveða að sýna þeim hvar Davíð keypti ölið.

*Aðalhlutverk: Reese Witherspoon og Kiefer Sutherland*

*IMDB: 7,3/10*

*Rotten Tomatoes: 70 prósent af hundrað*

### Choke

Söguþráður Choke er á þá leið að Victor Mancini á í mestu erfiðleikum með að takast á við fíkn sína sem er kynlífsfíkn. Til að bæta gráu ofan á svart er mamma hans á sjúkrahúsi og Mancini ákveður að nýta sér góðvild þeirra sem bjarga honum frá því að kafna eftir að matur hrekkur „óvænt“ ofan í hann.



*Aðalhlutverk: Sam Rockwell og Anjelica Huston*

*IMDB: 6,9/10*

*Rotten Tomatoes: 55 prósent af hundrað*







**KOSTAÐI HELJARINNAR FÉ** Baráttan um **Bruno** minnir óneitanlega á kapphlaup bestu knattspyrnuliðanna um góðan leikmann. Universal tryggði sér þó krafta austurríska tískufríksins með því að greiða fyrir hann 42 milljónir dollara, jafngildi fimm milljarða íslenskra króna. Ekki skrítið því persóna **Sacha Baron Cohen**, **Borat,** sló öll met og naut gríðarlegra vinsælda.

# COHEN SNÝR AFTUR

**Grínistinn Sacha Baron Cohen snýr aftur í sumar eftir mikla og umdeilda frægðarför sjónvarpsmannsins Borat frá Kasakstan. Að þessu sinni dregur Sasha upp úr hatti sínum hið samkynhneigða tískufrík Bruno.**

Líkt og búast mátti við er myndin um Bruno þegar farin að vekja mikla athygli þrátt fyrir að hún verði ekki frumsýnd fyrr en 10. júlí í Bandaríkjunum. Samkvæmt kvikmyndatímaritinu Variety hefur bandaríska kvikmyndaeftirlitið sett svokallaðan NC-17 stimpil á myndina, sem þýðir að hún er bönnuð yngri en sautján ára. Framleiðendur myndarinnar höfðu vonast eftir að hún fengi R-stimpilinn, þá fengi fólk yngra en sautján ára að fara á myndina í fylgd með fullorðnum. Sum atriði myndarinnar þóttu víst aðeins of „kynferðisleg“ að mati siðapostulanna í Ameríku. Samkvæmt Variety eru aðstandendur myndarinnar sestir við klippiborðið aftur og ætla að finna lausn á þessum vandræðum, enda gæti stimpillinn skipt máli þegar kemur að miðasölu. Endanleg útgáfa ætti því að hljóta náð fyrir augum kvikmyndaeftirlitsins. Hinum eyddu senum verður þó eflaust haldið til haga fyrir DVD-útgáfuna.

Bruno fæddist í þáttum Cohens, Ali G, sem sýndir voru á RÚV við miklar vinsældir. Hann er austurrískur tískusjónvarpsmaður og fær viðmælendur sína til að velja á milli tveggja svara sem samræmast á engan hátt spurningum Bruno. Og tilgangurinn helgar meðalið, Bruno á að sýna í hve litlum tengslum tískubransinn er við raunveruleikann.

Tvær kvikmyndir, byggðar á persónum úr þáttunum, hafa þegar verið gerðar: Ali G Indahouse og áðurnefnd Borat. Fyrri myndin náði engu flugi þótt Ali G sjálfur njóti mikillar hylli. Borat náði hins vegar hæstu hæðum enda gerði Sacha þar ómælt grín að fáfræði Vesturlandabúa og fordómum gagnvart framandi löndum á borð við Kasakstan. Reyndar voru vinsældir Borat það miklar að stóru kvikmyndaverin í Hollywood háðu hatrammra baráttu um að tryggja sér kvikmyndaréttinn að myndinni um Bruno. Talið er að Universal hafi þurft að seilast ansi djúpt í vasa sína til að töfra fram þær 42 milljónir dollara eða 5 milljarða íslenskra króna sem rétt nægðu til að skjóta Dreamworks, Sony og 20th Century Fox ref fyrir rass í kapphlaupinu. freyrgigja@frettabladid.is


# ÚRVALSBÓK EINARS KÁRASONAR GEYMIR 17 VERK FRÁBÆRS RITHÖFUNDAR

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is




DVD-DISKUR MEÐ DJÖFLAEYJUNNI FYLGIR BÓKINNI

GÓÐ OG GAGNLEG FERMINGARGJÖF


# Maguire í Formúlumynd

Formúla 1 er loksins komin aftur í sviðsljósið eftir mögur ár. Og nú fylgist heimsbyggðin með baráttu Massa, Hamilton og stundum Alonso á rennisléttum kappakstursbrautum um allan heim. Hollywood er náttúrlega ekki lengi að nýta sér vinsældirnar og hyggst ráðast í gerð kvikmyndar um fyrsta Bandaríkjamanninn sem hefur haft sigur í Formúlu 1.

Tobey Maguire mun leika Ferrari-ökuþórinn Phil Hill sem átti í harðri baráttu við félaga sinn hjá Ferrari, Wolfgang von Trips, árið 1961. Þessi slagur átti þó eftir að hafa hörmulegar afleiðingar því von Trips lést í hörðum árekstri í ítalska kappakstrinum í september ásamt fimmtán áhorfendum. Honum hefði nægt að ná þriðja sætinu til að vinna heimsmeistaratitilinn. Formúlan hefur hingað til ekki þótt nægilega áhugaverð fyrir Hollywood ef undanskilin er hörmungarmyndin Driven með Sylvester Stallone í aðalhlutverki og svo hin ágæta Frankenheimer-mynd Grand Prix sem frumsýnd var 1966.

Mynd Maguires hefur verið gefið heitið The Limit og verður hún byggð á samnefndri bók Michaels Cannell sem kemur út síðar á þessu ári. Maguire mun sjálfur framleiða myndina en ekki hefur verið gengið frá leikstjóramálum eða öðrum leikurum. - fgg



**Í FIMMTA GÍR** Maguire leikur Formúluhetjuna Phil Hill sem er fyrsti Bandaríkjamaðurinn til að verða heimsmeistari í Formúlu 1.


FERMINGAGJAFIR
ALLTAF
BETRA VERÐ
Toshiba L300-1DT
2.16GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi • 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz minni • 160GB SATA harðdiskur • DVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Innbyggt 10/100 netkort og 56K mótald • Vefmyndavél • Windows Vista Business með XP Pro
99.990
PHILIPS
LCD SKJÁR
Philips 190CW9FB
19" LCD breiðtjaldsskjár með 1440x900 punkta upplausn, 12000:1 í dínamískri skerpu og 2ms svartíma.
26.990
msi
NOTEBOOK
FARTÖLVA
MSI VR220
Intel Dual Core T3200 (2.0GHz) örgjörvi • Intel X4500 skjástýring • 12.1" WXGA Glare Type (1280x800) skjár • 4GB vinnsluminni • 250GB harðdiskur • DVD skrifari • 802.11BGN • Bluetooth • Vefmyndavél • 1xVGA Out • 3xUSB • 3 í1 kortalesari • Windows Vista Premium
159.990
AMD pakki nr. 1
AM2 DualCore 5200+ X2 Athlon64 með 2x1MB cache - 2000FSB+HT örgjörvi • Corsair 2GB Dual DDR2 800MHz CL4 XMS vinnsluminni • 640GB WD Blue harður diskur • 22xDVD±/16xDL skrifari • 22" LCD Acer V223WBD • 512MB MSI Geforce9 N9600GT skjákort • 2.1 Logitech S220 hátalarakerfi • Logitech UltraX lyklaborð • Logitech Premium RX300 geislamús • Windows Vista Home Premium með Aero 3D ofl.
149.990
USB
FLAKKARI
Western Digital
250GB Passport
Glæsilegur lítill USB flakkari frá Western Digital með 250GB hörðum disk. Fæst í svörtu, hvítu og bleiku.
WD
15.990
TV FLAKKARI
ICY BOX MP-303
Frábær sjónvarpsflakkari spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði. Fjarstýring fylgir.
ICY BOX
19.990
STAFRÆN
MYNDAVÉL
FÆST Í FIMM LITUM
Nikon S220
10.0 milljón punkta uppl., 2,5" LCD skjár, NIKKOR linsa, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafræn titringsjöfnun (VR), hreyfiskynjun, besta mynd valin (BSS), blikkprófun & brosstilling, háþróuð AF- andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndataka ofl. Íslenskur leiðarvísir fylgir.
24.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750

# Fólk

folk@frettabladid.is

## > ÓVÆNT ENDURKOMA

Hljómsveitin Destiny's Child verður endurvakin til að gefa út eina plötu, að því er fjölmiðlar vestanhafs greina frá. Þær stöllur **Beyoncé Knowles**, **Kelly Rowland** og **Michelle Williams** leystu upp bandið árið 2005, aðdáendum til mikillar mæðu. Slúðurbloggarinn Perez Hilton heldur því fram að sveitin skuldi útgáfufyrirtæki sínu eina plötu og því sé von á endurkomu innan tíðar.



# Fáir létu glepjast af aprílgabbi

„Nei, þeir voru ekki margir sem bitu á agnið, það komu kannski fimm og annar eins fjöldi spurðist fyrir um þetta í gegnum síma," segir Gísli Einarsson, eigandi myndasöguverslunarinnar Nexus. Verslunin var í aðalhlutverki í aprílgabbi Fréttablaðsins í gær en þar var greint frá því að til stæði að taka upp hópsenu fyrir kvikmyndina Iron Man 2 sem skartar Robert Downey Jr. í aðalhlutverki. Hópsenan átti að vera tekin upp við rætur Svínafellsjökuls, á svipuðum slóðum og Batman Begins og var auglýst eftir hundrað statistum. Enginn hafði greinilega brennandi áhuga á að leika í kvikmynd með Downey, Mickey Rourke og Scarlett Johansson.

Gísli segir ástæðuna kannski vera þá að þjóðin er farin að vera á varðbergi gagnvart aprílgöbbum fjölmiðlanna. Og menn setji varúðarnagla á nánast allar fréttir á þessum degi. En hrekkjalómar létu gamminn geisa á síðum blaðanna í gær. Morgunblaðið greindi frá því að selja ætti muni gömlu bankanna og DV sagði frá áheyrnarprufum fyrir myndband sem stúlknasveitin Girls Aloud ætlaði að taka upp í nýopnuðum Officera-klúbbi Einars Bárðarsonar. **- fgg**



**ENGAR BIÐRAÐIR** Fleiri höfðu áhuga á að taka þátt í áheyrnaprufum fyrir Astrópíu en Iron Man 2 enda reyndist síðarnefnda myndin aprílgabb.








**NÝR SMELLUR Í FÆÐINGU** Buffið við upptökur á nýja laginu Prinsessunni í hljóðveri sínu í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# PRINSESSAN NÝR SUMARSMELLUR

**Hljómsveitin Buff er þessa dagana að taka upp nýjan sumarsmell sem nefnist Prinsessan. Höfundur lags og texta er Dr. Gunni.**

„Gunni lét okkur fá lagið og bar undir okkur fyrir löngu síðan. Við vorum hrifnir af því strax," segir Hannes Friðbjarnarson. trommari í Buff um nýtt sumarlag sveitarinnar.

Til stóð að hafa lagið á síðustu plötu Buffsins sem kom út fyrir jól en af því að svo mörg lög voru farin í spilun af henni ákváðu þeir að bíða aðeins með það. Lagið kemur líklega út um páskana. „Þetta er mjög hressandi slagari. Það er kannski ekki við öðru að búast af Gunna, hann semur ekki mikið af ballöðum. Okkur fannst virðingarvert að hann skyldi vilja að við tækjum lag fyrir sig," segir Hannes.

Fram undan hjá Buffinu er spilamennska í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki um páskahelgina en um síðustu helgi spilaði sveitin á árshátíð Íslandsbanka í Vodafonehöllinni. Skemmst er að minnast þess er sveitin spilaði á árshátíð Seðlabankans þegar bankinn var hvað mest í umræðunni. „Það voru næstum því þúsund manns. Þetta var eins og hver önnur árshátíð, bara allir í stuði," segir Hannes.

Auk Prinsessunnar eru fleiri lög væntanleg með Buffinu síðar á árinu. Ný plata er þó ekki væntanleg fyrr en á næsta ári.

freyr@frettabladid.is




410 4000 | landsbankinn.is

142 / KEFLAVÍK

Berglind dansar cha cha cha og fleiri suður-ameríska dansa. Hún og 13 aðrir taka vel á móti þér við Hafnargötuna.

- Við leggjum okkur fram um að veita þér persónulega þjónustu.
- Við förum yfir kjörin sem þér bjóðast og svörum spurningum þínum.
- Við veitum einstaklingum og fyrirtækjum aðstoð við að skipuleggja fjármálin.

Komdu við í útibúinu að Hafnargötu 57-59 í Keflavík eða hringdu í okkur í síma 410 4000.

Landsbankinn





# NTC Í DEBENHAMS

FULL BÚÐ AF NÝJUM VORVÖRUM. LÁTTU VERÐIÐ KOMA ÞÉR ÞÆGILEGA Á ÓVART.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | 14 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MALL COP LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 3.40 | L |
| WATCHMEN D | kl. 10.10 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| KILLSHOT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE INTERNATIONAL | kl. 10.30 | 16 |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FANBOYS | kl. 6 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE BOY IN THE STRIPED PYJAMAS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARN THE NIGHT TEMPLAR | kl. 6 - 9 | 14 |
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 10.20 | L |
| THE READER | kl. 8 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | 14 |
| MALL COP | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 10 | L |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| I LOVE YOU MAN MasterCard | kl. 8 - FORSÝNING | 12 |
| MALL COP | kl. 6, 8 og 10 | L |
| DUPLICITY | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| BLÁI FÍLLINN | kl. 6 - (650) | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45 | 12 |


SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 5:30D - 8 - 10:30D | 12 |
| KNOWING | kl. 5:30 - 10:30 | VIP |
| I LOVE YOU MAN kl. 8 | 2 fyrir 1 ef greitt er með MasterCard | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | VIP |
| WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50 | L |
| DUPLICITY | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| WATCHMEN | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| DESPEREAUX m/ísl tali | kl. 5:50 | L |
| CHIHUAHUA m/ísl tali | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8D - 10:30D | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 5:50D | L |
| WATCHMEN | kl. 7D - 10D | 16 |
| CONFESSIONS SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 10:10 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| KNOWING | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RACE TO WITCH MOUNTAIN | kl. 8 | 7 |
| WATCHMEN | kl. 10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 | 16 |
| THE WRESTLER | kl. 8 | 14 |

SAMbio.is

# Króna með fyrstu tónleikana

Birgir Örn Steinarsson hefur stofnað hljómsveitina Króna ásamt þeim Hjalta Jóni Sverrissyni úr Miri og Jóni Vali Guðmundssyni, sem einnig kemur fram sem Bubble Boy. Fyrstu tónleikar sveitarinnar verða annað kvöld í VIP-partíi á undan tónlistarhátíðinni Nokia on Ice í Listasafni Reykjavíkur.

Birgir Örn, eða Biggi í Maus, segist hafa saknað þess að vera í hljómsveit en hann lét síðast að sér kveða sem sólótónlistarmaður. „Það er gaman að vinna sólóefni en það er einmanalegra og hægvirkara,“ segir hann. „Ég virka mjög vel í svona tónsmíðasamstarfi, þegar allir eru að semja tónlistina saman. Ég var orðinn þreyttur á að bíða eftir því að Maus myndi gera þetta en aðstæður hafa ekki leyft það.“

Biggi ætlar að leita aftur til upprunans með Krónu. „Þetta er rokk af ýmsum toga og sungið á íslensku. Það er ekki verið að reyna að finna upp hjólið. Þetta er aðeins ákafari tónlist en hjá Maus en ekkert endilega þyngri. Þeir eru náttúrlega svo ungir strákarnir og það er svo mikil gredda í þeim. Þetta er ekki eins slípað og Maus var orðið,“ segir hann.

Króna er á leiðinni í hljóðver, enda eru sjö til átta lög þegar komin í púkkið. Biggi vill þó ekki gefa það upp hvenær fyrsta platan er væntanleg. Hann er mjög spenntur fyrir tónleikunum annað kvöld. „Þetta er dálítið skrítið fyrir mig. Ég hef ekki spilað á Íslandi síðan með sólóverkefninu mínu 2006 í Listasafninu og ekki með rokksveit síðan í október 2004. Það er mikil tilhlökkun en maður finnur að feimnin og sviðsskrekkurinn eru komin aftur.“ - fb



**KRÓNA** Hljómsveitin Króna heldur sína fyrstu tónleika í Listasafni Reykjavíkur annað kvöld. Meðlimir sveitarinnar eru Birgir Örn Steinarsson, Hjalti Jón Sverrisson og Jón Valur Guðmundsson.

# Sérhæfður vefur fyrir bíladellumenn á Íslandi

**Bíladellukarlar hafa fengið nýtt heimili í vefheimum, Racebook.**

„Ég hef alltaf verið með bíladellu,“ segir Ríkharður Brynjólfsson. Hann hefur ásamt Trond Eiksun og fyrirtæki Ríkarðs, Miðneti, undanfarið verið að setja upp fjölþættan vef sem sérstaklega er ætlaður bíladellumönnum.

Vefurinn heitir Racebook og er byggður upp á svipaðan hátt og Facebook sem margir þekkja. „Nema, það er gegnumgangandi þetta áhugamál: Allt sem viðkemur bílum og bílasporti. Okkur fannst bílavefir á landinu vera frekar aftarlega á merinni tæknilega séð,“ segir Ríkharður. Vefurinn var nýverið settur í loftið og eru þegar komir hátt í tvö hundruð skráðir notendur. „Dellukarlar geta gert sér „prófíl“, verið með mynd af bílnum sínum, albúm, geta tekið þátt í spjalli, sett inn vídeó, bloggað líka, menn geta verið með sitt eigið blogg, þarna eru fréttir og linkar,“ segir Ríkharður. Viðtökurnar hafa verið góðar en þá vantar að komast í samband við virka þátttakendur og áhugafólk í öllum greinum af mótorsports. Viðburðakerfi eru á síðunni en þar geta meðlimir skráð viðburði svo sem keppnir, bílasýningar og slíkt. „Okkur fannst bílavefir á landinu vera frekar aftarlega á merinni tæknilega. Og viljum gjarnan ná utan um þetta samfélag. Facebook er búið að afgreiða hitt, það er að vera ekki með neitt þema. En þarna geta menn myndað sambönd og tengsl við þá sem hafa nákvæmlega sama áhugamálið.“



**RÍKHARÐUR BRYNJÓLFSSON** Hefur sett upp vef sem nær yfir nánast allt sem tengist bílum og bílasporti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vefurinn sem Ríkharður og Trond hafa hannað er svo þannig að hægt er að yfirfæra þetta á önnur áhugamál og ná að mynda samfélög. Til dæmis gæludýraeigendur, tónlistaráhugafólk og svo framvegis. „Það yrði þá ótengd síða og sjálfstæð,“ segir Ríkharður.

jakob@frettabladid.is

MasterCard 2 fyrir 1 Í dag kl. 20.00




MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar fimmtudaginn 2. apríl kl. 20.00, í Laugarásbíói, Smárabíói, Sambíónum Álfabakka og Borgarbíói Akureyri, greiði þeir með kortinu

LAUGARÁSBÍÓ SMÁRABÍÓ ÁLFABAKKI SAMBÍÓIN BORGARBÍÓ




# LANCÔME KYNNING Í HAGKAUP KRINGLU, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 2. - 8. APRÍL

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:**

- Snyrtibudda
- Rénergie Morpholift næturkrem 15 ml
- Rénergie Morpholift augnkrem 5 ml
- Bi-Facil augnhreinsir 30 ml
- Hypnôse maskari 2 ml
- Andlitsvatn 50 ml
- Baume Éclat – Balm to oil - hreinsir

**Verðmæti kaupauka 11.000**
Einnig aðrar gerðir kaupauka




* Gildir meðan birgðir endast á kynningunni. Gildir ekki með 2 blýöntum eða Bocage. Aðeins einn kaupauki á viðskiptavin.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > Leikdagar klárir hjá strákunum

Það styttist í að draumaúrslitaviðureign margra körfuboltaáhugamanna hefjist. Þá mætast KR og Grindavík í úrslitum Iceland Express-deildar karla en þessi félög hafa verið í nokkrum sérflokki í vetur. Fyrsti leikur liðanna fer fram í Vesturbænum á laugardaginn og hefst leikurinn kl. 16.00. Á mánudagskvöldið verður svo farið yfir í Röstina í Grindavík. Sá leikur hefst kl. 19.15. Þriðji leikurinn er fimmtudaginn 9. apríl í Vesturbænum. Þurfi að spila fjóra eða fimm leiki fara þeir leikir fram laugardaginn 11. apríl og mánudaginn 13. apríl.



# sport

sport@frettabladid.is

**YNGVI GUNNLAUGSSON OG SLAVICA DIMOVSKA:** HRÓSUÐU LIÐSHEILDINNI HJÁ HAUKALIÐINU

# *Þetta var erfitt en þeim mun sætara fyrir vikið*

Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, var glaður í leikslok alveg eins og Slavica Dimovska sem skoraði 27 stig í gær og var kosin besti leikmaður úrslitakeppninnar.

„Þetta er búin að vera ótrúleg sería. Þetta KR-lið er svo seigt, ég hélt að við værum komin með þetta þegar við komin níu stigum yfir en þær komu aftur. Mínar stelpur sýndu samt karakter að klára þetta eins og við gerðum. Þetta var erfitt en það hafðist og er þeim mun sætara fyrir vikið," sagði Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka.

„Ég er rosalega stoltur af stelpunum og þetta er alveg æðislegur hópur til að vinna með. Ég vil sérstaklega hrósa Kristrúnu og Telmu. Kristrún þraukaði og hafði trú á klúbbnum og Telma kom þegar aðrir voru að fara því hún hafði trú á þjálfaranum.



Það er meiri háttar að hafa þessa atvinnumenn sem við höfum og þessar ungu stelpur," sagði Yngvi en hann átti líka nægt hrós eftir handa manni leiksins.

„Við vissum að Slavica og Kristrún þurftu að eiga góðan leik. Þær eru búnar að bera þetta lið í allan vetur. Slavica svaraði kallinu og ætlaði ekki að láta Guðrún Gróu fara illa með sig í kvöld. Ég er ekkert smá ánægður fyrir hennar hönd," sagði Yngvi og ekki var minni gleðin hjá Slavicu sem hoppaði um í fagnaðarlátunum. Þetta er í fyrsta sinn sem hún verður meistari á ferlinum.

„Ég er svo ánægð. Ég kom til Hauka til að vinna titilinn og þetta er frábært," sagði Slavica. Hún sagði að það hefði skipt miklu máli að hún vissi að foreldrar hennar voru að horfa á leikinn á KRTV.

„Ég náði að hvíla mig vel fyrir leikinn og ég talaði við foreldra mína og það gaf mér kraft í leikinn," sagði Slavica.

Þjálfari KR-liðsins:

## Er hættur

**KÖRFUBOLTI** Jóhannes Árnason, þjálfari KR, tilkynnti eftir leikinn í gær að hann væri hættur þjálfun KR-liðsins en hann hefur náð fínum árangri með liðið. **- bb**

**HAUKAR-KR 69-64**

**Stig Hauka:** Slavica Dimovska 27 (8 frák.), Moneka Knight 15 (8 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 11, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 6 (9 frák., 6 varin), Guðbjörg Sverrisdóttir 4, Telma Fjalarsdóttir 4 , Sara Pálmadóttir 2

**Stig KR:** Margrét Kara Sturludóttir 18, Hildur Sigurðardóttir 16 (6 stoðs.), Sigrún Ámundadóttir 13 (10 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 7 (10 frák.), Guðrún Ámundadóttir 4, Helga Einarsdóttir 2, Heiðrún Kristmundsdóttir 2, Guðrún Sigurðardóttir 2.



**MEISTARI** Yngvi Gunnlaugsson, þjálfari Hauka, var sáttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI












**SIGURHRINGURINN** Haukastúlkur hlaupa hér hinn hefðbundna sigurhring með bikarinn eftirsótta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dimovska tryggði titilinn

## Haukastúlkur tryggðu sér í gær Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna eftir sigur á KR í æsilegum oddaleik að Ásvöllum.

**KÖRFUBOLTI** Haukastúlkur hafa endurheimt Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta kvenna eftir baráttusigur á KR í oddaleik í lokaúrslitum Iceland Express-deildarinnar í gær. Haukaliðið hafði lengst af frumkvæðið í leiknum en baráttuglaðar KR-stúlkur gáfust þó ekki upp fyrr en í fulla hnefana.

Það var deginum ljósara að mikið var í húfi strax í byrjun leiks í gær. Slavica Dimovska opnaði leikinn með þriggja stiga skoti á hlaupum og kom Haukaliðinu yfir, en það sem eftir lifði hálfleiksins var það baráttan sem var í forgrunni. Haukakonur voru skrefinu á undan framan af og höfðu yfir 14-12 eftir fyrsta leikhlutann. Liðin skiptust svo á að taka litlar rispur í öðrum leikhlutanum en þar fór Hildur Sigurðardóttir í gang hjá KR og hélt gestunum inni í leiknum. Staðan var jöfn í hálfleik 30-30.

Sama baráttan var uppi á teningnum í síðari hálfleik og það var ekki fyrr en undir lok þriðja leikhluta sem fyrst dró í sundur með liðunum af einhverju ráði. Varnarleikur Haukaliðsins var þá mjög grimmur og á sama tíma gekk KR illa í sóknaraðgerðum sínum. Haukar voru yfir 48-41 eftir þriðja leikhluta eftir að hafa haldið KR í aðeins 11 stigum í leikhlutanum.

Í fjórða og síðasta leikhluta gerðu Haukastúlkur svo tvær góðar tilraunir til að stinga KR af, en seigla gestanna kom í veg fyrir að það tækist. Margrét Kara Sturludóttir skaut KR inn í leikinn í upphafi fjórða leikhlutans þegar hún setti þrjá þrista í röð á skömmum tíma. Haukaliðið bætti þá aftur í forskotið undir stjórn Slavicu Dimovsku, en taugatitringur Haukastúlkna í blálokin varð til þess að þær köstuðu næstum því frá sér sigrinum. Haukaliðið var þó vel að titlinum komið.

Slavica Dimovska dró sem fyrr segir vagninn hjá Haukum allan tímann og skoraði 27 stig og hirti 8 fráköst og sýndi stáltaugar á vítalínunni. Þá átti Kristrún Sigurjónsdóttir fína spretti og sýndi mikla hugdirfsku, enda spilaði hún meidd alla úrslitakeppnina. Margrét Kara, Hildur og Sigrún Ámundadóttir voru atkvæðamestar hjá liði KR. **baldur@frettabladid.is**



**BROS OG GLEÐI** Haukastúlkur fögnuðu vel og lengi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hildur Sigurðardóttir:

## Með meistaralið í höndunum

**KÖRFUBOLTI** „Þetta munaði mjög litlu en við vorum alltaf að lenda aðeins undir, vorum að elta og það er erfitt," sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR.

„Slavica átti stórleik og þar er góður atvinnumaður á ferð og við þurftum að leggja allt í að reyna að stoppa hana. Haukar eru með gott lið og þegar þær eru með hana í stuði þá er erfitt að stöðva þær," sagði Hildur sem er ánægð með tímabilið.

„Við getum verið ágætlega sáttir með þetta tímabil, við unnum einn titil og komumst þetta langt án þess að styrkja liðið okkar eitthvað frekar. Maður er ósáttur núna en liðið okkar er ungt ennþá og við erum með meistaralið í höndunum," sagði Hildur. **- óój**

# HEILDSÖLU LAGERSALA

## ÚTIVISTAR OG GOLFFATNAÐUR Í AÐEINS 4 DAGA

# 40-80% afsláttur



**FARÐU Á ZO-ON.IS OG EIGÐU MÖGULEIKA Á 50 ÞÚSUND KRÓNA ÚTTEKT!***

Mikið úval af skíðafatnaði, útivistarfatnaði, Soft Shell peysum, golffatnaði, barnagöllum, barnaúlpum og mörgu fl.

| Verðdæmi: | verð áður | verð nú |
|---|---|---|
| 3. laga jakkar: | 34.900,- | **12.900,-** |
| Skíðaúlpur | 19.900,- | **4.900,-** |
| Golfjakkar | 19.900,- | **9.900,-** |
| Útivistarjakkar | 21.900,- | **7.900,-** |
| Super Stretch peysur | 8.900,- | **3.900,-** |
| Soft Shell peysur | 16.900,- | **4.900,-** |
| Barnaúlpur | 13.900,- | **6.900,-** |

| Opnunartími: | | |
|---|---|---|
| Fimmtudagur | 2. apríl | kl. 14-20 |
| Föstudagur | 3. apríl | kl. 14-20 |
| Laugardagur | 4. apríl | kl. 10-18 |
| Sunnudagur | 5. apríl | kl. 11-18 |

* Ef þú skráir þig á póstlista á www.zo-on.is þá áttu möguleika á að vinna 50.000 kr. úttekt.

**Lagersala ZO-ON - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekku megin) - Kópavogi - www.zo-on.is**

ZO•ON ICELAND

## ÚRSLIT

*Undankeppni HM 2010:*

**1. RIÐILL:**
Ungverjaland-Malta 3-0
Danmörk-Albanía 3-0
Leon Andreasen, Soren Larsen, Christian Poulsen.

**2. RIÐILL:**
Lettland-Lúxemborg 2-0
Grikkland-Ísrael 2-1
Sviss-Moldavía 2-0

**3. RIÐILL:**
Tékkland-Slóvakía 1-1
Zdenek Grygera - Stanislav Sestak.
Pólland-San Marínó 10-0
Norður Írland-Slóvenía 1-0

**4. RIÐILL:**
Liechtenstein-Rússland 0-1
Wales-Þýskaland 0-2
- Michael Ballack, Ashley Williams (sjm)

**5. RIÐILL:**
Eistland-Armenía 1-0
Tyrkland-Spánn 1-2
Semih Senturk - Xabi Alonso, Alberto Riera.
Bosnía-Belgía 2-1

**6. RIÐILL:**
Kasakstan-Hvíta Rússland 1-5
Andorra-Króatía 0-2
Ivan Klansic, Eduardo.
England-Úkraína 2-1
1-0 Peter Crouch (29.), 1-1 Andriy Shevchenko (74.), 2-1 John Terry (85.)

**7. RIÐILL:**
Austurríki-Rúmenía 2-1
Frakkland-Litháen 1-0
Franck Ribery.

**8. RIÐILL:**
Búlgaría-Kýpur 2-0
Georgía-Svartfjallaland 0-0
Ítalía-Írland 1-1
Vincenzo Iaquinta - Robbie Keane. Giampaolo Pazzini rekinn af velli hjá Ítölum eftir aðeins fjögurra mínútna leik.

**9. RIÐILL:**
Holland-Makedónía 4-0
Dirk Kuyt 2, Klaas-Jan Huntelaar, Rafael Van Der Vaart.
Skotland-Ísland 2-1

**STAÐAN Í RIÐLINUM:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Holland | 5 | 5 | 0 | 0 | 12:1 | 15 |
| **2. Skotland** | **5** | **2** | **1** | **2** | **4:6** | **7** |
| 3. Ísland | 5 | 1 | 1 | 3 | 5:7 | 4 |
| **4. Makedónía** | **3** | **1** | **0** | **2** | **2:3** | **3** |
| 5. Noregur | 3 | 0 | 2 | 1 | 2:3 | 2 |

**Skotland 2-1 Ísland**

Hampden P., áhorf.: 45.000 — Thomas Einvaller (7)

*1-0 Ross McCormack (39.)*
*1-1 Indriði Sigurðsson (54.)*
*2-1 Steven Fletcher (65.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 15–7 (7–4) |
| Varin skot | Gordon 2 – Gunnleifur 6 |
| Horn | 6–8 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–12 |
| Rangstöður | 4–2 |

Eiður Smári Guðjohnsen og markvörðurinn Gunnleifur Gunnleifsson voru ekkert mjög kátir eftir leik:

# Íslenska knattspyrnulandsliðið er á réttri leið

**FÓTBOLTI** „Ef ég vissi bara af hverju við vinnum aldrei Skota í knattspyrnu værum við örugglega löngu hættir að tapa fyrir þeim," sagði Eiður Smári Guðjohnsen eftir tapið í gær.

„Kannski að það spili sitt hlutverk að Skotar eiga lengri sögu í knattspyrnunni. Þeir eiga auðveldara með að takast á við pressuna sem henni fylgir. Ég vil þó ekki segja að við höfum bognað undir pressunni. Það má ekki gleyma hvar við vorum að spila en við áttum meira skilið úr þessum leik."

Hann sagði það því eðlilegt að vera svekktur eftir leikinn. „Það var bæði svekkjandi að fá á okkur þessi mörk og nýta ekki færin sem við fengum síðustu 20 mínúturnar í leiknum. Fyrri hálfleikurinn var ekkert spes hjá báðum liðum en þeir komust þó yfir. Við sýndum karakter með því að jafna og koma okkur aftur inn í leikinn."



**Í BARÁTTUNNI** Eiður Smári Guðjohnsen var lengi í gang en kom sterkur upp á lokasprettinum. NORDIC PHOTOS/AFP

Eiður segir að þrátt fyrir allt sé íslenska landsliðið á réttri leið. „Ég held það. Í kvöld voru margir ungir og óreyndir leikmenn í byrjunarliðinu sem voru að spila frábærlega. Ég sé ekki annað en að þetta sé á góðri leið."

Gunnleifur Gunnleifsson er einn þeirra reynsluminni í hópnum þótt hann teljist varla í hóp þeirra yngri. „Ég er svekktur. Þetta voru gríðarleg vonbrigði," sagði Gunnleifur. „Við vorum búnir að undirbúa okkur vel og lengi. Við ætluðum okkur að vinna þennan leik."

- esá

# Enn ein sorgarsagan gegn Skotum

**Ísland tapaði í gær fyrir Skotlandi á Hampden Park, 2-1, í undankeppni HM 2010. Ísland átti slæman dag gegn miðlungsliði Skota þar sem ódýr mistök urðu liðinu að falli. Indriði Sigurðsson skoraði mark Íslands.**

**FÓTBOLTI** Nýr kafli í sorgarsögu landsleikja Íslands og Skotlands var skrifaður í gær. Skotar hafa ávallt borið sigur af hólmi í leikjum sínum gegn Íslandi og breyttist það ekki í gær, þó svo að heimamenn væru í miðri hringiðu hneykslismáls og neyddust til að stilla upp miðlungsliði vegna agabrota og meiðsla.

Hafi tækifæri verið til að vinna bug á Skotagrýlunni gerðust þau vart betri en á Hampden Park í gær.

Ross McCormack, leikmaður Cardiff í ensku B-deildinni, skoraði fyrra mark skota. Steven Fletcher, leikmaður Hibernian, það síðara. Indriði Sigurðsson jafnaði metin fyrir Ísland í upphafi síðari hálfleiks en Fletcher skoraði sigurmark Skota aðeins tólf mínútum síðar.

Margir áttu von á að leikurinn myndi byrja með látum enda mikið í húfi fyrir bæði lið og þá sér í lagi heimamenn. En það var lítið um tæklingar og almenna baráttu í upphafi leiks enda sárafáar aukaspyrnur dæmdar á fyrsta hálftímanum. Ísland byrjaði að verjast mjög aftarlega og færði sig svo framar eftir því sem leið á hálfleikinn. Það gekk ágætlega því Skotar gátu lítið gert í sínum sóknum og íslensku leikmennirnir áttu nokkrar efnilegar skyndisóknir.

Þar til á 39. mínútu. Bakvörðurinn Alan Hutton kom þá skeiðandi upp hægri kantinn, labbaði fram hjá Bjarna Ólafi Eiríkssyni eins og hann væri ósýnilegur og náði að renna boltanum út í teig. Þar var Ross McCormack mættur, einn á auðum sjó, og hafði nægan tíma til að vanda til verka og skila knettinum í netið sem og hann gerði.



**GRÁTI NÆST** Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson fékk tvö upplögð færi í leiknum í gær sem hann nýtti ekki. Hann var að vonum svekktur. NORDIC PHOTOS/AFP

Flest mörk má skrifa á mistök andstæðingsins en þetta voru einstaklega klaufaleg og óþörf mistök af hálfu íslenska liðsins.

Þótt Ísland hafi átt fáar sóknir voru þær afar illa nýttar. Sóknirnar voru sumar hverjar efnilegar en allar runnu þær út í sandinn. Ísland átti nefnilega ekki eina marktilraun í fyrri hálfleik.

Fyrstu marktilraunirnar hjá íslenska liðinu áttu sér stað á 54. mínútu. Einu sinni sem oftar var íslenska liðið í vandræðum með að byggja upp sókn en þá ákvað Hermann Hreiðarsson að taka til sinna mála og tók á rás upp miðjuna. Hann kom boltanum á Pálma Rafn sem gerði vel og stóð af sér skoskan varnarmann. Hann átti skot að marki sem hafnaði í stöng, Indriði fylgdi á eftir og skoraði í autt markið.

Sigurmark Skota kom eftir hornspyrnu. Fyrirliði þeirra, Stephen McManus, skallaði boltann inn á markteig þar sem Steven Fletcher var mættur og skoraði af stuttu færi. Fyrst og fremst óheppni en nokkuð annað.

Það jákvæða er að Ísland neitaði þó að gefast upp og freistaði þess ítrekað að jafna leikinn á nýjan leik. En rétt eins og í fyrri hálfleik gekk lítið að klára sóknirnar með marktilraun. Slíkar sóknir eru ekki líklegar til árangurs.

Það er lítið við leikskipulag Ólafs Jóhannessonar að athuga. Hann veðjaði á stífan varnarleik og skyndisóknir. Þegar leið á leikinn átti sóknarþunginn að aukast – sem og hann vissulega gerði. En allar áætlanir voru gerðar ómerkar með klaufalegum mistökum og sér í lagi ódýru fyrra marki Skota.

Óheppni Íslendinganna kom eflaust best í ljós á lokamínútum leiksins. Þá loksins dundu skotin á skoska markinu og fékk Pálmi Rafn draumafæri. Hann þrumaði knettinum hátt yfir.



SKOTLAND-ÍSLAND
**EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON**
*skrifar frá Glasgow*
eirikur@frettabladid.is

## FRAMMISTAÐA LEIKMANNA

| | |
|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður. | 7 |
| Virtist öruggur í sínum aðgerðum og var ekki að sjá að hann væri í lítilli leikæfingu. Varði mjög vel í síðari hálfleik. | |
| Grétar Rafn Steinsson, hægri bakvörður. | 5 |
| Gerði margt ágætt en átti líka sín mistök. Gleymdi McCormack þegar hann skoraði mark Skota. | |
| Hermann Hreiðarsson, miðvörður. | 7 |
| Hóf sóknina sem skapaði mark Íslands og var afar öruggur á boltanum. Verður lítið við hann sakast vegna marka Skotanna. | |
| Kristján Örn Sigurðsson, miðvörður. | 7 |
| Sem fyrr einn traustasti leikmaður íslenska landsliðsins. Gerði fáein mistök í síðari hálfleik sem reyndust þó ekki dýrkeypt. | |
| Bjarni Ólafur Eiríksson, vinstri bakvörður. | 3 |
| Átti ekki góðan dag. Fyrra mark Skota skrifast alfarið á hann. Hornspyrnan sem gaf Skotum síðara markið var svo hálfgerð gjöf frá Bjarna þó svo að dómurinn hafi verið rangur. | |
| Aron Einar Gunnarsson, tengiliður. | 4 |
| Barðist eins og ljón allan leikinn og ekkert hægt að kvarta undan því. Átti þó gríðarlega erfitt með að skila af sér boltanum og kom lítið sem ekkert út úr hans spili. | |
| Helgi Valur Daníelsson, tengiliður. | 7 |
| Einn besti maður íslenska liðsins. Var afar duglegur að sinna sínu og átti í fullu tré við þá Darren Fletcher og Scott Brown og rúmlega það. | |
| Pálmi Rafn Pálmason, hægri kantmaður. | 6 |
| Sýndi glæsilega takta í marki Íslands en missti Steven Fletcher fram hjá sér í síðara marki Skotanna. Átti erfitt uppdráttar í varnarleiknum þegar á heildina er litið. | |
| Indriði Sigurðsson, vinstri kantmaður. | 6 |
| Markaskorari Íslands en annars stafaði lítil hætta af honum í íslenska sóknarleiknum. Var afar upptekinn við að aðstoða Bjarna Ólaf í varnarskyldunni. | |
| Eiður Smári Guðjohnsen, vinstri kantmaður. | 6 |
| Átti slakan fyrri hálfleik. Lifnaði yfir honum eftir markið en það stóð stutt yfir. Hann er hættulegasti leikmaður íslenska liðsins á pappírnum en það skapaðist lítil hætta í kringum hann í gær fyrr en undir lokin. Fékk litla hjálp frá félögum sínum. | |
| Arnór Smárason, framherji. | 6 |
| Besti maður Íslands í fyrri hálfleik. Kappsfullur en gaf ódýrar aukaspyrnur. Var næstum búinn að gefa Skotum þriðja markið sitt í leiknum. | |

**VARAMENN:**

| | |
|---|---|
| Eggert Gunnþór Jónsson, kom inn á fyrir Aron Einar Gunnarsson á 70. mínútu. | 7 |
| Sýndi nokkuð lipra takta og nýtti sínar mínútur ágætlega. | |
| Ármann Smári Björnsson kom inn á fyrir Indriða Sigurðsson á 81. mínútu. | - |

Ólafur Jóhannesson var ánægður með frammistöðu íslenska liðsins í gær:

# Gekk ágætlega en vantaði stigin

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari lofaði frammistöðu sinna manna í íslenska landsliðinu eftir leikinn gegn Skotum í gær. Ísland tapaði leiknum, 2-1.

„Ég er mjög ánægður með frammistöðu leikmannanna en auðvitað spældur yfir því að hafa tapað leiknum," sagði Ólafur og bætti við að sín áætlun fyrir leikinn hefði gengið að mestu upp.

„Við vissum að þeir kæmu vitlausir til leiks til þess að reyna að ganga frá okkur sem allra fyrst. Við lögðum upp með að halda þeim frá okkur fyrstu 20 mínúturnar og fyrst þá þora að halda boltanum og skapa spil. Það gekk ágætlega. Við gáfum ekki mörg færi á okkur í þessum leik. En niðurstaðan er þó engin stig."

Hann sagði það eðlilegt að mörk væru skoruð eftir mistök leikmanna. „Ef ekki væru gerð mistök í knattspyrnu gætum við tekið mörkin og hent þeim út af vellinum. Auðvitað verða alltaf mistök gerð og auðvitað er það alltaf svekkjandi."

Hann sagði heildarframmistöðu leikmanna góða. „Í fyrri hálfleik vorum við dálítið ragir á boltann en mér fannst við þó vinna okkur vel inn í leikinn og spila ágætlega."



**SIGURMARKIÐ** Steven Fletcher stangar hér boltann í netið fram hjá Gunnleifi í markinu. NORDIC PHOTOS/AFP

Aðspurður sagðist hann ánægður með frammistöðu Bjarna Ólafs Eiríkssonar. „Ég var ekki óánægður með hann. Hann spilaði fínan leik og það var í góðu lagi með hann."

- esá



# RISA
## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU
# MARKAÐUR

Opnum í dag 2. apríl í
**Norðlingaholtinu**
gamla Mest húsinu

**MIKIÐ ÚRVAL AF VOR- OG SUMARVÖRUM**

## Opnunartími

Opnunardagur 12 - 20

Alla aðra daga 12 - 18




Útsöluvörur frá

Kaupfélagið · skór.is · STEINAR WAAGE · ecco · BLEND · CRUSER

PUMA · NIKE · adidas · VAGABOND · SKECHERS · Rbk

> **Candice Bergen**

„Það var ekki fyrr en eftir að ég varð fertug að mér fóru að bjóðast virkilega góð hlutverk. Þá var eins og aðrar leikkonur jafnaldra mér hefðu yfirgefið bransann."

Bergen leikur lögfræðinginn Shirley Schmidt í þættinum Boston Legal sem sýndur er á SkjáEinum í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR HLÆR SIG MÁTTLAUSA

# Litla Bretland í stóru Ameríku

Stóri og langi Bretinn og litli og feiti Bretinn eru komnir aftur. Núna gera þeir stólpagrín að Bandaríkjamönnum en þó eins og alltaf mest grín að sjálfum sér og Bretum.

Þriðjudagskvöldin á Stöð tvö eru nú frátekin á mínu heimili enda koma þeir þá á skjáinn grínararnir Matt Lucas og David Walliams í þætti sínum Little Britain USA. Þetta er fjórða sería þessara grínþátta sem byrjuðu sem útvarpsþættir á BBC en fyrsta serían kom í sjónvarp árið 2003.

Hinir nýju þættir sem gerast í Bandaríkjunum eru oft á tíðum svæsnir og hef ég oftar en einu sinni hugleitt hvernig þeir falli í kramið hjá heimamönnum, sem stundum eru þekktir fyrir tepruskap. Lucas og Walliams eru hins vegar ekkert að skafa utan af hlutunum í gríninu og typpi, píkur og brjóst eru þar ekkert feimnismál.



Margar persónur þáttanna hafa unnið hug og hjörtu áhorfenda. Þar má nefna hinn ofursamkynhneigða forsætisráðherra Breta sem sífellt reynir að vinna hjarta bandaríska forsetans, hina akfeitu Bubbles DeVere sem telur sig kynþokkafyllri en J-Lo og vandræðaunglinginn Vicky Pollard sem ávallt hefur svar á reiðum höndum. Þá má ekki gleyma eina hommanum í heiminum, honum Daffyd Thomas, Carol Beer með hið fræga tilsvar „Computer says no" og Marjorie Dawes sem „hjálpar" fólki að grennast meðan hún sjálf treður í sig köku.

Að öðrum ólöstuðum eru það þó félagarnir Lou Todd og Andy Pipkin sem eru langfyndnastir í mínum huga. Hugmyndin um mann sem getur verið svo latur og sjálfhverfur að hann geri sér upp lömun svo vinur hans þurfi að ýta honum á milli staða í hjólastól er snilldarleg.

## FIMMTUDAGUR



▶ **20.00 Yes** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 The Office** SKJÁREINN



▶ **20.55 The Mentalist** STÖÐ 2



▶ **22.00 Gossip Girl** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Nýgræðingar (Scrubs VI)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Landamæra-Masha**
**17.45 Sprikla** (1:6)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Dansað á fákspori**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Höfuðið heim** (The Man Who Lost His Head) (2:2) Martin Clunes leikur hér fremur teprulegan safnvörð, Ian Bennet að nafni. Líf hans fer allt úr skorðum þegar hann er sendur yfir þveran hnöttinn til að kanna aðstæður í litlu maóríasamfélagi sem hefur farið fram á að fá aftur í sína vörslu útskorið höfðingjahöfuð.
**21.05 Myndbréf frá Evrópu** (Billedbrev fra Europa) Í þessum stuttu norsku þáttum er brugðið upp svipmyndum frá nokkrum stöðum í Evrópu og sagt frá helstu kennileitum þar.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives V) Vinsæl bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
**22.00 Tíufréttir**
▶**22.20 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í.
**22.45 Sommer** (Sommer) (17:20) (e)
**23.45 Kastljós** (e)
**00.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Life Support**
**10.00 Johnny Dangerously**
**12.00 Home Alone**
**14.00 Life Support**
**16.00 Johnny Dangerously**
**18.00 Home Alone**
▶**20.00 Yes** Dramatísk mynd um konu sem er föst í ástlausu hjónabandi og ákveður að upplifa rómantískt ástarævintýri með ókunnugum manni.
**22.00 Rocky Balboa**
**00.00 Longford**
**02.00 Palindromes**
**04.00 Rocky Balboa**
**06.00 Murderball**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Bratz og Stóra teiknimyndastundin.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.35 La Fea Más Bella** (286:300)
**10.20 Sisters** (19:28)
**11.05 Burn Notice** (2:13)
**11.50 Life Begins** (6:6)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (159:260)
**13.25 Wings of Love** (39:120)
**14.10 Wings of Love** (40:120)
**14.55 Ally McBeal** (19:24)
**15.40 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.03 Háheimar**
**16.23 A.T.O.M.**
**16.43 Bratz**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (9:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.05 Veður**
**19.10 Markaðurinn með Birni Inga**
**19.40 The Simpsons** (8:20)
**20.05 The Amazing Race** (12:13) Hér mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi.
▶**20.55 The Mentalist** (8:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**21.40 Twenty Four** (10:24) Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er sá eini sem er fær um að bjarga málunum.
**22.25 The World Is Not Enough** Olíukóngur ferst í sprengingu og lætur eftir sig mikil auðæfi sem renna til dóttur hans. Óttast er um líf stúlkunnar og James Bond tekur að sér að gæta hennar.
**00.30 Damages** (5:13)
**01.10 14 Hours**
**02.35 Mar adentro**
**04.35 The Mentalist** (8:23)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Skotland - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**14.20 PGA Tour 2009 - Hápunktar** Sýnt frá hápunktunum á PGA-mótaröðinni í golfi.
**15.15 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**15.40 England - Úkraína** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**17.20 Brasilía - Perú** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**19.00 Skotland - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM.
**21.00 F1: Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem sérfræðingar hita upp fyrir komandi keppni.
**21.30 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**22.00 Grindavík - Snæfell** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**00.10 F1: Við rásmarkið**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.20 Hull City - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 PL Classic Matches** Barnsley - Chelsea, 1997. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**19.30 PL Classic Matches** Man. United - Newcastle, 2002.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 Goals of the Season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**21.25 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**22.25 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**22.55 WBA - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (3:10) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (3:10) (e)
**12.50 Óstöðvandi tónlist**
**18.10 Rachael Ray**
**18.55 The Game** (4:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í amerísk fótboltanum.
**19.20 Game Tíví** (9:15) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Rules of Engagement** (14:15) Bandarísk gamansería um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini.
▶**20.30 The Office** (12:19) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Michael lendir milli steins og sleggju þegar Jan fer í mál við Dunder Mifflin og kallar á Michael sem vitni.
**21.00 Boston Legal** (5:13) Bandarísk þáttaröð um sérvitra lögfræðinga í Boston. Alan Shore og Shirley Schmidt berjast við bandaríska herinn fyrir mann sem missti bróður sinn vegna vanrækslu á hersjúkrahúsi.
**21.50 Law & Order: Criminal Intent** (2:22) Logan er búinn að fá nýjan félaga og fyrsta verkefnið er að rannsaka morð á umdeildum lækni. Í fyrstu virðist morðið tengjast vinnu hans en við nánari skoðun fellur grunur á fjölskyldumeðlimi. Meðal þeirra grunuðu er sonur læknisins, bróðir hans og frændi sem hann vissi ekki af.
**22.40 Jay Leno**
**23.30 America's Next Top Model** (e)
**00.20 Painkiller Jane** (7:22) (e)
**01.10 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Neytendavaktin** Í umsjón Ragnhildar Guðjónsdóttur.
**21.30 HH** Þáttur um ungt fólk í umsjá Hins hússins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# RÝMINGARSALA !

Hágæða flott föt á krakka á öllum aldri frá Lego, Color Kids, Grunt og fleiri toppmerkjum. einstakt tækifæri til að gera góð kaup.

LEGO Verslunin Legóföt

Skútuvogi 11
opið virka daga 12-18,
laugardaga 11-16

**Síðustu dagar, enn betri verð.**

**Allar vörur með 80% afslætti**

**Síðasti opnunardagur Laugardaginn 4 apríl.**

LEGO wear COLOR KIDS GRUNT

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.35**

**24**

Sjöunda þáttaröðin af einum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2 frá upphafi. Þegar Jack Bauer sneri aftur frá Afríku, þar sem hann starfaði sem trúboði og málaliði, var hann gómaður og dreginn fyrir rétt. CTU hafði verið lagt niður og nýr forseti var tekinn við völdum í Bandaríkjunum og áhrif hans í æðstu valdastöðum því dvínandi. Ný ógn steðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Bauer er að sjálfsögðu sá eini sem er fær um að bjarga málunum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Markaðurinn með Birni Inga

**Stöð 2 kl. 19.10**

Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP Banka, verður gestur Björns Inga Hrafnssonar í Markaðnum í kvöld. Margeir hefur rekið banka sinn með hagnaði í ólgusjó heimskreppunnar og vakti þjóðarathygli á dögunum er hann keypti útibúanet SPRON og Netbankann og tilkynnti um leið að hann ætlaði sér í samkeppni við bankakerfið, sem er aftur orðið ríkisvætt. Margeir fjallar einnig um ástæður efnahagshrunsins og stöðu gjaldeyrismála og spáir í framtíðina.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Andrarímur
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Gullmolar úr hljóðritasafninu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.18** Útvarpsperlur: Innganga Íslands í Atlantshafsbandalagið
**23.30** Kvöldtónar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (158:260)
**16.30 Hollyoaks** (159:260)
**17.00 Seinfeld** (2:22)
**17.30 Lucky Louie** (11:13)
**18.00 Skins** (6:9)
**19.00 Hollyoaks** (158:260)
**19.30 Hollyoaks** (159:260)
**20.00 Seinfeld** (2:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.

**20.30 24: Redemption** Kvikmynd í fullri lengd sem brúar bilið á milli sjöttu og sjöundu þáttaraðar. Bauer er kominn til Afríkuríkisins Sangala þar sem hann starfar sem trúboði og málaliði ásamt félaga sínum. Ríkinu er stjórnað af miskunnarlausum stríðsherrum sem manna heri sína með ungum og varnarlausum börnum. Þegar þeir ætla að ná í börn sem eru undir verndarvæng Bauers getur hann að sjálfsögðu ekki horft upp á það aðgerðarlaus.

▶**22.00 Gossip Girl** (9:25) Þættir sem eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**22.45 Grey's Anatomy** (18:24) Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.

**23.30 Idol stjörnuleit** (7:14)
**01.10 Skins** (6:9)
**02.10 Lucky Louie** (11:13)
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.10** Dalziel and Pascoe **11.55** My Hero **12.25** The Weakest Link **13.10** EastEnders **13.40** My Hero **14.10** Blackadder Goes Forth **14.40** The Weakest Link **15.25** Dalziel and Pascoe **16.10** Dalziel and Pascoe **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder Goes Forth **19.10** Waking the Dead **20.00** Waking the Dead **20.50** Blackadder Goes Forth **21.20** My Hero **21.50** Waking the Dead **22.40** Waking the Dead **23.30** Dalziel and Pascoe **00.15** The State Within

## DR 1

**11.05** Aftenshowet med Vejret **11.30** Mission. Baby **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.40** S, P eller K **13.50** Boogie Update **14.20** S, P eller K **14.30** Mille **15.00** Lloyd i Rummet **15.25** F for Får **15.30** Fandango **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Min italienske drøm **19.00** TV Avisen **19.25** Jersild Live **19.50** SportNyt **21.30** Sugar Rush **21.55** Sugar Rush **22.20** Backstage **22.50** Naruto Uncut **23.15** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Slipp naboene løs **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** I sørhellinga **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Barne-tv **16.05** Fritt fram **16.35** Suppeopera **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Folk. Bergensbanen opnar igjen og igjen og igjen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Stieg Larsson og millennium-millionane **20.30** Folk i farta **21.00** Kveldsnytt **21.15** Urix **21.45** Kan ikkje lese, kan ikkje skrive **22.30** Spooks **23.25** Kulturnytt

## SVT 1

**11.05** Andra Avenyn **12.15** Fråga doktorn **13.00** Vem tror du att du är? **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Mäklarna **15.25** Mat och grönt på Friland **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Antikrundan **19.00** Plus **19.30** På liv och död **20.00** Debatt **20.45** Kulturnyheterna **21.00** Uppdrag Granskning **22.00** Packat & klart **22.30** Tonårsliv **23.00** Sändningar från SVT24



## MORGUNMATURINN



*„Best finnst mér að rista mér brauð og fá mér cappuccino og appelsínusafa með. Þó fæ ég mér oftar hafragraut."*

Tinna Gunnarsdóttir iðnhönnuður

# Átta þúsund mótmæla ákvörðun RÚV

„Ég hef fullan skilning á þeirra reiði en ég vona líka að þeir sýni okkar aðstæðum skilning. Við vissum það, þegar ráðist var í þennan niðurskurð, að þetta myndi lenda á einhverjum og því miður bitnar þetta á þeim núna," segir Páll Magnússon útvarpstjóri. Honum þykir miður að geta ekki sýnt beint frá Söngkeppni framhaldsskólanna en bætir því við að menntskælingar séu ekki þeir einu sem þurfi að horfa á eftir uppáhaldi sínu. „Íþróttahreyfingin hefur líka orðið fyrir barðinu á þessum niðurskurði enda höfum við þurft að draga mikið úr dýrum, beinum útsendingum."

Ekki hafði enn verið ákveðið hvort söngkeppnin verður tekin upp þegar Fréttablaðið hafði samband við Þórhall Gunnarsson, dagskrárstjóra RÚV.

Tæplega átta þúsund hafa skráð sig á Facebook-síðuna þar sem skorað er á RÚV að sýna beint frá Söngkeppni framhaldsskólanna. Fyrrverandi framkvæmdastjóri Samtaka íslenskra framhaldsskólanema, Ásgeir Guðmundsson, skrifaði menntamálaráðherra meðal annars bréf þar sem hann hvatti hana til að leggja sitt á vogarskálarnar og fá þessari ákvörðun breytt. „Ég trúi því að þú látir ekki við sitja, talir máli unga fólksins og komir Söngkeppni framhaldsskólanna í sjónvarpið á ný. Valdið er nú loksins í þínum höndum þó mögulega óbeint í þessu tilviki en varla situr þú hjá og þegir," skrifar Ágúst í bréfi sem einnig var sent á fjölmiðla.

Fjölmargir hafa lýst yfir óánægju sinni í athugasemdakerfi Facebook-síðunnar. „Ég er löngu búin með framhaldsskólann en er alveg sammála um að þessi keppni eigi að vera á RÚV – nóg er fyrir eldri kynslóðina. Skemmtileg keppni sem ég horfi alltaf á," skrifar Elísabet Guðjónsdóttir á Facebook-síðuna í gær.

- fgg



**UNDIR ÞRÝSTINGI** Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, og Páll Magnússon sjónvarpsstjóri eru ekki vinsælustu mennirnir í framhaldsskólum landsins eftir að RÚV ákvað að skera niður útsendingu frá Söngkeppni framhaldsskólanna.



**LÁRÉTT**
**2.** gól, **6.** frá, **8.** kk nafn, **9.** gaul, **11.** þófi, **12.** iðja, **14.** snjóhrúga, **16.** tveir eins, **17.** sigti, **18.** pípa, **20.** skst., **21.** ármynni.

**LÓÐRÉTT**
**1.** dægurs, **3.** samtök, **4.** goðsagnavera, **5.** gljúfur, **7.** skemill, **10.** yfirbreiðsla, **13.** fljótfærni, **15.** land í asíu, **16.** knæpa, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gagg, **6.** af, **8.** ari, **9.** gól, **11.** il, **12.** starf, **14.** skafl, **16.** kk, **17.** sía, **18.** rör, **20.** no, **21.** árós.

**LÓÐRÉTT: 1.** dags, **3.** aa, **4.** griffín, **5.** gil, **7.** fótskör, **10.** lak, **13.** ras, **15.** laos, **16.** krá, **19.** ró.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Tómas Tómasson, eigandi Hamborgarabúllunnar.
2. Birgir Ármannsson.
3. Kvenfélagasamband Íslands.



íslensk hönnun og handverk
fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454 | www.fridaskart.is


**SVERRIR ÞÓR:** GÆTI LIFAÐ LENGUR EN AUDDI Á BAK VIÐ LÁS OG SLÁ

# Sveppi settur í einangrunarklefa á Litla-Hrauni

„Þetta var kannski of lítill tími til að finna það á eigin skinni hvernig það er að vera fangi en þetta er samt ekki eitthvað sem ég myndi vilja prófa," segir sjónvarpsmaðurinn Sverrir Þór Sverrisson. Hann fór ásamt samstarfsfélaga sínum Auðuni Blöndal á Litla-Hraun og kynnti sér hvernig lífið gengur sinn vanagang á bak við lás og slá. „Ég hafði ekki séð fangaklefa áður og þetta var óneitanlega mjög sérstök upplifun. Ég held samt að ég myndi frekar þola þetta en Auðunn," bætir Sverrir við.

Sverrir og Auðunn fóru um fangelsið í fylgd myndavéla og tóku upp hálfgert „Innlit/Útlit"-innslag um vistarverur fanganna. Sverrir lét meira að segja loka sig inni í einangrunarklefa og fór í sturtu, svo eitthvað sé nefnt. Hann segir að lífið á Litla-Hrauni sé töluvert frábrugðið því sem hann hafði gert sér í hugarlund. „Maður er kannski eins og flestir aðrir, heldur að fangelsið sé eitthvað í líkingu við Shawshank eða Prison Break og sumar spurningarnar urðu kannski svolítið barnalegar fyrir vikið," segir Sveppi og hlær. Jafnframt var blásið til knattspyrnuleiks þar sem hið víðfræga knattspyrnulið Litla-Hrauns, Hrottarnir, atti kappi við þjóðþekkta fjölmiðlamenn. Sverrir segir að þeir hafi verið ágætlega mannaðir en vill lítið gefa upp um úrslit leiksins, þau eigi þó eftir að koma á óvart. „Við vorum með nokkra góða og aðra ekki eins góða," segir Sverrir en í síðarnefnda hópnum nefnir Sverrir sérstaklega Loga Bergmann Eiðsson. „Hann er stór og sterkur en hefði mátt vera duglegri að mæta á æfingar þar sem boltameðferðin var lögð til grundvallar." Af öðrum í sjónvarpsliðinu má nefna Þorstein J. Vilhjálmsson, Ara Edwald og Atla Albertsson. Auk Auðuns og Sverris. „Auðunn er mikill keppnismaður og þolir ekki að tapa, hann gleymdi þess vegna stundum við hvorja hann var að spila."

En ferðin var ekki eingöngu grín og glens enda segir Sverrir að ekki megi gleyma því að menn eru á Litla-Hrauni af einhverri ástæðu. „Þetta eru auðvitað dæmdir menn og þó svo að menn geti verið léttir á því er það nú samt alltaf þannig að klefunum er lokað klukkan tíu á kvöldin," útskýrir Sverrir en meðal viðmælenda í þættinum á föstudagskvöld er maður sem hefur setið inni í tíu ár. „Hann er að losna bráðum og sagði okkur frá dvöl sinni á Litla-Hrauni, hann kemur ekki fram undir nafni enda er hann að hefja nýtt líf."

freyrgigja@frettabladid.is





**Á LITLA-HRAUNI**

**Sveppi** og **Auddi** kíktu á Litla-Hraun í vikunni, gerðu „Innlit/Útlit"-úttekt á vistarverunum og spiluðu fótbolta við Hrottana, knattspyrnufélag fangelsins. Þá tóku þeir viðtal við mann sem hefur setið inni í tíu ár en er að losna á næstu dögum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Að vanda reyndu fjölmiðlar að gabba landsmenn í tilefni 1. apríl. Óvíst er þó hvort baksíðufrétt DV fellur í þann flokk, en þar var greint frá því að enn væri allt á huldu um hver myndi hanna kjól **Jóhönnu Guðrúnar**, Eurovision-fara okkar Íslendinga. Töluvert er síðan Fréttablaðið greindi frá því að Margrét Einarsdóttir og hönnunartvíeykið Andersen & Lauth myndu hanna kjólinn en hann er handsaumaður á Indlandi og verður ævintýralegur eins og Margrét lýsti honum í Fréttablaðinu.



Og áfram með aprílgöbbin. Snorri Ásmundsson lét sitt ekki eftir liggja í þeim efnum. Hann keypti auglýsingu í Fréttablaðinu þar sem hann var klæddur upp eins og Karl Berndsen úr þætti Skjáseins, Nýtt útlit, og auglýsti keppni í snyrtingu og öðrum útlitsþrautum. Einhverjir bitu þó á agnið og meðal þeirra var hinn nýi Eyjubloggari, fjölmiðlamaðurinn **Páll Ásgeir Ásgeirsson**, sem furðaði sig á því að hægt væri að keppa í svona útlitskeppnum.

Eitt undarlegasta málið sem rak á fjörur fjölmiðla var þó án nokkurs vafa bréf sem barst frá fjöllistamanninum **Curver**. Það leit í fyrstu út fyrir að vera aprílgabb en er það þó að líkindum ekki. Curver vænir Atla skemmtanalöggu, Óla Geir Jónsson og viðburðafyrirtækið Agent.is um þjófnað á fyrirbæri sem hann og DJ Kiki-OW hafa staðið fyrir undanfarin ár undir heitinu „90's kvöld". Atli og Óli Geir hafa að sögn Curvers verið að bóka „90's" kvöld út um allt og það þykir honum miður enda sé þetta hugarsmíð hans og Kiki.



- fgg


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




TEPPI Á STIGAGANGINN
Stepp
GÓLFEFNI ÞEKKING ÞJÓNUSTA
Grafika 2008
Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is


# Haukur Ingi snýr aftur á Anfield

„Það verður gaman að koma á fornar slóðir," segir knattspyrnukappinn Haukur Ingi Guðnason sem snýr aftur á sinn gamla heimavöll Anfield Road um páskana til að sjá fyrrum félaga sína í Liverpool taka á móti Blackburn. Kærastan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir verður með í för.

„Ég hef alltaf ætlað að reyna að fara reglulega og halda sambandi við liðið en ég hef ekki sjálfur komist í tæp þrjú ár. Hún hefur ekki farið síðan ég flutti heim 2001, þannig að það verður gaman fyrir hana að koma," segir Haukur Ingi. „Borgin er mjög breytt. Hún var menningarborg Evrópu í fyrra og miðbærinn er gjörbreyttur."

Margt hefur einnig breyst í leikmannahópi Liverpool síðan Haukur var í liðinu. „Maður fer eflaust niður að hitta strákana eftir leik en það eru ekki margir eftir síðan ég var þarna, bara Hyypia, Gerrard og Carragher. Síðan er allt fólkið í kringum þetta sem er þarna ennþá sem verður gaman að hitta líka."

Liverpool er í öðru sæti ensku úrvalsdeildarinnar, aðeins einu stigi á eftir Manchester United og vonast Haukur að sjálfsögðu eftir fyrsta meistaratitli liðsins síðan 1990. „Maður hefur ekki verið svona jákvæður í ansi mörg ár. Það er einhver stemning yfir þeim sem er mjög jákvæð en það er rosalega erfitt að segja. United eru ansi sterkir og eru ennþá með þetta í hendi sér. Þetta er svolítið undir United komið hvort þeir fara að misstíga sig meira."

- fb



**HAUKUR OG RAGNHILDUR** Haukur Ingi og Ragnhildur Steinunn sjá Liverpool taka á móti Blackburn á Anfield Road um páskana.

**STEVEN GERRARD** Haukur ætlar að hitta Steve Gerrard, fyrirliða Liverpool, eftir leikinn.

# OUTLET CENTER





**FLÍSPEYSA**
Verð áður: 1990-,
Verð aðeins: 990,-

**SPINAIR STUTTERMA-BOLIR HERRA**
Verð áður: 690,-
Verð aðeins: 499,-

**HETTUPEYSUR DÖMU OG HERRA**
St:xxs-l
Verð áður: 2.490,-
Verð aðeins: 990,-

**LEVI'S GALLABUXUR DÖMU**
Verð áður: 1.990,-
Verð aðeins: 990,-

**BEE&BEE BUXUR**
St:36-56
Verð áður: 2.990,-
Verð aðeins: 990,-

**10.000 VÖRUR Á 99,-**

KLINKIÐ
LÁGVÖRUMARKAÐUR
...ótrúleg verð

**OPNUM EINNIG NÝJA VERSLUN KLINKIÐ 3. APRÍL VERÐ FRÁ 99,-**

## MIKIÐ ÚRVAL AF SKÓM Á **FRÁBÆRU VERÐI.**



2.999-



1.999-



999,-



1.999-



2.999-

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA $11^{00}$- $18^{00}$ LAUGARDAGA $11^{00}$- $18^{00}$ SUNNUDAGA $12^{00}$ - $17^{00}$

**OUTLET CENTER • FAXAFEN 8 • SÍMI 534 4450**

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

**LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS**
**- félag laganema við Háskóla Íslands**

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## *Halló Tortóla, hér kem ég!*

Ég er að spá í að skella mér í sólina á Tortóla um páskana. Ég hef heyrt svo margt fallegt um þessa hitabeltisparadís. Eyjan er 55,7 ferkílómetrar að stærð, rúmlega fjórum sinnum stærri en Heimaey. Þarna búa 24 þúsund manns, aðalbærinn heitir Road Town með um tíu þúsund hræðum.

**TORTÓLA** er stærsta eyja Bresku Jómfrúreyjanna. Samtals er búið á fimmtán þeirra svo kannski maður skryppi í siglingu til næstu eyja. Samt ekki til Necker-eyju sem Richard Branson á. Hann yrði örugglega brjálaður ef maður mætti bara óboðinn. Samt gæti maður kannski röflað sig út úr því. Logið að maður væri aðdáandi Tubular Bells og svona.

**EINS** og gefur að skilja er þetta nokkuð ferðalag. Þrjú flug. Fyrst til New York, þaðan til Púertó Ríkó, sem er næsta verulega stóra eyja, og svo loks til Beef-eyju þar sem flugvöllurinn er. Beef-eyja er tengd við Tortólu með Queen Elizabeth II brúnni. Flugið frá Íslandi tekur hálfan sólarhring og maður væri mættur ferskur í sólina á skírdagsmorgun. Kostar ekki nema rúmlega hundrað þúsund kall báðar leiðir.

**ÞAÐ** er auðvitað gullfallegt þarna. Allt vaðandi í ljósbrúnum sandströndum, sól og pálmatrjám. Allt fljótandi í áfengi. Bjór og sætum kokkteilum en þó aðallega rommi. Maður myndi ekki skorast undan í þeim efnum. Byrjaði kannski á Le Cabanon barnum, eða „The Cab“ eins og innfæddir kalla pleisið, þaðan á Bomba Shack og endaði auðvitað í Leðurblökuhellinum, The Bat Cave, sem eins og allir vita er heitasti næturklúbburinn á Tortólu.

**ÞAÐ** er fullt hægt að dedúa á Tortólu. Maður tæki þynnkuna úr sér með heimsókn í Callwood-rommverksmiðjuna. Hæsta fjallið á öllum Jómfrúreyjum er þarna, heitir Sage og er 530 metra hátt. Margar gönguleiðir upp á topp. Dolphin Discovery fyrirtækið er með eitt af sjö útibúum sínum þarna. Það starfrækir aðstöðu til að gera fólki kleift að synda með höfrungum. Margir vilja meina að það sé alveg meiriháttar. Ég léti auðvitað reyna á það.

**SVO** kíkti maður á skrifstofuna hjá Opal Global. Það er alltaf gaman að hitta landa sína í útlöndum, sérstaklega duglega menn sem hafa notað íslenskt skattfé til að styrkja innviði glæsilegra partíeyja. Svo bara aftur á „The Cab“ í meira stuð. Skál!



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 2. apríl, 92. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.42 | 13.31 | 20.22 |
| Akureyri | 6.23 | 13.16 | 20.11 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

# Flottar fermingargjafir í Sense Center Kringlunni

Glæsilegt úrval af myndavélum, linsum, vídeóvélum, prenturum, fjölnota prenturum, skönnum, blekhylkjum, ljósmyndapappír og aukahlutum.



**Canon EOS 1000D m/ EF-S 18-55 3.5-5.6 linsu**
Leiðin að þinni sköpun - Verðlaunuð af EISA
- 10.1 megapixla CMOS sensor.
- Þrír rammar á sekúndu í samfelldri myndatöku.
- 7 punkta fókuskerfi.
- Innbyggt Canon rykhreinsikerfi.
- 2.5" LCD skjár með Live View.
- DIGIC III örgjörvi tryggir viðbrögð og myndgæði.
- EF-S 18-55 3.5-5.6 linsa fylgir með.

**Verð aðeins 94.900 kr.**



**Bose SoundDock**
Fágað og nýtískulegt hljómtæki sem er sérstaklega hannað fyrir iPod
- Frábær hljómgæði.
- Hleður iPodinn.
- Fjarstýring fylgir.

**Verð áður 69.900 kr.**
**Tilboð 49.900 kr.**



**Bose around-ear heyrnartól**
Alvöru hljómgæði hvar og hvenær sem þér hentar
- Dýpra og tærara hljóð með TriPort tækninni.
- Hönnuð til að veita hámarks þægindi.
- Taska fylgir til að veita heyrnartólunum vernd í ferðalögum.

**Verð áður 24.900 kr.**
**Tilboð 19.900 kr.**



**Canon PowerShot E1 & taska**
Glæsileg fermingargjöf fyrir stelpurnar
- 10.0 megapixla sensor - Hægt að prenta út A3+.
- 4x optical aðdráttur m/ Image Stabilizer (hristivörn).
- DIGIC III örgjörvinn dregur úr suði og veitir hraða.
- Face Detection & Red-Eye Correction tækni.
- 17 tökustillingar, sbr. Black, White og Sepia.
- Motion Detection tækni segir bless við blörr.
- 2.5" LCD skjár & VGA upptaka & AA rafhlöður.

**Verð áður 38.890 kr. Tilboð 29.900 kr.**



**Canon PIXMA iP2600 prentari**
Fyrir skóla- og heimaverkefni & vefútprentanir
- Canon FINE prenthaus & 2 píkólítra dropastærð.
- 4800x1200dpi prentupplausn.
- Auto Image Fix lagar myndirnar sjálfvirkt.
- Easy-Photo Print EX hugbúnaður fylgir með.
- ChromaLife 100 og myndir endast í allt að 100 ár.
- Prentar 22 bls. á mín. í sv. / 17 bls. á mín. í lit.
- Hagkvæmur í rekstri - auðvelt að skipta um hylki.

**Verð aðeins 10.900 kr.**



**Lenovo IdeaPad S10e**
Smávaxin snilld sem hefur farið sigurför um heiminn
- Vegur aðeins 1,2kg.
- 160 GB diskur.
- 10,1" skjár.
- Innbyggð vefmyndavél.

**Verð 89.900 kr.**

Canon lenovo BOSE

sense center
Kringlunni 4-12 • s: 585 3815